FJÓLA MARÍA ÁGÚSTSDÓTTIR

Hefur æft hinar ýmsu íþróttagreinar

• heilsa • jól

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

LH HESTAR

Ísland í aðalhlutverki í Stokkhólmi

Sérblað frá Landssambandi hestamanna

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. desember 2007 — 344. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Uppeldi 20 ára

Uppeldi er tímarit fyrir venjulegt fólk sem bisar við venjulega hluti eins og kopp og bleyjur.

TÍMAMÓT 26

Erró gefur listaverk

Fimmtíu heppnir bókakaupendur fá árituð grafíkverk að gjöf frá listamanninum.

FÓLK 54

Amy í yfirheyrslur

Lögreglu í Bretlandi grunar að Amy Winehouse eigi aðild að málinu sem eiginmaður hennar situr inni fyrir.

FÓLK 42

Hermann og Margrét

KSÍ verðlaunaði besta knattspyrnufólk ársins í gær.

ÍÞRÓTTIR 48

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL EYSTRA Með morgninum verður suðvestanstormur við austurströndina en lægir í dag. Annars verða suðvestan 10-15 m/s norðvestan til, annars hægari. Stöku skúrir eða slydduél vestan til en léttir til eystra. Hiti 0-7 stig.

VEÐUR 4

Fjöldi sjúklinga deyr vegna spítalasýkinga

Þrengsli á Landspítalanum eru orðin skelfileg, að sögn lækna. Tugir Íslendinga deyja af völdum spítalasýkinga árlega. Þrengsli og aðstöðuleysi margfalda hættu á sýkingum. Nauðsynlegt að sjúklingar hafi eigin hreinlætisaðstöðu.

HEILBRIGÐISMÁL „Þrengslin á deildum spítalans í Fossvogi eru orðin eins og í hermannaskála," segir Gunnar Skúli Ármannsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir. Fjöldi Íslendinga deyr á ári hverju vegna sýkinga sem þeir fá á sjúkrastofnunum. Margir læknar sem starfa á Landspítalanum lýsa þrengslunum þar sem martraðarkenndum. Þrengsli eru einn stærsti áhættuþátturinn í spítalasýkingum.

Gunnar Skúli segir að hraust fólk þurfi almennt ekki að hafa áhyggjur. „En þeir veikustu, ósjálfbjarga fólk, eru í lífshættu ef sýking bætist við það sem þeir eiga við. Þar liggur hættan og þrengslin á spítalanum stórauka hana. Eftir því sem byggingu nýs spítala seinkar sýkjast og deyja fleiri Íslendingar að nauðsynjalausu."

Haraldur Briem sóttvarnalæknir benti á þennan vanda í grein í Læknablaðinu árið 2003. Hann segir aðstöðuleysi lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks auka hættu á sýkingum. „Það væri tekið djúpt í árinni að segja að við værum að fórna mörgum mannslífum en sýkingar geta stytt mönnum lífið sem eru illa fyrir kallaðir. Þetta er vissulega vandamál."

Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnadeildar Landspítalans, segir að frá 2003 hafi ástandið á spítalanum versnað. „Það er erfitt að lækna fólk við bestu aðstæður. En legurúmum fækkar, innlögnum fjölgar og fólkið er að eldast."

Í kjölfar greinar Haralds árið 2003 urðu umræður á Alþingi eftir fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra. Jón Kristjánsson, þáverandi heilbrigðisráðherra, sagði vandamálið stórt í svari sínu og bætti við: „Auðvitað ber okkur skylda til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir þessar sýkingar."

- shá / sjá síðu 6

Stóra Klaufamálið:

Bubbi ósáttur við RÚV

FÓLK „Þetta er skandall og til vansa fyrir Ríkisútvarpið. Að listamenn, sem kannski hafa starfað lengi í bransanum, þurfi

BUBBI MORTHENS

að mæta upp í útvarp og gefa vinnu sína í von um kynningu," segir Bubbi Morthens.

Stóra Klaufamálið er um að sent var beint frá tónleikum hljómsveitarinnar Klaufa á Rás 2. RÚV dregur borgun en samningar milli RÚV og FÍH kveða skýrt á um að tónlistarmönnum beri að fá greitt fyrir tónlistarflutning í ríkisútvarpinu. Jakob Frímann Magnússon á bókaðan fund með útvarpsstjóra á morgun þar sem leitað verður lausna á því sem tónlistarmenn almennt líta á sem algerlega óviðunandi ástand.

- jbg / sjá síðu 44

HVÖTTU TIL KVÓTANIÐURSKURÐAR Lögregla handtók grænfriðunga sem mótmæltu fyrir utan fund sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsríkjanna í Brussel í gær. 200 aðgerðarsinnar úr röðum Greenpeace-samtakanna byrgðu alla sjö innganga höfuðstöðva ESB með því að reisa múrvegg. Vildu þeir með þessu hvetja ráðherrana til að skera niður kvóta þar til fiskistofnar tækju við sér.

NORDICPHOTOS/AFP

Frumvarp fjármálaráðherra:

Hundruð milljarða skattfrjáls

VIÐSKIPTI Söluhagnaður af hlutabréfum verður skattfrjáls, verði frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á skattalögum samþykkt.

Hægt er að fresta skattlagningu af hagnaði af sölu hlutabréfa, en það verður ekki lengur hægt verði frumvarpið að lögum. Frestunin hefur haft það í för með sér að tekjur ríkisins af söluhagnaði hlutabréfa hafa verið hverfandi.

Söluhagnaðurinn í fyrra nam 336 milljörðum króna.

Skattur fyrirtækja sem hagnast á sölu hlutabréfa hefur numið átján prósentum.

- ikh / sjá síðu 13

Aukinn áhugi á fjárhættuspilum í kjölfar lögregluaðgerða á pókermóti í sumar:

Pókervarningur vinsæl gjöf í ár

PÓKER Heilmikill iðnaður er rekinn í kringum póker hér á landi og geta áhugasamir og forvitnir nálgast pókerpeninga og -spil auk fræðsluefnis í formi bóka og mynddiska hjá spilaverslununum. „Salan jókst mjög mikið í sumar og hefur haldist nokkuð stöðug síðan," segir Þórarinn St. Halldórsson hjá spilaverslun Magna á Laugaveginum. Hann hafði þó orðið var við að sala á pókervarningi hefði aukist í aðdraganda jólanna en að þá væru menn að festa kaup á dýrari hlutum, svo sem stórum pókersettum sem kosta á bilinu tuttugu til þrjátíu þúsund krónur.

Undir þetta tekur Jón Gunnlaugur Viggósson hjá verslun.is sem einnig selur pókervörur. Hann hyggst eftir áramót flytja inn sérsmíðuð pókerborð. Sindri Lúðvíksson hjá gismo.is segir að áhuginn á póker hafi aukist til muna eftir að lögreglan lét til skarar skríða gegn 150 pókerspilurum fyrr í sumar. „Þetta er bara sama bylgjan og hefur verið í gangi á hinum Norðurlöndunum," segir Sindri sem bjóst við því að hvers kyns pókervarningur yrði vinsæll í hörðu pökkunum um þessi jól. „Þeir sem hafa verið að spila hafa örugglega sett slíka hluti ofarlega á óskalistann hjá sér."

- fgg / sjá síðu 54

Sjónvarpsmiðstöðin
SÍÐUMÚLA 2 AUKABLAÐ sm.is

SPURNING DAGSINS



Séra Vigfús, heldurðu að nokkur muni mæta í kirkjuna?

„Eins og í gistihúsinu forðum vantar ávallt pláss í kirkjurnar á aðfangadagskvöld."

Aftansöng Grafarvogskirkju verður sjónvarpað beint á Stöð 2 og á vef Vísis á aðfangadagskvöld. Séra Vigfús Þór Árnason er sóknarprestur í Grafarvogskirkju.

Hafnarfjörður vill selja hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja til Orkuveitunnar:

Vilja losna við skatt af sölunni

ORKUMÁL Allir flokkar í bæjarráði Hafnarfjarðar vilja selja hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja til Orkuveitu Reykjavíkur. Ákvörðun um söluna verður tekin á fundi bæjarstjórnar í dag.

Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar og þingmaður, gerir ráð fyrir að þess verði farið á leit við efnahags- og skattanefnd Alþingis að sveitarfélagið verði undanþegið að greiða fjármagnstekjuskatt af sölunni. Gunnar situr sjálfur í nefndinni.

Hlutur Hafnarfjarðar í Hitaveitu Suðurnesja er 15,4178 prósent. Samfylkingin og Vinstri græn lögðu sameiginlega fram tillögu á fundi bæjarráðs í gær um að allt að 95 prósent hlutarins yrðu seld Orkuveitunni. Hafnarfjörður myndi svo leitast við að kaupa hlut í Orkuveitunni og gera samkomulag við OR um hugsanleg hlutafjárskipti fyrir febrúar 2008.

REYKJANESVIRKJUN Hitaveita Suðurnesja á og rekur tvö orkuver.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjálfstæðismenn í bæjarráði lögðu fram tillögu um að selja allan hlut bæjarins í Hitaveitunni. Söluandvirðið verði svo notað til að greiða niður skuldir bæjarins. Mögulegt verði í kjölfarið að lækka útsvar, fasteignagjöld og aðrar álögur á bæjarbúa.

Tillögurnar tvær verða teknar fyrir á bæjarstjórnarfundi klukkan 14 í dag. - sgj

Allt seldist í aukningu Byrs:

Stærsta stofnfjáraukning til þessa

VIÐSKIPTI Allt stofnfé seldist í stofnfjárfjáraukningu Byr sparisjóðs sem lauk á föstudag. Stofnfjárútboðið er það stærsta sem hér hefur verið haldið.

Heildarsöluverð aukningarinnar var rúmir 23,7 milljarðar króna og seldust stofnfjárbréf í grunnrétti fyrir rúma 23,3 milljarða. Meirihluti stofnfjáreigenda skráði sig fyrir viðbótarrétti og skiptast því milljónirnar 398 á milli þeirra í samræmi við eignarhlut.

Í dag fer fram stofnfjáreigendafundur í sparisjóðnum þar sem fjallað verður um tillögu um sameiningu sjóðsins við Sparisjóð Norðlendinga. - óká

Kona dæmd fyrir kynferðisbrot:

Misnotaði sofandi kynsystur

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi konu í gær til hálfs árs skilorðsbundins fangelsis fyrir kynferðisbrot gegn konu í sumarbústaðarferð sumarið 2006. Ákærða var sökuð um að hafa leitað á konuna á meðan hún svaf áfengissvefni.

Ákærða neitaði sök og sagðist eingöngu hafa spjallað við konuna og sofnað við hlið hennar. Vinkona hennar sagðist hins vegar hafa komið að og séð ákærðu með höfuðið á milli fóta konunnar. Áður hafði ákærða rætt fjálglega um kynferðislegan áhuga sinn á kvenfólki.

Konan þarf að greiða fórnarlambinu 300 þúsund krónur í miskabætur. - sgj

Ekki verður af prófmáli:

Samið í deilu um FIT-kostnað

DÓMSMÁL Samkomulag hefur náðst milli SPRON og manns, sem fór fram á það í september að fá FIT-kostnað sinn endurgreiddan. Maðurinn sagði innheimtuna ekki löglega og ætlaði með málið fyrir dómstóla sem prófmál.

Aldrei hefur mál er varðar innheimtu á FIT-kostnaði farið fyrir dómstóla. Lögmaður mannsins, Oddgeir Einarsson, segir hann sjálfan hafa samið um málið við SPRON og tilkynnt sér um það. - sgj

LÖGREGLUFRÉTTIR

29 árekstrar í borginni

29 árekstar voru tilkynntir lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í gær, flestir minniháttar. Sex bílar skullu saman á Miklubraut um sex leytið síðdegis og voru tveir fluttir á slysadeild, lítið slasaðir. Ökumaður var fluttur á slysadeild eftir óhapp á Sæbraut klukkustund síðar.

Sjálfstæðismenn eru samstiga um útrás

Geir H. Haarde forsætisráðherra segir af og frá að Sjálfstæðisflokkurinn sé hugmyndafræðilega klofinn varðandi útrás orkufyrirtækja. Landsvirkjun hefur stofnað útrásararm. REI-málið var klúður og ósamanburðarhæft, segir Geir.

ORKUMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra segir það af og frá að Sjálfstæðisflokkurinn sé hugmyndafræðilega klofinn varðandi útrás og áhættufjárfestingar orkufyrirtækja í almannaeigu. Hann segir stofnun nýs útrásararms Landsvirkjunar, Landsvirkjun Power, og fyrirhugaða útrás Orkuveitu Reykjavíkur í gegnum Reykjavík Energy Invest ekki samanburðarhæf mál.

Landsvirkjun, sem er sameignarfélag í eigu ríkisins, hefur stofnað dótturfyrirtækið Landsvirkjun Power. Um hlutafélag er að ræða sem mun taka þátt í útrásarverkefnum Landsvirkjunar í orkumálum. Starfsmenn verða á milli þrjátíu og fjörutíu í fyrstu og eigið fé félagsins verður átta milljarðar króna. Fyrirtækið mun taka til starfa um áramót. Fyrirtækinu verður kleift að taka þátt í samstarfsverkefnum í gegnum dótturfyrirtæki eins og Hydrocraft Invest, sem Landsvirkjun Power á til helminga á móti Landsbanka Íslands.

Geir segir að með stofnun Landsvirkjunar Power sé ríkisfyrirtæki að búa til umgjörð um framkvæmdir innanlands og fjárfestingar í útlöndum. „Þetta er gert með að setja upp hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð eins og eðlilegt er. Þetta er starfsemi sem Landsvirkjun hefur verið í um nokkurra ára skeið og ekkert nýtt í því. Landsvirkjun hefur frá upphafi verið í áhættusamri starfsemi því það að reisa virkjanir á Íslandi er fjarri því að vera áhættulaust.

> Þetta er gert með að setja upp hlutafélag með takmarkaðri ábyrgð eins og eðlilegt er.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Það hefur verið góð samstaða á meðal sjálfstæðismanna í gegnum árin um að fyrirtækið stæði í slíkri starfsemi."

Hvað deilur um REI varðar og vilja borgarfulltrúa flokksins um að selja hlut Orkuveitu Reykjavíkur í REI á sínum tíma, segir Geir að það sé að verulegu leyti frábrugðið mál. „Landsvirkjun stendur ein að stofnun þessa fyrirtækis. Það varð klúður í sambandi við REI þegar verið var að fá einkaaðila til samstarfs. Það misheppnaðist og fleiri atriði varðandi það mál eru ekki til staðar hvað varðar stofnun dótturfyrirtækis Landsvirkjunar nú."

Aðspurður hvort landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins í vor, þar sem aðkoma einkafyrirtækja að útrás orkufyrirtækja var talin eðlileg, geti talist hin opinbera stefna Sjálfstæðisflokksins, svarar Geir játandi. Hann segir að innan Landsvirkjunar hafi byggst upp mikil reynsla og verðmæti sem eðlilegt sé að fyrirtækið nýti sér í þágu almennings.

svavar@frettabladid.is

HÖFUÐSTÖÐVAR Landsvirkjun hefur stofnað dótturfyrirtæki sem mun sinna verkefnum á erlendri grund.

Sérsveit lögreglu kölluð til:

Umsátur í Mosfellsdal

LÖGREGLUMÁL Vopnaður maður ógnaði sambýliskonu sinni í Mosfellsdal í gærmorgun. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fékk tilkynningu snemma á níunda tímanum og var strax óskað liðsinnis sérsveitarinnar þar sem maðurinn var talinn hafa skotvopn undir höndum. Hafði maðurinn þá ráðist á konu sína en hún komist út af sjálfsdáðum. Var konan flutt á slysadeild þar sem gert var að sárum hennar. Hún var ekki alvarlega slösuð. Lögreglan sat um húsið í um eina og hálfa klukkustund en þá gafst maðurinn upp. Maðurinn var undir áhrifum eiturlyfja. - ovd

MCCAIN OG LIEBERMAN Gamlir vinir á þingi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningabaráttan í BNA:

Lieberman styður McCain

BANDARÍKIN, AP Bandarískі öldungadeildarþingmaðurinn Joseph Lieberman, sem var varaforsetaefni Demókrataflokksins árið 2000, hefur lýst yfir stuðningi við repúblikanann John McCain í kosningabaráttunni, sem nú er að ná hámarki í Bandaríkjunum.

„Ég veit að það er óvenjulegt að demókrati styðji repúblikana, en sumt er mikilvægara en stjórnmálaflokkar," sagði Lieberman. Hann nefndi þar bæði nána vináttu þeirra og svipaða afstöðu til utanríkismála. - gb

VÖNDUÐ HÚSGÖGN
SÓFASETT, HVÍLDARSÓFAR, BORÐSTOFUHÚSGÖGN, RÚM OG MARGT FLEIRA

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM Á HAGSTÆÐU VERÐI

Calia Italia Premium hvíldarsófi (Stærð: 222 sm)
Öll sætin eru með skemli. Fæst með ljósu, dökkbrúnu eða svörtu leðri
Fæst einnig sem 2ja sæta og 4ja sæta.
Verð kr. 179.900,-

OPNUNARTÍMI:
MÁN. - FÖS 11:00 - 18:00
LAUGARDAGA 11:00 -16:00
SUNNUDAGA 13:00 - 16:00

SETT

SETT EHF • ASKALIND 2A • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI: 534 1400 • WWW.SETT.IS

Tvísýnt er hvort stúlka sem missti vísifingur í Laugardalslaug heldur fingrinum:

Skilti fjarlægt eftir slys á barni

SLYS Átta ára gamalli stúlku, sem missti vísifingur hægri handar í slysi í Laugardalslaug á sunnudag, líður bærilega, en óvíst er hvort hægt verður að græða fingurinn á að nýju. Viðvörunarskiltin sem ollu slysinu hafa verið fjarlægð og sett í geymslu.

Stúlkan festi fingurinn í vírlykkju á viðvörunarskilti á bakka grunnu laugarinnar. Á sama tíma datt hún og fingurinn slitnaði af. Sundþjálfari varð vitni að atburðarrásinni og brugðust starfsmenn skjótt við.

„Okkur óraði ekki fyrir því að þetta gæti komið upp," segir Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugarinnar. „Það er ömurlegt að skilti til að varna slysum valdi slysi."

„Skiltið var haft laust þannig að það væri ekki hægt að meiða sig á því, en það var hægt að koma putta á milli," segir Logi. Segir hann að einnig hafi verið notuð skilti á sérstökum stöndum, en þau hafi átt það til að fjúka.

DÝFINGAR BANNAÐAR Með skiltinu átti að vara sundlaugargesti við hversu grunn laugin er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhann Róbertsson, bæklunarsérfræðingur, segir líðan stúlkunnar bærilega. „Það er tvísýnt með fingurinn og hefur verið allan tímann," segir Jóhann. „Það skýrist á næstu dögum hvort hún getur haldið honum." - sgj

Jólagleðji

Eyrnalokkar

Vandaðir hágæða titaníum eyrnalokkar,
hannaðir í samráði við húðlækna.

frá 1.459 kr.

2.690 kr.

Eucerin

Dagkrem, hreinsiklútar og andlitsnuddtæki.
Gjöf sem veitir þér vellíðan.

4.229 kr.

ZIRH

Snyrtitaska fyrir herra ásamt hreinsigeli, varnarkremi
og andlitsskrúbbi.

MICROLIFE Blóðþrýstingsmælir

Fyrir þá sem þurfa að fylgjast með
blóðþrýstingnum reglulega.
Hjartaheill nýtur góðs af hverjum seldum mæli.

7.845 kr.

4.519 kr.

Calvin Klein Ckin2u

100 ml ilmur og 100 ml sturtusápa.

5.599 kr.

Corduroy

Nýr herrailmur ásamt after shave.

5.789 kr.

Oliver Strelli - Eau de Parfum

Ilmur sem farið hefur sigurför um heiminn.

JÓLABÓKIN Í ÁR

Handbók um lyf á Íslandi - þarfaþing á hverju heimili.

GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM

Komdu og skoðaðu
frábært úrval af jólagjöfum.
Fallegur gjafapoki fylgir gjafavörum.

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 40051 11/07

GENGIÐ 17.12.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,54	63,84
Sterlingspund	127,85	128,47
Evra	91,1	91,6
Dönsk króna	12,205	12,277
Norsk króna	11,41	11,478
Sænsk króna	9,652	9,708
Japanskt jen	0,5605	0,5637
SDR	99,32	99,92

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
121,3286
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jarðvélar hafa enn ekki gert upp við á annan tug fyrrverandi starfsmanna:

Ólíklegt að greitt verði fyrir jól

VINNUMARKAÐUR Verktakafyrirtækið Jarðvélar hefur enn ekki greitt tólf starfsmönnum sínum laun fyrir nóvembermánuð. Þeir hafa nú flestir hætt störfum hjá fyrirtækinu. Í samtali við Fréttablaðið síðastliðinn miðvikudag sagði talsmaður Jarðvéla að greitt yrði á næstu dögum.

Ágúst Þorláksson, verkefnisstjóri hjá Eflingu, stéttarfélagi mannanna, segir að Jarðvélum hafi verið sent bréf vegna mannanna í síðustu viku. Þar hafi forsvarsmönnum félagsins verið gefinn vikufrestur til að greiða umsamin laun. Ekkert svar hefur borist, og stefnir nú í að málin fari í löginnheimtu. Ágúst segir að mönnunum gangi illa að ná í sína yfirmenn. Einn hafi lagt leið sína á skrifstofu fyrirtækisins til að freista þess að fá greitt, en þar hafi hann fengið þau svör að hann geti leitað til Eflingar. Það veki ekki miklar vonir um að greitt verði á næstunni, og því allar líkur á að mennirnir verði auralitlir um jólin.

TVÖFALDAÐ Jarðvélar vinna meðal annars að tvöföldun Reykjanesbrautar, en vinna hefur gengið hægt undanfarið.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mennirnir eiga samanlagt inni nokkrar milljónir króna hjá fyrirtækinu. Auk þess skuldar Jarðvélar orlofsgreiðslur, greiðslur í lífeyrissjóði og önnur lögbundin gjöld.

Ekki náðist í forsvarsmenn Jarðvéla við vinnslu fréttarinnar í gær.

- bj

Hálft ár liðið frá pókermóti:

Engin ákæra gefin út enn

LÖGREGLUMÁL Engin ákæra hefur verið gefin út vegna pókermóts sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði í sumar. Sex mánuðir eru liðnir frá mótinu, en til stendur að taka skýrslu af mótshaldaranum á ný.

„Ég á ekki von á öðru en að málið verði látið niður falla," segir Sindri Lúðvíksson, sem stóð fyrir mótinu. Þar lagði 151 spilari peninga í pott og stóð til að hann rynni til efstu spilara.

Lögregla skakkaði hins vegar leikinn og gerði 600 þúsund króna verðlaunafé upptækt, auk spilabúnaðar að andvirði tæplega 400 þúsund króna. - bj

SENDIBIFREIÐIN SKEMMDIST NOKKUÐ Jeppabifreið og fólksbíll skemmdust einnig. MYND/ÓSKAR

Árekstur við Seljaveg:

Þrír bílar skullu saman í Eyjum

LÖGREGLUMÁL Ökumaður sendibifreiðar slapp með skrekkinn þegar hann ók á kyrrstæða jeppabifreið við Seljaveg í Vestmannaeyjum um klukkan níu í gærmorgun. Við árekstur kastaðist jeppabifreiðin á nálægan fólksbíl og skemmdust allir bílarnir nokkuð en mest þó sendibifreiðin. Var höggið slíkt að stýri bifreiðarinnar brotnaði. Ökumaðurinn var ekki í bílbelti. Kvartaði hann undan eymslum en engin önnur slys urðu á fólki. - ovd

Bruninn í Vestmannaeyjum:

Maðurinn laus úr varðhaldi

LÖGREGLUMÁL Útlit er fyrir að kveikt hafi verið í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum en eldur kom upp í henni á föstudaginn var. Maður sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna brunans var látinn laus um miðjan dag í gær. Hann var í skýrslutöku fram að þeim tíma en játning lá ekki fyrir. Maðurinn er talinn hafa verið síðastur út úr húsinu áður en eldurinn kom upp.

Tæknimenn frá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hafa aðstoðað lögregluna í Vestmannaeyjum við rannsókn málsins. - ovd

Öryggisþjónusta ríkisins með rýmri heimildir til rannsókna

Frumvarp um íslenska öryggisþjónustu hefur þegar verið kynnt trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna. Greint yrði á milli lögreglu og öryggisþjónustu ríkisins segir dómsmálaráðherra. Öryggisþjónustan með rýmri heimildir til rannsókna en lögreglan hefur í dag. Ráðherra boðar endurkomu varaliðs lögreglu.

ÖRYGGISMÁL Frumvarp til laga um íslenska öryggisþjónustu hefur verið unnið í dómsmálaráðuneytinu, og hefur það þegar verið kynnt trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir nánari útfærslu á vinnslustigi.

Öryggisþjónustan gæti fengið víðtækari heimildir til rannsókna en lögregla hefur í dag. Lögreglan þarf að hafa rökstuddan grun um lögbrot áður en heimilt er að hefja rannsókn. Öryggisþjónusta væri ekki bundin af sömu ákvæðum, og gæti því beitt forvirkum rannsóknaraðferðum.

Björn svaraði spurningum Fréttablaðsins um málið í tölvupósti. Fram kemur í svörum hans að stofnun öryggisþjónustu sé í samræmi við ábendingar sérfræðinga Evrópusambandsins í öryggismálum, sem skiluðu stjórnvöldum skýrslu sumarið 2006.

„Hér á landi yrði farin sama leið og farin hefur verið í öllum löndum að greina á milli lögreglu og eftirgrennslanastarfsemi," segir Björn. „Þá yrði að koma á sérstöku eftirliti með slíkri eftirgrennslan, en ekki yrði farið af stað í neinar aðgerðir án afskipta dómara."

Alþjóðlegum reglum um skil milli löggæslu og stofnana sem hafa með höndum eftirgrennslan af þessu tagi verður að sjálfsögðu fylgt hér á landi, segir Björn.

Fjallað er um hlutverk öryggisþjónustunnar í skýrslu Björns til starfshóps utanríkisráðherra um hættumat við Ísland, sem gerð var opinber á laugardag.

> Hér á landi yrði farin sama leið og farin hefur verið í öllum löndum að greina á milli lögreglu og eftirgrennslanastarfsemi.
>
> **BJÖRN BJARNASON**
> DÓMSMÁLARÁÐHERRA

Í skýrslunni segir meðal annars: „Með nýrri öryggisþjónustu eða eftirgrennslanadeild yrði unnt að efla samstarf við önnur ríki um skipti á trúnaðarupplýsingum og við forvirkar rannsóknir og tryggja betur en nú er þátttöku Íslands í samstarfi Evrópusambandsins [...] í baráttu þess gegn hryðjuverkum."

Þar segir enn fremur að öryggisþjónustan muni tryggja að íslensk stjórnvöld hafi heimild í lögum til náins samstarfs við stjórnvöld og alþjóðastofnanir þar sem skipst er á trúnaðarupplýsingum.

Í skýrslu dómsmálaráðherra til starfshóps um hættumat er einnig fjallað um varalið lögreglu.

„Málið snýst um að sett verði heimild í lög að nýju um varalið lögreglu, sem var í lögum til 1997 og tekið verði fram í lögum við hvaða aðstæður unnt yrði að kalla á varalið," segir Björn.

Hann segir ekki tímabært að kynna nánari útfærslu fyrr en lagaheimild hafi verið samþykkt. Varaliðið muni hlaupa í skarð venjulegs lögregluliðs „ef því þyrfti að beita af miklum þunga". Atvik sem kalli á slíkt geti verið margs eðlis. brjann@frettabladid.is

LIÐSINNA LÖGREGLU Til stendur að taka upp að nýju heimild til stofnunar varaliðs lögreglu. Ekki fást upplýsingar um nánari útfærslu varaliðsins hjá dómsmálaráðuneytinu. MYND/EGGERT JÓHANNESSON

VARALIÐ LÖGREGLU Í LÖG EFTIR ÁRAMÓT

BJÖRN BJARNASON

Frumvarp um varalið lögreglu hefur verið kynnt í ríkisstjórn, en ákveðið var að fresta framlagningu þess þar til eftir áramót. Fram kemur í skýrslu dómsmálaráðherra til starfshóps um hættumat að sérstakar aðstæður, svo sem vegna öryggismála, geti kallað á tímabundna fjölgun lögreglumanna við störf.

„Málið snýst um að sett verði heimild í lög að nýju um varalið lögreglu, sem var í lögum til 1997 og tekið verði fram í lögum við hvaða aðstæður unnt yrði að kalla á varalið," segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Hann segir ekki tímabært að kynna nánari útfærslu fyrr en lagaheimild hafi verið samþykkt. Varaliðið muni hlaupa í skarð venjulegs lögregluliðs „ef því þyrfti að beita af miklum þunga".

Í skýrslu til starfshópsins er rætt um að þörf gæti skapast vegna opinberra heimsókna, fjölmennra alþjóðlegra funda og margvíslegs almannavarnaástands.

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ERUM AÐ KOMAST FYRIR VIND

Enn einn hvellurinn gekk yfir landið í gærkvöld og nótt. Má vafalítið fullyrða að komið sé nóg af þessu leiðindaveðri. Góðu fréttirnar eru einmitt að ekki er að sjá svona alvöru hvelli fram að jólum enda þótt blásið geti auðvitað.

Núna með morgninum verður hvassast við suðaustur- og austurströndina með vætu en þar lægir og styttir upp er nær dregur hádegi.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg suðvestanátt og úrkomulítið. Hiti 3-5 stig.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



» á morgun


Strekkingur


Strekkingur.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	4°C heiðskírt	London	6°C heiðskírt	Friedrichshafen	6°C heiðskírt
Billund	2°C heiðskírt	París	1°C heiðskírt	Lúxemborg	1°C hálfskýjað
Osló	-1°C heiðskírt	Amsterdam	5°C heiðskírt	Alicante	16°C skýjað
Stokkhólmur	1°C heiðskírt	Frankfurt	4°C léttskýjað	Róm	11°C skýjað
Gautaborg	5°C heiðskírt	Berlín	4°C heiðskírt	Las Palmas	21°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum

Toyota Avensis Sol
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.06 Ekinn: 33.000 km
Verð: 2.230.000 kr. Skr.nr. YJ-911

Toyota Corolla H/B Sport
Vinskeið á hliðum, álfelgur, þokuljós
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11.04 Ekinn: 48.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. JX-880

Toyota Corolla T-Sport
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 58.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. NH-300

Toyota Corolla S/D Terra
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 46.000 km
Verð: 1.420.000 kr. Skr.nr. PN-930

Toyota Corolla W/G
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 53.000 km
Verð: 1.590.000 kr. Skr.nr. NE-242

Toyota Land Cruiser 100
Sóllúga, beisli, navigation bakkmyndavél, DVD o.fl.
4700 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 02.06 Ekinn: 65.000 km
Verð: 6.690.000 kr. Skr.nr. TN-532

Toyota Land Cruiser 100
Sóllúga, beisli, vindskeið o.fl.
4700 Bensín 5 gíra
Á götuna: 12.01 Ekinn: 96.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. PU-264

Toyota Prius
1500 Bensín/Rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 10.06 Ekinn: 11.000 km
Verð: 2.440.000 kr. Skr.nr. RR-777

Toyota RAV4 EXE
Leður, sóllúga, krómrör, beisli
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.05 Ekinn: 32.000 km
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. SN-480

Toyota Yaris
Álfelgur, filmur
1000 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 59.000 km
Verð: 990.000 kr. Skr.nr. YA-762

Toyota Yaris
1400 Dísel 5 gíra MM
Á götuna: 03.06 Ekinn: 14.000 km
Verð: 1.650.000 kr. Skr.nr. LM-581

Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 05.06 Ekinn: 48.000 km
Verð: 4.770.000 kr. Skr.nr. MY-875

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA.IS TOY 40380 12.2007

KJÖRKASSINN

Heggur þú þitt eigið jólatré?

Já 10,1 %

Nei 89,9 %

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Landsvirkjun að taka þátt í orkuútrás með einkaaðilum?

Segðu skoðun þína á visir.is

Ráðstefna í París um fjárhagslegan stuðning við Palestínu:

Fór langt fram úr væntingum

PARÍS, AP Fulltrúar 90 ríkja og alþjóðastofnana komu saman í París í gær til að gefa Palestínumönnum loforð um ríflegan fjárstuðning næstu þrjú árin. Þegar leið á daginn varð ljóst að fjárstuðningurinn mun nema 7,4 milljörðum Bandaríkjadala, eða um 470 milljörðum króna.

Salam Fayyed, forsætisráðherra Palestínustjórnar, sagði fyrir ráðstefnuna að safna þyrfti að minnsta kosti 5,6 milljörðum Bandaríkjadala, en Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands, skýrði frá því að framlögin væru komin langt fram úr þeim markmiðum.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, sagði Palestínustjórn eiga í alvarlegum fjárhagsvandræðum: „Þessi ráðstefna er hreinlega síðasta von Palestínustjórnar til að koma í veg fyrir gjaldþrot."

Á ráðstefnunni voru ísraelsk stjórnvöld hvött til þess að létta hömlum af ferðafrelsi á hernumdu svæðunum svo hægt yrði að endurreisa efnahag Palestínumanna. - gb

Á RÁÐSTEFNUNNI Í PARÍS Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, gestgjafinn Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, og Mahmoud Abbas forseti Palestínustjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Íslendingar í París:

Lofa Palestínu fjárhagsaðstoð

UTANRÍKISMÁL Íslendingar ætla að veita Palestínumönnum 254 milljóna króna fjárhagsaðstoð næstu þrjú árin. Tilkynnt var um þetta á alþjóðlegri ráðstefnu um efnahagslegan stuðning við Palestínu, sem fram fór í París í gær.

Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggismála í utanríkisráðuneytinu, sat fundinn. Hún tilkynnti að framlag Ísland næmi fjórum milljónum Bandaríkjadala á næstu þremur árum.

Markmiðið er að styðja við bakið á tveggja ára umbóta- og þróunaráætlun heimastjórnar Palestínumanna. - gb

Hætta á sýkingum mikil vegna þrengsla

Mikil þrengsli á Landspítalanum auka hættu á spítalasýkingum margfalt. Læknar segja ástandið martraðarkennt á sumum deildum. Tugir Íslendinga deyja árlega vegna spítalasýkinga. Einbýli sjúklinga er talið lífsspursmál.

HEILBRIGÐISMÁL „Maður hefur séð það sjálfur að fólk kemur inn á spítalann vegna einfaldrar aðgerðar en fær svo sýkingu sem dregur það jafnvel til dauða," segir Gunnar Skúli Ármannsson, svæfinga- og gjörgæslulæknir á Landspítalanum. Læknar á Landspítala segja að þrengsli á sjúkrahúsinu séu orðin skelfileg. Fjöldi Íslendinga deyr á hverju ári vegna spítalasýkinga en þrengsli eru einn þeirra þátta sem auka líkur á sýkingu margfalt.

Gunnar Skúli segir að skoða verði byggingu nýs sjúkrahús í ljósi hættu á spítalasýkingum. „Það er hugmyndafræðin með nýju sjúkrahúsi að greina fólk í sundur svo það sé ekki að smita hvert annað. Sjúklingar eru núna eins og síld í tunnu og því fylgir stóraukin smithætta." Gunnar Skúli segir að eftir því sem byggingu nýs spítala seinkar sýkist og deyi æ fleiri Íslendingar að nauðsynjalausu.

Ólafur Guðlaugsson, yfirlæknir sýkingavarnadeildar Landspítalans, segir þrengslin innan spítalans vera komin langt út fyrir öll velsæmismörk. „Ein birtingarmynd þrengsla og aðstöðuleysis er aukin tíðni sýkinga. Fólk deyr úr spítalasýkingum á Landspítala eins og á öðrum sjúkrahúsum í heiminum en hversu margir þeir eru er erfitt að meta. Þetta er flókið umhverfi en alvarlegar sýkingar hafa komið upp vegna aðstöðuleysisins á spítalanum."

Ómögulegt er að áætla hversu margir sjúklingar falla frá hér á landi vegna spítalasýkinga vegna þess að engin heildræn skráning er á slíkum sýkingum hérlendis. Erlendar rannsóknir sýna að á 250 rúma sjúkrahúsi eru tuttugu dauðsföll árlega vegna spítalasýkinga. Það á við um sjúkrahús þar sem þrengsli eru ekki sérstakt vandamál. Á Landspítalanum eru um 900 rúm.

Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir smitsjúkdómadeildar Landspítalans, segir ekki ástæðu til að halda að niðurstöður erlendra rannsókna eigi ekki við íslenskan veruleika. „Þó með þeim fyrirvara að við erum ekki með jafn slæma sýkla á sjúkrahúsum hér og víða erlendis. Við erum líka með vel menntað starfsfólk og það er vakning meðal þeirra í þessum málaflokki. Aðstöðuleysið vinnur hins vegar á móti okkur og manneklan líka."

ÞRENGSLI Á hjartadeild er gífurlegur vandi vegna þrengsla. Sýkingahætta margfaldast við þessar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SPÍTALASÝKING - SKILGREINING

Sýking sem er til komin eftir innlögn á sjúkrahús. Venjulega er miðað við sýkingar sem greinast 72 klukkustundum eftir innlögn eða 48 til 72 klukkustundum eftir útskrift.

Líkur á spítalasýkingu er um 10 prósent hjá hverjum sjúklingi.

Algengar spítalasýkingar eru: Þvagfærasýkingar, skurðsárasýkingar, lungnabólga, blóðsýkingar og iðrasýkingar.

Alvarlegustu sýkingar koma upp á gjörgæsludeildum.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir mikilvægt í sýkingavörnum að sjúklingar séu í einbýli með eigin hreinlætisaðstöðu. „Það væri tekið djúpt í árinni að segja að við séum að fórna mörgum mannslífum en sýkingar geta stytt mönnum lífið sem eru illa fyrir kallaðir."

svavar@frettabladid.is

Dmitrí Medvedev formlega kosinn forsetaefni Sameinaðs Rússlands:

Pútín verður forsætisráðherra

RÚSSLAND, AP Vladimír Pútín Rússlandsforseti segist ætla að þiggja boð um að fá að verða forsætisráðherra eftir að hann lætur af forsetaembættinu í vor. Hann sagðist jafnframt ekki hafa í hyggju að gera forsætisráðherraembættið valdameira en forsetaembættið.

Þetta sagði hann á flokksþingi Sameinaðs Rússlands í gær, þar sem samþykkt var með yfirgnæfandi meirihluta að Dmitrí Medvedev yrði forsetaefni flokksins í kosningunum 2. mars.

„Ef borgarar Rússlands bera traust til Dmitrí Medvedev og kjósa hann forseta, þá væri ég reiðubúinn að halda áfram samstarfi okkar sem forsætisráðherra, án þess að breyta valdahlutföllum embættanna," sagði Pútín á flokksþinginu.

Forsætisráðherraembættið hefur verið mun valdaminna í Rússlandi en forsetaembættið. Pútín gæti þó, í krafti gífurlegra vinsælda sinna meðal Rússa, haft mun meiri áhrif en forverar hans á forsætisráðherrastólnum.

Stjórnarskrá Rússlands heimilar Pútín ekki að bjóða sig fram þriðja skiptið í röð. Hins vegar stæði ekkert í vegi fyrir því að Pútin byði sig aftur fram ákveddi Medvedev að láta af embætti einhvern tímann á kjörtímabilinu. - gb

VLADIMÍR PÚTÍN Ætlar ekki að skorast undan, verði honum boðið forsætisráðherraembættið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

TILBOÐ

GARMIN Nüvi 660

Garmin 660 er eitt fullkomnasta GPS tækið á markaðnum. 4,3" snertiskjár, SIRF móttakari, innbyggt Evrópukort, vegtölva, innbyggð rödd, Bluetooth, 260 mb minni, rauf fyrir SD kort, miklir uppflettimöguleikar, MP3 spilari, hljóðbók, myndskoðari o.fl.

42.900,-

~~59.900~~

TILBOÐ

GARMIN Nüvi 250

Garmin 250 GPS tækið er lítið, einfalt og ódýrt með innbyggðu Evrópukorti, 2,8" snertiskjár, 12 rása móttaka, 500 vegpunktar, innbyggð rödd, vegtölva, 85 mb minni, rauf fyrir SD kort.

22.490,-

~~33.000~~

FRÁBÆR TILBOÐ Í DESEMBER

Gerðu góð kaup í verslunum N1 í desember

TILBOÐ

875 CTV-1701

Skjár, 17"

17" LCD flatskjár. Upplausn 1280x1024, skerpa 450:1, 12V, PAL/NTSC, skarttengi o.fl.

24.900,-

~~44.500~~

TILBOÐ

BOSCH

350 7780301143

Hleðslutæki, Bosch

2.990,-

~~5.387~~

TILBOÐ

400 FWE041710

Britax Freeway, 9-18 kg.

9.540,-

~~19.080~~

25% afsláttur

af rúðusköfum & þurrkublöðum

TILBOÐ

063 2001152321

Fjöltengi m/rofa

290,-

~~496~~

TILBOÐ

063 2001162040

Framlengingarsnúra/úti, 20 m

1.980,-

~~3.362~~

TILBOÐ

525 FG5719

Turtle Wax bónpakki

2.990,-

~~3.984~~

TILBOÐ

356 7645650310

Hljómflutningstæki

Blaupunkt Las Vegas DVD/CD/MP3 bíltæki. Spilar DVD, CD, CD-RW, MP3. Dolby Digital, 5 rása, tónjafnari, FM/MW/LW, 4x50W magnari o.fl.

29.900,-

~~49.900~~

Tilboðin gilda til áramóta eða meðan birgðir endast

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 - SÍMI 440 1200

REYKJAVÍK - AKUREYRI - AKRANES - HAFNARFJÖRÐUR - KEFLAVÍK - SELFOSS - HORNAFJÖRÐUR - EGILSSTAÐIR

WWW.N1.IS

OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
LAUGARDAGA 10-14

Leggðu frítt í miðbænum
Nú fá allir sem leigja
Toyota Aygo, Toyota Prius Twin
eða Toyota Prius vetnisbíl
frítt í stöðumæla miðborgarinnar.*
*Hámark 90 mín í senn í hefðbundum stæðum bílastæðasjóðs
ÍSLENSKA/SÍA/S/HER 40300 12/07
Hertz
522 44 00 • www.hertz.is

jol.is

Saga sem aldrei má gleymast
„Sláandi frásögn af hræðilegum misgjörðum í garð saklausra barna.“
Nýtt líf
„... vel skrifuð og einlæg bók sem segir blákaldan sannleikann á hnitmiðaðan hátt..“
Guðríður Haraldsdóttir / Vikan
„... áhrifamikil bók.”
Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan, RÚV
„Textinn er fágaður og án alls skrauts- aðeins blákaldar sögur ... á brýnt erindi við samtímann.”
Gunnar Hersveinn / Morgunblaðið
ÖNNUR PRENTUN KOMIN
BREIÐAVÍKURDRENGUR
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Verðmerkingum í búðargluggum ábótavant:

Fáar verslanir í Kringlu fylgja reglum

NEYTENDUR „Okkur hefur borist fjöldi kvartana frá neytendum og er ástand verðmerkinga langt því frá í lagi,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. Samtökin birtu á dögunum niðurstöður könnunar á verðmerkingum í búðargluggum. Í ljós kom að í einungis 25 prósentum verslana í Kringlunni eru vörur vel verðmerktar í búðargluggum.

„Þessar niðurstöður sýna að eftirlit er fjarri því að vera í lagi. Það er sorglegt að segja það en það verður að halda verslunum við efnið,“ segir Jóhannes.

Miðbær Akureyrar kom næstverst út úr könnun Neytendasamtakanna; einungis 36 prósent verslana eru með góða verðmerkingu í búðargluggum. Skólavörðustígur kom best út þar sem meira en helmingur búðarglugga er vel merktur.

BÚÐARGLUGGAR Aðeins 25 prósent verslana í Kringlunni reyndust verðmerkja vörur í sýningargluggum sínum.

Samkvæmt lögum á Neytendastofa að hafa eftirlit með verðmerkingum en síðast voru þær kannaðar árið 2003 af Samkeppnisstofnun. Þá voru 72 prósent búðarglugga í Kringlunni vel merkt.

Tryggvi Axelsson, framkvæmdastjóri Neytendastofu, segist vera meðvitaður um hversu slæmt ástandið sé.

„Ástandið er slæmt og fer versnandi. Neytendastofa hefur ekki farið í kannanir til að skoða ástandið, það hefur verið í forgangi að lagfæra reglurnar þannig að einhver viðurlög séu við því að brjóta reglur,“ segir Tryggvi. **- eb**

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tvö hross drápust

Bílstjóri sendibifreiðar á norðurleið ók á hrossahóp í Skagafirði síðastliðinn föstudag. Tvö hrossanna drápust og það þriðja þurfti að sauma. Bifreiðin er mikið skemmd eftir áreksturinn en bílstjórinn hlaut óveruleg meiðsl.

ÚTBLÁSTUR Ísland auk Noregs og Evrópusambandsins kröfðust þess að töluleg markmið yrðu sett um minni losun gróðurhúsalofttegunda.

Íslendingar verða að bregðast við Balí-samþykktum:

Margar leiðir til að minnka mengun

UMHVERFISMÁL „Við erum með orkufrekan bílaflota og í samgöngunum eru margar leiðir til að minnka útblástur. Eins með álverin, þau eru mjög mengandi,“ segir Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, þegar hann er spurður hvernig Íslendingar geti minnkað losun í samræmi við þau markmið sem kynnt voru á loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna á Balí.

Björgólfur segir mjög mikilvægt að rætt hafi verið um regnskógana, en engin ákvæði eru um verndun hans í Kyoto-bókuninni. „Það snýst ekki bara skógrækt heldur er lykilatriðið útfærsla á umbunum fyrir að höggva ekki regnskógana,“ segir Björgólfur en eyðing regnskóganna hefur jafn slæm áhrif á loftslag heimsins og allar samgöngur sem finnast.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtakanna, sótti einnig þingið. Að hans mati var mikilvægt, en ekki sérlega stórt skref stigið með Balí-vegvísinum.

Árni leggur áherslu á að Íslendingar dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda svo það haldi trúverðugleika sínum.

Við lok þingsins komu upp miklar deilur og á tíma leit út fyrir að samkomulagið færi um þúfur. „Þar var í raun allur heimurinn á móti Bandaríkjunum. Það var alveg ljóst að Bandaríkjamenn voru að reyna að kollsigla þessum viðræðum, en þeir urðu frá að hverfa því það ríkti algjör samstaða meðal ríkja heimsins,“ segir Árni. **- eb**

Börn

Dömur

Jólin 2007

Herrar

Alltaf

NÝTT KORTATÍMABIL

Jólin í einni ferð

Mikð úrval af glæsilegum sparifatnaði frá þekktum hönnuðum í nýrri deild NTC.

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA/SÍA.IS/DEB 40579 12/07

Nemar í Kraga hæstir í samræmdu prófunum

Nemendur í Suðvesturkjördæmi koma best út úr samræmdu prófunum í haust, bæði í fjórða bekk og sjöunda bekk, en nemendur í Suðurkjördæmi lakast. „Nánast enginn munur milli skóla," segir fræðslustjórinn í Reykjanesbæ.

MENNTUN Fjórðubekkingar í Suðvesturkjördæmi koma best allra fjórðubekkinga út úr samræmdu prófunum í haust. Í stærðfræði eru þessir nemendur með 6,9 í meðaleinkunn. Í íslensku eru þeir hæstir yfir landið ásamt nemendum í Norðausturkjördæmi með 6,3 í meðaleinkunn. Í báðum fögum eru þessir nemendur yfir landsmeðaltali sem er 6,8 í stærðfræði og 6,2 í íslensku.

„Þetta er mjög ánægjulegt," segir Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands. „Það er ekki hægt að segja annað. Við höfum staðið í þeirri meiningu að hér sé unnið gott skólastarf. Þetta er í samræmi við væntingar."

Nemendur í Suðvesturkjördæmi koma líka best út í sjöunda bekk og eru vel yfir landsmeðaltali sem er 7,0 í báðum greinum. Í stærðfræði eru þeir hæstir yfir landið með 7,3 í meðaleinkunn og í íslensku eru þeir hæstir yfir landið ásamt nemendum í Norðausturkjördæmi með 7,2.

Reykvíkingar fylgja fast á eftir og nemendur í Norðausturkjördæmi standa sig vel, jafna landsmeðaltalið eða fá hærri meðaleinkunn. Nemendur í Norðvesturkjördæmi eru hins vegar í lakari kantinum, eru rétt undir landsmeðaltali.

Í fjórða bekk koma nemendur í Suðurkjördæmi lakast út, bæði í stærðfræði og íslensku. Þeir eru annars vegar með 6,5 í meðaleinkunn og hins vegar 6,0. Í sjöunda bekk koma nemendur í Suðurkjördæmi líka lakast út með 6,6 í stærðfræði og 6,7 í íslensku.

Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri í Reykjanesbæ, segir að samræmdu prófin sýni sama mynstrið og undanfarin ár. „Þetta segir mér ekkert nýtt. Auðvitað get ég ekki gefið skýringar fyrir öll börn á Suðurlandi en einkennandi fyrir þessa niðurstöðu eins og undanfarin er að það er nánast enginn munur milli skóla," segir hann. „Við verðum að sjá niðurstöður fyrir hvern skóla og framfarastuðla skólanna til að geta metið útkomuna."

Ragnar Ragnarsson, staðgengill fræðslustjóra á Skólaskrifstofu Suðurlands, segir nauðsynlegt að sjá tölur fyrir „þjónustusvæðið okkar því að þá gæti maður farið að ræða þetta af einhverju viti," segir hann.

Einkunnirnar í samræmdu prófunum átti að senda í skólana í gær og ættu börnin því að fá þær í dag eða á morgun.

ghs@frettabladid.is

REYKVÍKINGAR FYLGJA FAST Á EFTIR Nemendur í Suðvesturkjördæmi fá að meðaltali hæstu einkunnina í stærðfræði og íslensku í samræmdu prófunum en nemendur í Norðausturkjördæmi standa sig einnig mjög vel. Reykvíkingar fylgja þeim fast á eftir. Nemendur í Suðurkjördæmi skila hins vegar lökustu útkomunni og nemendur í Norðvesturkjördæmi eru rétt undir landsmeðaltali. Myndin er tekin á skólalóð Foldaskóla og er úr safni.

SAMRÆMDU PRÓFIN

Meðaltalseinkunn nemenda í 4. og 7. bekk eftir kjördæmum

	4. bekkur		7. bekkur	
	Stærðfræði	*Íslenska*	*Stærðfræði*	*Íslenska*
Reykjavík	6,8	6,2	7,1	7,1
Suðvesturkjördæmi	6,9	6,3	7,3	7,2
Norðvesturkjördæmi	6,7	6,0	6,8	6,9
Norðausturkjördæmi	6,8	6,3	7,0	7,2
Suðurkjördæmi	6,5	6,0	6,6	6,7
Landið allt	6,8	6,2	7,0	7,0

Heimild: Námsmatsstofnun

> Þetta er mjög ánægjulegt.
>
> **SIGURBJÖRN MARINÓSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR SKÓLASKRIFSTOFU AUSTURLANDS

Átta mánuðir fyrir líkamsárás:

Áfrýjar dómi til Hæstaréttar

DÓMSMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri sem dæmdur var í átta mánaða fangelsi í síðustu viku, hefur áfrýjað dómnum til Hæstaréttar, að því er hann tjáði Fréttablaðinu.

Honum var gefið að sök að hafa ráðist á sambýliskonu sína á heimili þeirra í Mofsfellsbæ og misþyrmt henni margvíslega með höggum og spörkum. Auk fangelsisrefsingar var maðurinn dæmdur til að greiða konunni hálfa milljón króna í miskabætur.

Konan hafði haldið því fram í fjölmiðlum að maðurinn, sem er flugmaður, hefði smyglað henni inn í landið í gegnum starfsmannahlið. - jss

Formaður stjórnar SVÞ segir að samkomlag sé um sameiningu FÍS og SVÞ:

Félögin hefur vantað meiri slagkraft

ATVINNULÍFIÐ Félag íslenskra stórkaupmanna, FÍS, og Samtök verslunar og þjónustu, SVÞ, kynna félagsmönnum sínum um þessar mundir tillögur um sameiningu félaganna. Hrund Rudolfsdóttir, formaður stjórnar SVÞ, segir að stjórnirnar hafi fyrir sitt leyti náð samkomulagi en málið verði rætt með félagsmönnum og í janúar verði greidd atkvæði á aðalfundi félaganna. FÍS hafi þegar kynnt málið hjá sér.

HRUND RUDOLFSDÓTTIR

Nokkrar atlögur hafa verið gerðar að sameiningu félaganna gegnum árin en „nú er málið komið lengra en það hefur nokkru sinni komist. Stjórnirnar eru fyrir sitt leyti búnar að ná samkomulagi og það verður rætt á upplýsingafundi með félagsmönnum svo þeir geti gert upp hug sinn," segir Hrund.

Verslun og þjónustu er í dag deilt upp í tvö félög, FIS og SVÞ, og greinin því með tvær raddir. „Bæði félögin hefur kannski vantað þann slagkraft sem hlýst af því að vera undir einum hatti og svo er augljós hagræðing af þessu þó að hún sé ekki meginmarkmiðið. Meginmarkmiðið er að ná stærra og öflugra hagsmunafélagi," segir hún.

Samkomulagið gengur meðal annars út á það að Samtök atvinnulífsins sjái um kjarasamninga fyrir hið sameinaða félag en áður hefur FIS séð um samningagerð fyrir sína félagsmenn. Þá verður sett þak á atkvæðavægi félagsmanna á aðalfundi þannig að stærsti félagsmaðurinn geti aldrei haft veruleg áhrif á ákvarðanir. „Þetta er að mínu mati lýðræðisleg og góð aðferðafræði þar sem farið er bil beggja," segir Hrund. - ghs

UNDIR EINUM HATTI Hagsmunafélög verslunar og þjónustu eru tvö í dag, Félag íslenskra stórkaupmanna og Samtök verslunar og þjónustu. Í bígerð er að sameina félögin undir einum hatti sem yrði til húsa í núverandi húsnæði SVÞ við Borgartún. Myndin er úr matvöruverslun í Reykjavík og tengist ekki efni fréttarinnar beint.

Krýsuvíkursamtökin:

Fá góðan styrk frá grönnum

STYRKUR **„Okkur þótti þetta verðugt málefni og vildum gera vel við það," segir Einar Jón Pálsson, starfsmaður hugbúnaðarfyrirtækisins Kögunar, sem styrkti meðferðarheimili Krýsuvíkursamtakanna um hálfa milljón í tilefni jólanna.**

Lovísa Christiansen, framkvæmdastjóri samtakanna, segir gjöfina hafa komið sér einkar vel þar sem fjármagn væri þar nú af skornum skammti.

Einar Jón segir að fyrirtækið Kögun hafi haft það sem sið í fjögur ár að styrkja gott málefni í stað þess að senda samstarfsaðilum sínum og velunnurum jólakort. Þá hafi verið gaman að geta stutt nágranna fyrirtækisins en það var Grindavíkurdeild fyrirtækisins sem afhenti styrkinn. - kdk

Slökkviliðið við Smáralind:

Slökkviliðsæfing á 20. hæð

LÖGREGLUMÁL Átta slökkviliðsmenn úr Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins æfðu viðbrögð við bruna í nýja turninum við Smáralindina í gærmorgun. Æfingin fólst meðal annars í því að slökkviliðsmennirnir hlupu fullgallaðir upp á tuttugustu hæð hússins. Einnig dældu þeir vatni á brunakerfi hússins og prófuðu kerfið. Að sögn gekk æfingin vel. - ovd

SKJALASKRÁNING Starfsmenn Þjóðskjalasafns Íslands og Héraðsskjalasafns Þingeyinga.

Mótvægisaðgerðir:

Skjalaskráning á Húsavík

HÚSAVÍK **Tveir starfsmenn hafa verið ráðnir til samstarfsverkefnis Þjóðskjalasafns Íslands og Héraðsskjalasafns Þingeyinga á Húsavík og eftir áramót verður stöðugildum fjölgað. Þá verður komið af stað sambærilegum verkefnum á Sauðárkróki og Ísafirði.**

Þjóðskjalasafn Íslands hefur hafist handa við skráningu sýsluskjalasafna í samstarfi við Héraðsskjalasafns Þingeyinga á Húsavík. Skjölin eru ýmist lítt eða óskráð að því er kemur fram á heimasíðu Þjóðskjalasafns.

Verkefnið er í tengslum við mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskkvóta fyrir næsta aflaár. - eb

Forsetakjör í september:

Kjöri frestað í níunda sinn

LÍBANON, AP Þingið í Líbanon frestaði enn einu sinni forsetakosningum þangað til á laugardaginn. Þetta er í níunda sinn frá því í september sem fresta þarf kosningunum.

Ekki tókst að efna til forsetakjörs í gær, eins og til hafði staðið, vegna þess að þingmenn stjórnarandstöðunnar mættu ekki og þar með voru ekki nægilega margir þingmenn í salnum til að kosningin yrði gild.

Forsetalaust hefur verið í landinu frá því Emile Lahoud lét af embætti 23. nóvember síðastliðinn, en Michel Suleiman herforingi hefur stuðning bæði stjórnar og stjórnarandstöðu. **- gb**

MICHEL SULEIMAN HERFORINGI Samkomulag er um að hann verði forseti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÓSÁTTIR LEIÐTOGAR Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, og Jacob Zuma aðstoðarforseti við upphaf þings Afríska þjóðarráðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Zuma þykir viss um sigur

Uppnám í Afríska þjóðarráðinu og hörð átök um leiðtogaembætti flokksins. Hinn umdeildi en vinsæli Jacob Zuma þykir öruggur um sigur í kjörinu.

SUÐUR-AFRÍKA, AP Talið er fullvíst að Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, tapi fyrir Jacob Zuma, fyrrverandi varaforseta landsins, í leiðtogakosningum á flokksþingi Afríska þjóðaráðsins. Zuma verður þar með líklega forsetaefni stjórnarflokksins árið 2009.

Leiðtogakjör flokksins fór fram í gær, en niðurstöðu talningar er ekki að vænta fyrr en í dag eða á morgun.

Allt hefur logað í deilum á þingi stjórnarflokksins í Suður-Afríku, sem hófst á sunnudag. Innanflokksátök eru nýlunda í flokknum, sem áratugum saman barðist gegn aðskilnaðarstefnu hvíta minnihlutans og stærði sig af því að allir stæðu saman gegn andstæðingnum.

Á flokksþinginu hafa stuðningsmenn Zumas, sem eru í meirihluta, púað á Mbeki í ræðustól en á hinn bóginn dansað og sungið til stuðnings sínum manni. Meðal annars sungu þeir hástöfum gamlan baráttusöng svartra frá aðskilnaðartímanum, „Færið mér vélbyssuna," sem nú er orðinn nánast einkennissöngur Zuma.

Zuma nýtur mikilla vinsælda meðal þeldökkra íbúa Suður-Afríku, en er um leið mjög umdeildur. Hann hefur ítrekað verið sakaður um spillingu og var fyrir tveimur árum ákærður fyrir nauðgun. Hann var á sínum tíma rekinn úr embætti varaforseta landsins, en flest stefnir nú í að hann verði orðinn forseti landsins eftir tvö ár. Hann sagðist þó ætla að segja af sér ef hann verður dæmdur sekur í spillingarmáli, sem nú er fyrir dómstólum.

Tvær helstu hetjur Afríska þjóðaráðsins, þeir Nelson Mandela, fyrrverandi forseti, og Desmond Tutu biskup, hafa báðir lýst áhyggjum sínum af þróun mála í flokknum. Tutu hefur sagt að hvorki Mbeki né Zuma eigi skilið að vera leiðtogi flokksins, en beri Zuma sigur úr býtum verði það mikil niðurlæging fyrir flokkinn.

Vinstrimenn binda vonir við að Zuma takist að bæta hag fátækra í landinu. Mbeki hefur reynt að reisa við efnahag landsins með því að treysta á markaðinn, en óþolinmæði hefur gætt meðal landsmanna vegna þess að árangur af þeirri leið hefur látið standa á sér. Ekki þykir þó líklegt að Zuma breyti stefnunni mikið af ótta við að fæla burt erlenda fjárfesta. **gudsteinn@frettabladid.is**

Nauðgunarmál í Sádi-Arabíu tekur nýja stefnu:

Stúlkan frá Qatif náðuð

SÁDI-ARABÍA, AP Konungur Sádi-Arabíu, Abdullah, náðaði í gær konu sem var dæmd í sex mánaða fangelsi og til 200 vandarhagga eftir að sjö menn nauðguðu henni. Glæpur „stúlkunnar frá Qatif" var að hafa verið ein á ferð með óskyldum manni þegar mennirnir sjö réðust á þau og nauðguðu.

Abdullah bin Mohammed al-Sheik dómsmálaráðherra sagði náðunina ekki þýða að konungurinn efaðist um dómara landsins heldur vildi hann lina þjáningar þegar úrskurðir hefðu sálræn áhrif á dæmda.

Nauðgararnir fengu tveggja til níu ára dóma. **- sdg**

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
6.316 **-2,32%**

Fjöldi viðskipta: 359
Velta: 7.664 milljónir

MESTA HÆKKUN

FÖROYA BANKI	1,12%
365	0,51%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PETROL.	5,83%
EIK BANKI	5,53%
EXISTA	5,12%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,94 -1,00% ... Bakkavör 57,00 -2,90% ... Eimskipafélagið 36,25 -0,69% ... Exista 21,30 -5,12% ... FL Group 14,80 -1,99% ... Glitnir 21,70 -2,91% ... Icelandair 25,70 -1,72% ... Kaupþing 867,00 -2,15% ... Landsbankinn 36,20 -1,76% ... Straumur-Burðarás 15,00 -1,64% ... Össur 97,70 -1,01% ... Teymi 5,87 -1,84%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Efnahagsveðrabrigði í nánd

Óbreyttum stýrivöxtum er spáð á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans 20. desember í nýrri umfjöllun greiningardeildar Kaupþings. „Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá síðasta vaxtaákvörðunarfundi bankans 1. nóvember," segir þar. „Lausafjárskortur á alþjóðamörkuðum er enn viðvarandi og hlutabréfaverð hefur haldið áfram að lækka um allan heim. Það er nú ljóst að lausafjárkrísan mun brátt fara að verka sem hemill á íslenska hagkerfið þar sem lánakjör hafa versnað í útlöndum og íslenskar lánastofnanir eru orðnar mjög tregar til útlána líkt og systur þeirra ytra. Flest bendir til þess að veðrabrigði séu í nánd hérlendis með kólnun hagkerfisins." - óká

330 milljarðar skattfrjálsir

Söluhagnaður af hlutabréfum verður skattfrjáls, samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra, sem dreift hefur verið á Alþingi. Söluhagnaður hlutabréfa í fyrra nam 336 milljörðum króna.

Ekki þarf að greiða skatt af söluhagnaði hlutabréfa, verði frumvarp fjármálaráðherra til breytinga á skattalögum að veruleika. Frumvarpinu hefur verið dreift á Alþingi, en ekki hefur verið mælt fyrir því. Gert er ráð fyrir að það verði gert á vorþingi.

Skatturinn á fyrirtæki nemur átján prósentum.

Samkvæmt frumvarpinu verður afnumin heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar af hlutabréfum. Þá verður frádráttur vegna hagnaðar af sölu hlutabréfa takmarkaður þannig að hvorki verði hægt að draga hann frá öðrum tekjum né nota hann til að mynda yfirfæranlegt tap hjá félögum.

Hins vegar verður hagnaður af sölu hlutabréfa skattfrjáls. Það á þó ekki við sameignarfélög, samlagsfélög og einstaklinga í atvinnurekstri.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að íslensk félög hafi í einhverjum mæli flutt eignarhald sitt á hlutabréfum yfir í dótturfélög sem staðsett eru í ríkjum þar sem skattlagning á söluhagnaði sé talin mun hagstæðari en hár á landi. Holland og Noregur eru þar nefnd sem dæmi, en fram hefur komið í Fréttablaðinu að stór hluti innlends eignarhalds í stærstu félögum sem skráð eru í Kauphöllina, sé geymdur í erlendum félögum, einkum í Hollandi.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögin nái til viðskipta með hlutabréf utan Evrópska efnahagssvæðisins, en þó ekki á lágskattasvæðum.

Í greinargerðinni segir að félög nýti sér í ríkum mæli heimild til að fresta skattlagningu af söluhagnaði hlutabréfa. Lögaðilar hafi greitt tæpa 43 milljarða króna í skatt í fyrra. Skattur af söluhagnaði hafi þar verið hverfandi.

Þá kemur fram í greinargerðinni að fjárhæð frestaðs hagnaðar af sölu hlutabréfa hafi aukist mikið undanfarin ár. Hann nam rúmum sjö milljörðum króna árið 2001. En í fyrra nam hann hins vegar 336 milljörðum króna. Sú upphæð yrði því skattfrjáls samkvæmt frumvarpinu.

ingimar@frettabladid.is

VERSLAÐ MEÐ HLUTABRÉF Hagnaður af sölu hlutabréfa verður skattfrjáls.

SÖLUHAGNAÐURINN

Söluhagnaður af hlutabréfum hefur aukist mikið undanfarin ár.

	milljarðar króna
2001	7,2
2002	18,2
2003	30,8
2004	61,9
2005	165,7
2006	336,0

Jólin hjá Ingvari Helgasyni

VIÐ ERUM Í JÓLASK

ALLT AÐ 300 ÞÚS.

Það ríkir sannkölluð jólastemmning hjá Ingvari Helgasyni og auk þess að bjóða allt að 300 þúsund kr. jólapakka bjóðum við nú einnig valda bíla á sérstöku jólatilboði! Komið og kíkið á jólastemmninguna og kynnið ykkur frábær tilboð!

Athugið að tilboðin gilda aðeins til 21. desember.

Við lofum þér góðri þjónustu

Við erum komin í jólaskap og tökum á móti væntanlegum viðskiptavinum með jólasmákökum og heitu kakói. Við höfum einsett okkur að veita viðskiptavinum okkar bestu þjónustu sem völ er á og því erum við stöðugt að leitast við að gera betur í dag enn í gær.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 79

ENNEMM / SÍA / NM31058

KAPI

KR. JÓLAPAKKAR

Við erum stolt og ánægð með sístækkandi viðskiptavinahóp, marga nýja og spennandi bíla, aðstöðu sem tekur öðru fram og úrval traustra vörumerkja.

Við vonumst til að sjá þig í hátíðarskapi!

940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

INGVAR HELGASON

„ORÐRÉTT“

Ný tegund heimsmets

„Sennilega hef ég sett heimsmet í viðbragðstíma.“

ÖRN ARNARSON UM UMHUGSUNARTÍMA SUNDDÓMARA TIL AÐ STAÐFESTA ÚRSLIT Í 100 M BAKSUNDI Á EVRÓPUMEISTARAMÓTI.

Morgunblaðið 17. desember

Villtist af leið

„Ég er kominn af miklum framsóknarmönnum í báðar ættir.“

EINAR KARL HARALDSSON, AÐSTOÐARMAÐUR IÐNAÐARRÁÐHERRA OG SAMFYLKINGARMAÐUR, REKUR ÆTTIR SÍNAR Í TILEFNI AF SEXTUGSAFMÆLINU.

Fréttablaðið 17. desember

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR ÚTVARPSKONA

Útrás til Eyja og maður ársins

„Það er alveg sama hvernig viðrar úti, það er alltaf bongóblíða hjá mér,“ segir Arnþrúður Karlsdóttir útvarpskona. „Ég er náttúrlega í óða önn að undirbúa jólin og það er alveg nóg að gera í því. Svo stöndum við á Útvarpi Sögu fyrir vali á manni ársins en úrslit munu verða kunngerð þann 28. desember. Okkur eru þegar farnar að berast ábendingar, margar hverjar eru þess eðlis að maður getur alveg tekið undir þær en svo eru alltaf einhverjir sem vilja tilnefna menn eins og Jóa hjólkopp eða einhver slíkan, þær eru sem sagt af ýmsum toga þessar ábendingar. Svo erum við að kafa djúpt ofan í íbúðakaupin á Vellinum og það er ekki annað að sjá en að þeir sem keyptu þessar 660 íbúðir á fjórtán og hálfan milljarð fái lán úr Íbúðalánasjóði, svo það er skítalykt af málinu. Svo var að bætast nýr hópur við hjá okkur þar sem Útvarp Saga hefur teygt anga sína til Vestmannaeyja, það er mjög gaman að því að fá Eyjamenn inn.“

Þegar minnst er á undarlega kveðju sem send var í loftið á Bylgjunni af konu einni sem átti grátt að gjalda kynsystur sinni sem vinnur á Landspítalanum, bregst Arnþrúður hlæjandi við. „Já, við verðum að vera við öllu búin í útvarpinu. Þetta sýnir það bara að það getur allt gerst en við höfum ekki lent í þessu sem betur.“ Arnþrúður er þá spurð um áramótaheit. „Ja, nú þegar við höfum teygt okkur út í Eyjar þá er það bara að halda útrásinni áfram í austur.“

MÁLÞÓF:

KEPPNI Í ÚTHALDI

Málþóf (e. filibuster) hafa tíðkast á þjóðþingum víða um heim frá því að þau voru fyrst sett á fót í núverandi mynd. Í því felst að þingmaður talar án afláts á þingfundi með það að markmiði að tefja afgreiðslu umdeilds máls. Erfitt getur reynst að finna eitthvað til að tala um í svo langan tíma og lesa sumir upp úr bókum fyrir kollega sína. Á breska þinginu er þó eingöngu leyfilegt að tala um málið sem er á dagskrá. Bandarískri þingmaðurinn Strom Thurmond talaði eitt sinn í sólarhring og 18 mínútum betur.

SJÓNARHÓLL

RÍKIÐ LOKAÐ Á ÞORLÁKSMESSU

Hið allra besta mál

MAGNI ÁSGEIRSSON Tónlistarmaður

„Þorláksmessa hefur leiðst út í að fólk fari út og fái sér í glas sem er út í hött þar sem menn eiga að vera heima með börnunum sínum og klára að skreyta,“ segir Magni Ásgeirsson tónlistarmaður. Magni segir fólk eiga að vera heima og „njóta stressins almennilega“. „Þú ferð bara í ríkið fyrr. Þegar maður var á sínum yngri árum þá planaði maður þetta bara. Maður fór ekkert í ríkið daginn fyrir verslunarmannahelgina. Þetta er því spurning um að skipuleggja sig,“ segir Magni en honum finnst bara fínt að fá svolítið meiri hátíðleika í jólahaldið. Magna er svo alveg sama þótt lokað sé í verslunum Á.T.V.R. þrítugasta desember enda finnst honum ekkert hátíðlegt við áramótin. „En jæja jú, ég segi nú kannski ekki að það sé ekkert hátíðlegt við að kaupa áfengi á bensínstöð hér í Hveragerði.“ Áður fyrr hafði hann þurft að keyra frá Borgarfirði eystra á Seyðisfjörð til að fara í ríkið.

Leitum að hetju í Maradona

Argentíski rithöfundurinn, myndlistarmaðurinn og félagsfræðingurinn Enrique del Acebo Ibañez er staddur hér á landi vegna útkomu bókar hans á íslensku um Félagsfræði rótfestunnar. Blaðamaður spjallaði við hann um rótleysi samtímans, Ísland og að sjálfsögðu um Maradona.

„Ég kom hingað fyrst fyrir milligöngu Helga Gunnlaugssonar prófessors við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og hélt hérna fyrirlestur,“ rifjar hann upp. „Mér var tekið afar vel og ég varð heillaður af landi og þjóð. Þess vegna ákvað ég að koma aftur og svo aftur og nú er ég hér í fimmta sinn. Og þó ég sé kominn langt að finn ég hér margt sem ber keim af mínum heimaslóðum. Til dæmis er mér hugarheimur eyjarskegga ekki svo framandi því hann er ekki það frábrugðinn okkar sem komum úr stórum hafnarborgum. Við lifum og hrærumst í því sem kemur af sjónum rétt eins og þið, við höfum þurft að miða okkar líf við það. Þetta er allt öðruvísi en hugarheimur landbúnaðarfólksins sem hefur allt í fastari skorðum.“ Enrique starfar við Salvadorháskólann og Háskóla Buenos Aires, sem báðir eru í argentínsku höfuðborginni. Í bókinni Félagsfræði rótfestunnar: Kenningar um uppruna og eðli borgarsamfélagsins, sem nú hefur komið út í íslenskri þýðingu, fjallar hann meðal annars um það hvernig maðurinn bregst við aðstæðum sem fylgja rótleysinu í nútímasamfélaginu. „Það fylgja því ýmsir kvillar þegar manninum er kippt úr sínu hefðbundna samhengi og settur í rótleysi samtímans. Við berjumst við það að festa rætur okkar með einhverjum hætti og þannig líta ýmis félagsleg fyrirbæri dagsins ljós. Ég er frá Argentínu svo ég verð nú að minnast á fótboltann og menninguna í kringum hann. Þar sjáum við tryllta stuðningsmenn sem í raun eru að leita að einhverju sem þeir geta samsamað sig, einhverju sem þeir geta fest rætur sínar í.

Annað sem við sitjum uppi með í samtímanum er að nú eru engar hetjur til svo við reynum að búa þær til. Þar kemur Maradona til sögunnar. Fjölmiðlar setja hann á stall og spyrja hann út í heimsmálin, páfann og fleira og fleira eins og hann hafi guðlega lausn á öllu en maðurinn er ekkert annað en frábær fótboltamaður. Þetta er aðeins ein af mörgum birtingarmyndum rótleysisins sem við búum við í dag.“

jse@frettabladid.is

LISTA- OG FRÆÐIMAÐURINN ARGENTÍNSKI Enrique del Acebo Ibañez stendur hér við eitt listaverka sinna sem hann sýndi á Alþjóðahúsinu í síðustu viku. Það var nóg um að vera hjá þúsundþjalasmiðnum því bók hans um félagsfræði var að koma út á íslensku á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Síðasti dagurinn á netinu!

» Í dag er síðasti dagurinn til að panta á kokka.is fyrir jólin. Skoðaðu, veldu og pantaðu bestu jólagjafirnar í tæka tíð.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LEMACKS • JI.IS • SÍA

Norrænt rannsóknarverkefni til að kynna aðalbláber:

Ber að gæta að berjunum

„Víða um heim er tínt og selt mikið af bláberjum, til dæmis frá Norður-Ameríku, en rannsóknir hafa sýnt að þau eru ekki jöfn að gæðum og þau frá Norðurlöndunum en nú er verið að reyna að renna frekari stoðum undir það,“ segir Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri aðalbláberjaverkefnisins hjá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Landbúnaðarháskólinn er einn af fjölmörgum norrænum stofnunum sem ásamt fyrirtækjum taka þátt í þessu rannsóknarverkefni til að kynna aðalbláber á alþjóðlegum mörkuðum. „Okkar hlutverk er að tína og senda bláber héðan til rannsóknar í Finnlandi en þar verður rannsakað meðal annars efnisinnihald og genamengi berjanna,“ segir hún.

Árlega eru seld um 500 milljónir kílóa af aðalbláberjum á Norðurlöndunum.

En megum við eiga von á staðfestingu á að íslensk aðalbláber séu best í heimi eða telur Ásdís að niðurstaðan verði til þess að endurskoða verði þá trú margra Íslendina? „Við erum náttúrlega með blá og síðan svört bláber sem er svolítið sérstakt en svo er aldrei að vita hvort berin haldi öllum sínum gæðum þegar þau eru komin til Finnlands, það er að mörgu að huga í þessu. En það mikilvægasta er að vegur aðalbláberja á Norðurlöndum mun líklegast vaxa eftir þetta verkefni sem stendur í fimm ár.“

ÁSDÍS HELGA BJARNADÓTTIR VERKEFNASTJÓRI AÐALBLÁBERJAVERKEFNISINS Nú á að renna akademískum stoðum undir þá trú sem hingað til hefur byggst á smekk og reynda nokkrum rannsóknum að bláberin á Norðurlöndum séu bláberja best. MYND/SÆMUNDUR ÞORVALDSSON

Margir hafa líka skoðun á því hvaðan bestu bláberin koma, hvað segir verkefnastjórinn um það? „Ég var í sveit í Dýrafirði svo ég er eiginlega alin upp á bláberjum þaðan en það er þó kannski ekki vísindalega sannað að þau bestu séu þaðan.“

- jse

BLÁBER

Frábært verð, flott hönnun og Canon gæði

Canon Ixus 70
7,1 megapixlar
3x linsu aðdráttur
4x stafrænn aðdráttur
Innbyggt flass
Kemur með rafhlöðu og hleðslutæki

23.990 kr.
Verð áður 34.900 kr.

30% AFSLÁTTUR

Eitthvað fyrir alla

TOSHIBA

Toshiba Satellite Pro A200-1F9

Örgjörgvi:	IntelCore 2 Duo T7300/2.0GHz
Vinnsluminni:	2048MB 667MHz DDR2
Skjár:	15,4" TrueBrite WXGA 1280x800
Skjákort:	ATI RADEON HD 2600 256MB VRAM
Harður diskur:	250GB S.M.A.R.T
Skrifari:	8x DVD +/-RW Super Multi
Stýrikerfi:	Windows VISTA Business
Vefmyndavél:	Innbyggð

18% AFSLÁTTUR

Verð áður 139.900 kr. **114.900 kr.**

20% AFSLÁTTUR

Af öllum ljósmyndapappír fyrir jólamyndirnar

20% AFSLÁTTUR

Mikið úrval af skemmtilegum spilum og púsluspilum fyrir fjölskylduna

Samsonite taska er vel valin jólagjöf

Borgartúni 29 + Höfðabakka 3
Smiðjuvegi 5 + Dalvegi 18
Ögurhvarfi 2 + Lækjargötu 2a
Glerárgötu Akureyri
Aðalstræti 27 Ísafirði

A4

OPIÐ TIL KL.

FRÁBÆRT ÚRVAL AF JÓLA- & GJAFAVÖRU

PEJ skálar, tvö stykki í setti kr. **2.980**
(verð áður kr. 3.990)

PEJ hnetubrjótur kr. **2.290**
(verð áður kr. 2.960)

PEJ marineringarsett skál & pensill kr. **2.980**
(verð áður kr. 3.980)

PEJ vínkælir, ryðfrítt stál kr. **1.990**
(verð áður kr. 2.490)

HÚSGAGNAHÖLLIN

22:00

JÓL

ad

JL

TEMPRAKON
hágæða heilsársæng
kr. **19.184**
(áður kr. 23.980)

TEMPRAKON
hágæða vetrarsæng
kr. **19.984**
(áður kr. 24.980)

TEMPRAKON
koddi, 3 stærðir
frá kr. **5.184**
(áður kr. 6.480)

TEMPRAKON
ergomagic heilsukoddi
kr. **9.584**
(áður kr. 11.980)

TEMPRAKON
heilsukoddi
kr. **5.584**
(áður kr. 6.980)

20%
AFSLÁTTUR AF TEMPRAKON
SÆNGUM & KODDUM

2.980
(verð áður kr. 3.790)
PEJ tappi fyrir vínflöskur

PEJ skál, lítil, fæst svört eða hvít kr. **1.590** (verð áður kr. 1.990)
PEJ skál, miðstærð, fæst svört eða hvít kr. **1.790** (verð áður kr. 2.290)
PEJ skál, miðstærð, fæst svört eða hvít kr. **2.190** (verð áður kr. 2.790)

Húsgagnahöllin • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • OPIÐ ALLA DAGA 10-22

Svona erum við

> Árleg neysla á svínakjöti á hvern Íslending.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: VERKFALL HANDRITSHÖFUNDA Í BANDARÍKJUNUM

Kvöldþættir og 24 í biðstöðu um sinn

Handritshöfundar í Bandaríkjunum hófu verkfall 5. nóvember síðastliðinn, sem enn stendur yfir. Framleiðsla sjónvarpsefnis og kvikmynda er í járnum á meðan á verkfallinu stendur.

Hverjir taka þátt í verkfallinu?

Yfir tólf þúsund handritshöfundar í Bandaríkjunum taka þátt í verkfallinu, sem hefur nú staðið í sex vikur. Leikarar hafa staðið duglega við bakið á handritshöfundunum og jafnvel gengið kröfugöngur með þeim. Stéttarfélag handritshöfunda krefst þess að fá aukinn hluta af tekjum af sölu DVD-mynddiska. Framleiðendur segja hins vegar að tekjur af þeirri sölu séu þeim mikilvægar til að bæta upp fyrir síaukinn framleiðslukostnað afþreyingarefnis.

Hver eru áhrif verkfallsins?

Tökum á sjónvarpsþáttum, sem komnir voru stutt í framleiðslu þegar verkfallið hófst, verður frestað þar til verkfallinu lýkur. Meðal þeirra þátta eru Slúður, The Riches og spennuþátturinn 24. Spjallþættir með gamansömu ívafi, til dæmis Tonight Show with Jay Leno, Late Show with David Letterman, The Daily Show og The Colbert Report, eru allir í hléi þar til verkfallinu lýkur. Teiknimyndaþættirnir South Park halda hins vegar áfram göngu sinni, þar sem höfundar þeirra eru ekki félagar í stéttarfélagi handritshöfunda.

Hvað finnst stjórnmálamönnum?

Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, segir mikilvægt að leysa deiluna sem fyrst, enda hafi hún gríðarleg efnahagsleg áhrif á ríkið. Nokkrir forsetaframbjóðenda Demókrataflokksins hafa lýst yfir stuðningi við stéttarfélag handritshöfunda.

Seinasta verkfall af þessari stærðargráðu átti sér stað árið 1988 og stóð í 22 vikur. Tap bandarískra skemmtanaiðnaðarins á verkfallinu var metið á 32 milljarða króna.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

Miele TILBOÐ

Íslenskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar
Stórt hurðarop
20 ára ending

vilborga@centrum.is

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514	142.714	99.900
1400sn/mín/5 kg		
Þvottavél W1714	172.286	128.464
1400sn/mín/6 kg		
Þurrkari T7644C	135.571	94.900
rakaþéttir/6 kg		

Þvottavél verð frá kr.:
99.900

www.eirvik.is

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200



EINKANEYSLA EYKST „Það er ekkert betra að ríkið eyði þessum krónum heldur en einstaklingarnir sem öfluðu þeirra," segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur um skattalækkanir á þenslutímum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Verðbólga í vaxtaverkjum

Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi á undanförnum árum og jafnvægi milli atvinnugreina raskast verulega. Á sama tíma var ákveðið að fara út í það sem aðalhagfræðingur Seðlabankans kallar hagfræðilega tilraunastarfsemi með fljótandi gengi og verðbólgumarkmið.

Vaxtaverkir hafa einkennt íslenskt samfélag frá síðustu aldamótum, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Frá árinu 2000 hefur landsframleiðsla aukist um þriðjung, sem er gríðarlegur vöxtur.

Á sama tíma hafa miklar breytingar orðið á samfélaginu. Þannig hefur sjávarútvegurinn látið undan síga, og fjármálageirinn aukið vægi sitt verulega á mjög skömmum tíma.

Þessar breytingar hafa kallað á heilbrigða vaxtaverki og þeim hefur fylgt umbrot í verðlagsmálum, segir Ólafur. Engu að síður má spyrja hvort þau hagstjórnartæki sem stjórnvöld geta beitt til að bregðast við verðbólgunni hafi verið notuð rétt.

Vopn stjórnvalda í baráttunni við verðbólguna eru annars vegar samdráttur á opinberum útgjöldum, en hins vegar hækkun stýrivaxta, sem eru á forræði Seðlabankans. Stýrivextir standa í dag í 13,75 prósentum, og sérfræðingar segja meiri líkur en minni á frekari hækkunum á vaxtaákvörðunardegi bankans nú á fimmtudag.

Ýmsir hafa orðið til að gagnrýna stjórnvöld og Seðlabankann fyrir að bregðast ekki rétt við aðstæðum. Verðbólgan er nú 5,9 prósent, langt yfir 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans, sem sett var árið 2001.

Rót vanda Seðlabankans

„Ég er sannfærður um að ef Seðlabankinn og ríkisfjármálin hefðu gengið í betri takt værum við ekki í þeirri stöðu sem við erum núna," segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ.

Hann bendir á að í hámarki uppsveiflunnar hafi stjórnvöld lækkað tekjuskatt einstaklinga og virðisaukaskatt á matvæli. Þannig hafi tugum milljarða verið veitt út í hagkerfið á síðasta kjörtímabili, á þeim tíma sem þenslan hafi verið mest. Þess vegna hafi einkaneysla aukist gríðarlega, þó að fólksfjölgun í landinu hafi þar einnig áhrif.

Ólafur Darri segir að pólitískar ákvarðanir sem síðasta ríkisstjórn tók tengdar Íbúðalánasjóði, hækkun hámarkslána og hækkun lánshlutfalls, hafi í það minnsta ekki auðveldað Seðlabankanum baráttuna við verðbólguna.

„Stóru áhrifin tengdust þó því að viðbrögð bankanna við þessu voru miklu kröftugri en nokkur átti von á," segir Ólafur Darri.

„Bankarnir voru að lána í meira en bara íbúðakaup. Fólk sem átti veðhæfi gat tekið íbúðalán og skipt út húsinu, farið í sumarfrí, borgað upp yfirdráttinn og keypt nýjan jeppa," segir Ólafur Darri. Hann segir erfitt að skamma bankana fyrir þetta, þeir séu reknir á viðskiptalegum grundvelli og reyni að hámarka eigin hagnað.

„En þessar aðgerðir Íbúðalánasjóðs og bankanna eru sennilega rót þess að Seðlabankanum gekk mjög illa að ráða við verðbólguna," segir Ólafur Darri. Hann segir viðbrögð Seðlabankans, að hækka stýrivexti, ekki hafa haft mikil áhrif á þessa þróun.

Sveitarfélög á bensíngjöfinni

Sveinn Agnarsson, fræðimaður hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, bendir á að ríkinu hafi verið nokkur vandi á höndum hafi ríkisstjórnin ætlað að reyna að draga úr útgjöldum til að styðja við aðgerðir Seðlabankans. Útgjöld séu mikið til bundin í liðum á borð við heilbrigðismál, félagsmál og annað í þeim dúr, og því sé helst hægt að fresta vegaframkvæmdum.

Vandinn hafi þó ekki síst verið hjá ákveðnum sveitarfélögunum, sem hafa verið í miklum framkvæmdum á undanförnum árum, segir Sveinn. „Sveitarfélögin hafa mörg hver ekki verið að stíga á bremsuna að þessu leyti. Ein ástæðan er eflaust sú að það hefur verið ónægt samstarf milli þeirra aðila sem fara með hagstjórnina."

Ekki betra að ríkið eyði krónunum

Ólafur Ísleifsson segir að í dag séu flestir þeirrar skoðunar að aðgerðir stjórnvalda á húsnæðismarkaði hafi verið misráðnar. Svo virðist sem jafnvel stjórnvöldin sjálf séu komin á þá skoðun.

Hann tekur þó ekki skilyrðislaust undir að það hafi verið hagstjórnarleg mistök að lækka skatta á þessu þenslutímabili. „Það er ekkert betra að ríkið eyði þessum krónum heldur en einstaklingarnir sem öfluðu þeirra," segir Ólafur. „Miðað við þann mikla vöxt sem orðið hefur á ríkisútgjöldum á undanförnum árum er í það minnsta mjög góð spurning hvort það breyti miklu."

FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

29.900

FA162
LG minisamstæða

59.900

CTX9
Scott 19” m/DVD

18.des	þriðjudagur	09:00-20:00
19.des	miðvikudagur	09:00-20:00
20.des	fimmtudagur	09:00-21:00
21.des	föstudagur	09:00-21:00
22.des	**laugardagur**	**10:00-22:00**
23.des	**sunnudagur**	**10:00-22:00**
24.des	mánudagur	10:00-12:00

JÓLAGJAFIR

16.900

SG9220
Daewoo Kombi DVD/VHS

7.900

DVX276
LG DivX DVD spilari

3.490

HRA-3000PCUS
Roadstar útvarp

8.900

MPCS1572G
Scott
MP3 spilari

8.990

11086
Tangent útvarp

8.900

KOR69Y5SL
Daewoo örbylgjuofn

3.990

PO2790
Clatronic pizzaofn

2.290

ST2645
Clatronic samlokugrill

2.990

WA3116
Clatronic vöfflujárn

2.490

TA2980
Clatronic brauðrist

3.990

WKS2635
Clatronic hitaketill

3.290

DB3061
Clatronic straujárn

ES2970
Clatronic espressó vél

3.970

UM2927
Clatronic blandari

3.900

SM3044
Clatronic töfrasproti

4.490

CMX98
Scott útvarps-vekjari

3.990

40% afsláttur

Pottar mikið úrval

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is **www.ri.is**

Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16

LG
Lífið er gott

skoðun

greinar@frettabladid.is

Auðlindaskattur, réttlæti og laun:

Lítil umræða

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Alþingi hefur að tillögu sjávarútvegsráðherra fellt tímabundið niður auðlindaskatt af þorskveiðiréttindum. Óveruleg umræða hefur farið fram um þessa breytingu. Skýringin er hugsanlega sú að hér er um að ræða tiltölulega hóflegan skatt.

Talsmenn Framsóknarflokksins eru þeir einu sem að einhverju marki hafa látið að sér kveða í þessari umræðu. Þeir hafa með gildum rökum gagnrýnt ríkisstjórnina fyrir að ganga ekki nægjanlega langt í að fella skattinn alfarið niður um tíma að minnsta kosti. Almenn hagfræðileg rök mæla þannig með lækkun skatta á atvinnufyrirtæki fremur en styrkveitingum þegar aðstæður kalla á opinberar aðgerðir.

Einörð afstaða forystumanna Framsóknarflokksins í þessu máli er um margt athyglisverð þegar til þess er litið að rétt fyrir lok vorþings lét þáverandi flokksforysta að því liggja að til stjórnarslita gæti komið fyrir kosningar ef samstarfsflokkurinn féllist ekki á að festa í stjórnarskrá skyldu til þess að leggja skatt á alla nýtingu náttúruauðlinda í samræmi við gamlar tillögur svokallaðrar auðlindanefndar.

Ef horfið hefði verið að því ráði hefði ekki verið unnt að lækka skatt á sjávarútveginn eftir þorskniðurskurðinn; hvað þá að fella hann niður með öllu. Leggja hefði þurft nýjan skatt á bændur fyrir not afrétta og ennfremur á fyrirtæki og almenning vegna kaupa á raforku og heitu vatni.

Stundum er því haldið fram að auðlindaskattur sé annarrar náttúru en aðrir skattar fyrir þá sök að hann snúist um réttlæti. Sannleikurinn er þó sá að erfitt er að færa gild rök fyrir því að réttlætið sjálft felist í skattheimtu. Hún er hins vegar að ákveðnu marki réttlætanleg nauðsyn. Út frá hagrænum sjónarmiðum getur skattheimta svo verið misjafnlega skynsamleg og misjafnlega réttlát.

Flestum er til að mynda ljóst að ekki er sérlega réttlátt að láta eina auðlind bera skatt en ekki aðrar eins og gildandi löggjöf gerir ráð fyrir. Ástæðan fyrir því að þeir sem telja auðlindaskatt vera réttlætismál hafa ekki árætt að krefjast skattlagningar á orkubúskapinn er sú að skattur á því sviði á greiða leið beint út í verðlagið. Hækkun raforkuverðs og hitaveitureikninga yrði með öðrum orðum óvinsælt réttlæti.

Áhrifin á hag almennings eru óbeinni í sjávarútvegi. En þar gildir eins og annars staðar að skattar eru ekki útflutningsvara. Þeir fá ekki útrás í markaðsverði erlendis. Skattar sem leggjast á sjávarútveg en ekki aðrar atvinnugreinar hafa því fyrst og fremst þau hagrænu áhrif að veikja samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar um fjármagn og vinnuafl.

Ef arðsemi er minni í sjávarútvegi en annars staðar leitar fjármagn síður í þann farveg. En líklegast er að skattheimta af þessu tagi hafi fyrst áhrif í þá veru að veikja sjávarútveg í samkeppni um vinnuafl. Það þýðir á mæltu máli að skatturinn leiðir til þess að sjávarútvegurinn greiðir að sama skapi lægri laun en ella væri.

Margir eiga erfitt með að koma auga á afgerandi réttlæti í því að lækka laun í einni atvinnugrein en ekki öðrum með sérstakri skattheimtu. Augu forystumanna Framsóknarflokksins hafa á síðari hluta ársins verið nærmari en annarra fyrir þessum einföldu staðreyndum um réttlæti og hagræn áhrif skattheimtu.

Þessi afstaða verðskuldar því meiri athygli en hún hefur hlotið og reyndar nokkurt lof í fyrirferðarlítilli umræðu. Grundvallarspurningin er stór þó að fjárhæðin sé ekki risavaxin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÍSLENSK-AMERÍSKA FÉLAGIÐ

AÐALFUNDUR FÉLAGSINS

Aðalfundur Íslensk-ameríska félagsins
verður haldinn að Borgartúni 27, 1. hæð,
laugardaginn 29. desember kl. 15:00.

Dagskrá:
Hefðbundin aðalfundarstörf.
Samþykktir félagsins og nánari upplýsingar á
heimasíðu félagsins www.iceam.is

Stjórn Íslensk-ameríska félagsins

FRÁ DEGI TIL DAGS

Eiríkur hrifinn af Guðna
Guðni Ágústsson slær ekki slöku við þótt heita eigi að hann sé í jólafríi. Guðni sinnir kynningarstarfi fyrir endurminningar sínar af fullum krafti og verður á faraldsfæti fram á jólum. Ljóst er að bókin verður ein af þeim söluhæstu í ár enda hefur hún mælst vel fyrir víðast hvar; Eiríkur Bergmann Einarsson Evrópufræðingur eys hana til dæmis lofi á vefritinu Kistunni: „Í öllu falli er þetta fantavel skrifuð og skemmtileg bók þar sem þjóðin fær að kynnast Brúnastaðabóndanum ástsæla örlítið betur en hún þekkti áður," skrifar Eiríkur hrifinn.

En hvað um Framsókn?
En þótt bókin spyrjist vel út er þögnin í röðum Framsóknarmanna að verða ærandi. Þrátt fyrir krassandi kafla um til dæmis átök Guðna og Halldórs Ásgrímssonar heyrist ekki múkk frá framsóknarmönnum. Hvort skyldi það vera vegna þess að þeir hafa ekki nennt að lesa bókina eða vegna þess að þeir hafa ekkert að athuga við lýsingar Guðna á samskiptum þeirra Halldórs?

Góðir við áskrifendur
Árvakur hefur ákveðið að gera vel við áskrifendur Morgunblaðsins, það er að segja nýja áskrifendur. Dæmi eru um að nýir áskrifendur Morgunblaðsins borgi rúmar 1.200 krónur fyrir áskriftina meðan hún kostar 2.800 krónur fyrir alla aðra. Um sérstakt kynningarátak er að ræða, þar sem útaki af fólki undir fertugu var boðin tímabundin áskrift á þessum kjörum. Tilboðið gildir í ár og stendur þeim aðeins til boða sem lentu í úrtakinu og er boðin áskrift að fyrra bragði. Rótgrónir áskrifendur til margra ára borga fullt verð sem fyrr.

bergsteinn@frettabladid.is

Hinn árlegi aðventublús

Ég mun líklega missa af jólunum í ár. Mér skilst að þau hefjist í IKEA og séu nú komin í BYKO – hvort tveggja staðir sem ég fer ekki á nema hafa brýnt erindi. Það fór lítið fyrir jólunum á fótboltamótinu sem ég var á í Egilshöll sl. laugardag, jólatréð í Skautahöllinni minnti aðeins á þau, en þar sat ég frá 8 til 13 á sunnudag á innanfélagsmóti hjá Skautafélagi Reykjavíkur. Á þessum árstíma finnst mér stundum að verið sé að hegna mér fyrir að eiga virkar og duglegar dætur. Jólatónleikar, balletsýning, þrjú jólaböll fyrir utan þessi í skólanum og Lúsíutónleikarnir sem urðu fimm í ár. Það er meira að segja jólastund í skylmingunum.

Balletskólinn er til fyrirmyndar, jólatíminn er alltaf í lok nóvember því skólastjórinn er fyrir löngu búinn að gera sér grein fyrir því að það er nóg að gera í desember hjá nemendum og foreldrum. Óttast Þróttur og Skautafélagið að mér finnist ég ekki fá nóg fyrir æfingagjöldin ef æfingar hættu fyrr og jólamótunum væri sleppt? Hvað með þá góðu íslensku hefð að vera með álfaball á þrettándanum? Gæti það ekki komið í staðinn fyrir að minnsta kosti eitt jólaball?

Lífið heldur áfram

Milli þess sem ég vinn fulla vinnu, dáist að dætrunum á fyrrnefndum viðburðum, mæti í jólamatinn í vinnunni minni og eiginmannsins, fer með saumaklúbbnum í bæinn til að upplifa jólastemninguna og með stórfjölskyldunni á jólahlaðborð hef ég náð að búa til kerti, skera út laufabrauð og skrifa 150 jólakort (ef þú lesandi góður færð ekki kort frá mér er ástæðan sú að það hefur týnst í póstinum). Ég hef farið í þrjú jólaföstuboð og haldið eitt sjálf. Við mæðgur lékum vinnuhjú í Árbæjarsafni á jólasýningunni þar, náðum að gera aðventukransinn tímanlega og nutum þess að fara á aðventukvöldið í sóknarkirkjunni.

RAGNHILDUR VIGFÚSDÓTTIR

Í DAG | Jólaundirbúningur

Ég er bara búin að lesa eina jólabók (Þúsund bjartar sólir, yndisleg bók). Það þarf líka að fara með börnin til tannlæknis, í klippingu og sú eldri þyrfti að fara til augnlæknis, annars missir hún kannski alveg af jólunum. Já og við erum að lenda í tímahraki með að velja nýja eldhúsinnréttingu því smiðurinn er bókaður hjá okkur í janúar. Lífið heldur sumsé áfram þó jólin séu á næsta leiti.

Þvílík heppni að fá þetta óveður um daginn og geta hlýtt kalli lögreglunnar um að vera heima hjá mér með börnin. Þá náði ég að ljúka við jólakortin.

Heima eða heiman?

Það hefði verið gaman að fara á jólatónleika með öðrum en dætrum mínum og jafnvel að fara í aðventuferð til útlanda. Við fórum þrjú ár í röð til Kaupmannahafnar, horfðum á Hnotubrjótinn og fórum í Tívolí, hittum góða vini og skemmtum okkur vel. Þetta var bara svo flókið og rakst iðulega á einhverja sýninguna sem dæturnar áttu að taka þátt í. Til að einfalda lífið lögðum við þær af.

Annað forvarnastarf er að kíkja ekki einu sinni á jólablöðin sem berast með dagblöðunum. Ég þarf ekki á fleiri hugmyndum að halda um það hvernig ég get aukið stress mitt og valkvíða. Við héldum fjölskyldufund í byrjun desember til að ræða hvað okkur langar til að gera fyrir og um þessi jól. Nú var ákveðið að sleppa piparkökubakstri því dæturnar baka báðar í skólanum og fá því útrás fyrir gleðina við að skera út kökur og auk þess borðar enginn þessar heimagerðu nema ég. Piparkökuhúsið er keypt því aðalmálið er að skreyta það. Sortunum hefur verið fækkað niður í tvær, eiginmaðurinn bakar nú aðeins gyðingakökur og spesíur. Við erum löngu hætt að gera lifrarkæfu, síld, rauðrófusultu og jólakonfekt. Allir fara í jólaköttinn því við pössum öll í fötin frá því í fyrra. Ég keypti flestar jólagjafirnar í október. Ég skil ekki að ég skuli ekki hafa tíma til að upplifa hina eina og sönnu jólastemningu í einhverjum stórmarkaðnum?

Ég er farin að þrá bernskujólin, ekkert við að vera á aðventunni, engin jólaboð, eitt jólaball og frábært álfaball. Þvílík heppni að fá þetta óveður um daginn og geta hlýtt kalli lögreglunnar um að vera heima hjá mér með börnin. Þá náði ég að ljúka við jólakortin. Ég þrái að leggjast í rúmið með góða bók, Ellen og KK í bakgrunninum. Nokkurra daga jólahret kæmi sér vel.

Samráðið var blekking

UMRÆÐAN
Öryggis- og varnarmál

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru gefin fyrirheit um samráð í öryggis- og varnarmálum landsins. Þar segir: „Ríkisstjórnin mun fylgja markaðri stefnu í öryggis- og varnarmálum og koma á fót samráðsvettvangi stjórnmálaflokkanna um öryggismál." Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra, hefur einnig hælt sér af boðuðum samráðsvettvangi. Þó bólar ekkert á honum. Við fulltrúar í stjórnarandstöðunni höfum margoft spurt Ingibjörgu Sólrúnu af hverju boðaður samráðsvettvangur er ekki settur á laggirnar svo hann geti tekið til starfa. Hvað tefur ráðherrann, sem hefur ítrekað komið orðinu „samráðsstjórnmál" í umræðuna?

Markmiðið með boðuðum samráðsvettvangi stjórnmálaflokkanna var væntanlega að ná eins breiðri samstöðu og unnt er um varnar- og öryggismál landsins. En hver er staðan í dag? Jú, bæði Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og Ingibjörg Sólrún vinna frumvörp sem snerta þessi mál án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna. Hvaða falsheit eru það að boða samráð, en leggja síðan meginlínur í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar í myrkvuðum kompum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar? Upplýst er að Ingibjörg Sólrún hefur unnið frumvarp um Varnarmálastofnun, sem er til umræðu í þingflokkum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar og verður lagt fram eftir áramót, mun seinna en áætlað var. Einnig er Björn búinn að leggja fram frumvarp á Alþingi um að almannavarna- og öryggismálaráð marki stefnu í almannavarna- og öryggismálum til þriggja ára í senn. Hann hefur líka unnið frumvarp um varalið lögreglu sem er tilbúið í ríkisstjórn og verður lagt fram eftir áramót og frumvarp um öryggisþjónustu ríkisins sem hefur verið kynnt trúnaðarmönnum stjórnarflokkanna.

Hvað er á seyði? Átti samráðsvettvangur stjórnmálaflokkanna um öryggismál að taka til starfa eftir búið var að klára alla stefnumótun? Í stað samræðustjórnmála væri nær að utanríkisráðherra auglýsti nýtt fyrirbæri, þ.e. eftirásamráð. Eða er ástæðan sú að stjórnarflokkarnir treysta sér ekki til að opinbera ágreining sinn í málaflokknum? Nú þegar hefur Björn verið gerður afturreka í stjórnarsamstarfinu því Ingibjörg boðar stofnun Varnarmálastofnunar þó að ný stofnun í kringum ratsjárkerfið sé stílbrot að sögn Björns. En eitt er ljóst, boðað samráð við stjórnmálaflokkana um öryggismál var bara ein stór blekking eftir allt saman.

Höfundur er alþingismaður.

BURTON

BURTON ÚLPUR

BRETTI & BINDINGAR KONUR
BRETTI LUX OG FEATHER
BINDINGAR STILETTO

BURTON BUXUR

ANON GLERAUGU

OPIÐ ALLA
DAGA TIL JÓLA

GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200

BRETTI & BINDINGAR KARLAR
BRETTI CLASH, DOMINANT &
CUSTOM
BINDINGAR CUSTOM

Lítil Minni Minnst

Tilboð 1 - Kodak C713
7.0 megapixla myndflaga. Þægileg í notkun með Kodak EasyShare.

Verð á mánuði kr. **1667**
Staðgreiðsluverð 14.900

Tilboð 2 - Kodak M873
8.0 megapixla myndflaga. Traustur kassi, létt og meðfærileg.

Verð á mánuði kr. **2523**
Staðgreiðsluverð 23.900

Tilboð 3 - Canon Ixus 960 IS
12.1 megapixla myndflaga. Dúxar á öllum prófunum.

Verð á mánuði kr. **4995**
Staðgreiðsluverð 49.900

Tilboð 4 - Canon Ixus 70
7.1 megapixla myndflaga. Þrefalt zoom. Traust og örugg Canon vél.

Verð á mánuði kr. **3570**
Staðgreiðsluverð 34.900

www.hanspetersen.is

* Meðalverð á mánuði m.v. 12 mánaða greiðslukortasamning. nóv 2007

HANS PETERSEN
Engu gleymt í 100 ár

Mannréttindadómur, kirkja og skóli

UMRÆÐAN
Trú- og menntamál

HALLDÓR REYNISSON

Niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nokkurra foreldra gegn norska ríkinu hefur blandast inn í umræðuna um kirkju og skóla hér á landi.

Forsaga málsins er sú að þegar komið var á nýrri skipan trúarbragðafræðslunnar í norskum skyldunámsskólum í því skyni að öll börn fengju sömu fræðslu og kynntust viðhorfum hver annars, voru sett mjög þröng skilyrði fyrir undanþágu frá greininni.

Um væri að ræða fræðslu um trúarbrögð, en ekki trúarathafnir eða trúboð. Slík fræðsla væri auk þess mikilvæg í fjölmenningarsamfélagi. Umræddir foreldrar töldu brotið á sér með þessum þröngu undanþáguákvæðum, með tilliti til stöðu kristinna fræða í þessari sameiginlegu námsgrein og kærðu til Mannréttindadómstólsins.

Meirihluti Mannréttindadómstólsins gat ekki fallist á röksemdafærslu norskra yfirvalda um að hafna undanþágum. Ekki væri sýnt fram á í öllum tilvikum að norsk skólayfirvöld gætu tryggt samvisku- og trúfrelsi barna í öðrum trúfélögum og utan trúfélaga. Dómurinn byggði niðurstöðu sína einna helst á því að í markmiðsgrein norsku skólalaganna væri talað um að skólinn skyldi stuðla að kristilegu og siðferðilegu uppeldi. Því væri rétt að veita foreldrum með aðra lífsskoðun en þá kristnu undanþágur frá kennslunni. Þessi niðurstaða var með minnsta mun og að auki taldi dómurinn ekki ástæðu til að skoða hvort brotið hefði verið gegn banni við mismunun (þ.e. að meira væri fjallað um kristna trú en aðrar lífsskoðanir) vegna sérstöðu kristninnar í norskri sögu og menningu.

Á Íslandi gegnir töluvert öðru máli. Í markmiðsgrein grunnskólalaganna íslensku hefur aðeins verið talað um að skólastarfið eigi m.a. að einkennast af kristilegu siðgæði sem er auðvitað frekar opið og óljóst. Það hugtak getur allt eins vísað til sögulegrar þróunar siðferðishugmynda í íslenskri og vestrænni menningu eins og að lýsa ákveðnu inntaki þeirra hugmynda. Í samhengi skólastarfsins sýnist mér ennfremur að kristilegt siðgæði hafi verið talið það almennt að allir ættu að geta samþykkt það, t.d. náungakærleikur.

Eftir því sem ég hef komist næst hafa íslenskir skólar veitt undanþágur fyrir þá foreldra sem þess hafa óskað í krafti samvisku- og trúfrelsis, enda eru ákvæði í íslenskum lögum um undanþágur frá einstökum þáttum skólastarfs mjög opin. Dómurinn á því ekki við á hér á landi enda aðstæður aðrar en í Noregi. Það er mikilvægt að þessi munur

Í samhengi skólastarfsins sýnist mér ennfremur að kristilegt siðgæði hafi verið talið það almennt að allir ættu að geta samþykkt það, t.d. náungakærleikur.

á Íslandi og Noregi komi skýrt fram í umræðunni, ekki síst þegar farið er að flagga þessum dómi sem allsherjar bannfæringu á öllu samstarfi kirkju og skóla á Íslandi.

Til frekari upplýsinga bendi ég á heftið Mannréttindadómstóll Evrópu – dómareifanir, 1. hefti 2007 en þar reifar Björg Thorarensen prófessor dóminn á íslensku.

Loks óska ég lesendum gleðilegra jóla í sátt og friði.

Höfundur er verkefnisstjóri fræðslusviðs Biskupsstofu.

AF NETINU

Á villigötum

Þeir eru í skjallbandalagi á netinu Jónas Kristjánsson og Egill Helgason og nú hafa þeir sameinast um þá hugmynd Péturs Gunnarssonar, ritstjóra eyjan.is, að hér eigi að vera fjórir óeirðabílar á vegum óreiðalögreglu undir minni stjórn. Jónas lýsir þessari hugmynd þeirra félaga á þennan veg á vefsíðu sinni í dag: [...] Ég verð að hryggja þessa áhugamenn um öryggismál með því, að ég hef ekki neina tillögu í þá veru, sem þeir lýsa. Þeir verða líklega að flytja á eyjan.is til að njóta hennar í framkvæmd.

Björn Bjarnason
bjorn.is

Þetta er svona

Nú hef ég fengið staðfest að þetta kemur fram í því kostnaðarmati sem fjármálaráðuneytið gerði og fylgdi frumvarpinu um breytingar á lögreglulögum á ferð þess um íslenska stjórnkerfið, en vísan til bílanna mun ekki að finna í frumvarpinu sjálfu né greinargerð, enda væri það afar óvenjulegt að kveða á um það í lagatexta að kaupa eigi bíla. En svona er þetta: Hina skjalfestu heimild um áformin um að kaupa fjóra svona bíla er að finna í texta frá fjármálaráðuneytinu um kostnað við að hrinda frumvarpi Björns um breytingu á lögreglulögum í framkvæmd. Ólíklegt er að þetta sé hugmynd fjármálaráðuneytisins sjálfs.

Pétur Gunnarsson
eyjan.is/petur



15% afsláttur af öllu LEGO í dag

GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ

LEGO MARS MISSION

ÁRÁSARFLAUG, STÓR
7 - 14 ára

ÁRÁSARFLAUG
7 - 14 ára

BELTABÍLL
7 - 14 ára

FLUGSKIP
7 - 14 ára

GEIMBÍLL, STÓR
8 - 14 ára

BIONICLE

TOA TERRAIN SKIP
8 - 16 ára

HYDRAXON
8 - 16 ára

GADUNKA
8 - 16 ára

SLÖKKVISTÖÐ
m/ fylgihlutum
5 - 12 ára

HESTHÚS
2 - 5 ára

LEGO CITY SUPER PACK

LEGO RACERS
Fjarstýrður útibíll.
7,2 V hleðslurafhlaða, hleðslutæki og 9 V kubbur fyrir fjarstýringu fylgja.
8-14 ára

Gildir 18. desember á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SÖNGKONAN CHRISTINA AGUILERA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1980.

„Ég hef gaman af að taka áhættu og hef alltaf verið þannig, sérstaklega hvað varðar tísku.“

Christina Aguilera þykir hafa afar kraftmikla rödd og hefur hún unnið til fjölda verðlauna. Má þar nefna fimm Grammy-verðlaun og að auki hefur hún selt yfir þrjátíu milljónir platna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 18. DESEMBER 1682

Tyrkja-Gudda andast

Guðríður Símonardóttir, stundum nefnd Tyrkja-Gudda, lést á þessum degi, 84 ára gömul. Hún var í hópi þeirra sem teknir voru til fanga í Tyrkjaráninu 16. júlí 1627 en þá komu sjóræningjar frá Algeirsborg til Vestmannaeyja á þremur skipum. Þeir drápu 34 Eyjamenn og tóku 242 karla og konur með sér.

Sjóræningjarnir dvöldu þrjá daga í Vestmannaeyjum. Ránið hófst 20. júní árið 1627 þegar ræningjarnir komu á skipi til Grindavíkur og stóð til 19. júlí en þá héldu ræningjarnir heim á leið eftir að hafa numið á brott allt að 400 manns og myrt 40. Auk þess rændu þeir miklum fjármunum. Þeir gerðu strandhögg í Grindavík, á Austfjörðum og í Vestmannaeyjum.

TYRKJA-GUDDA Mynd frá uppfærslu á leikritinu Tyrkja-Gudda. Steinunn Jóhannesdóttir í hlutverki Guðríðar.

Guðríður var húsmóðir í Vestmannaeyjum. Henni og syni hennar Sölmundi var rænt og var hún seld í ánauð til Algeirsborgar og dvaldist þar í níu ár. Árið 1636 leysti Danakonungur þrjátíu og sjö Íslendinga út og komust þrettán þeirra heim og var Guðríður þeirra á meðal. Sölmundur sonur hennar varð eftir og hafði hann þá snúist til íslam. Hópurinn sem leystur var út var sendur til Kaupmannahafnar og fékk þar uppfræðslu í kristnum fræðum og upprifjun á móðurmáli sínu. Hallgrímur Pétursson sálmaskáld annaðist þá kennslu og felldu hann og Guðríður hugi saman og giftust. Þau fluttu til Íslands og bjuggu þar það sem eftir var.

MERKISATBURÐIR

1642 Abel Tasman sem Tasmanía heitir eftir kemur fyrstur Evrópumanna til Nýja-Sjálands.
1836 Snjóflóð fellur á Norðureyri við Súgandafjörð. Bærinn eyðilagðist og sex fórust.
1897 Fyrsta sýningin hjá Leikfélagi Reykjavíkur.
1939 Óratória er flutt á Íslandi í fyrsta sinn. Verkið var Sköpunin eftir Hayden.
1973 Eldur kemur upp í Stjörnubíói og brennur það til kaldra kola á tveimur tímum.
1982 Í Ríkisútvarpinu eru lesnar auglýsingar í samtals sjö klukkustundir sem er met.
2006 Donald Rumsfeld, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, segir af sér og Robert Gates tekur við.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Magnús Stefánsson
skipstjóri, Nýbýlavegi 84, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fimmtudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 21. desember kl. 11.00.

Guðrún Friðriksdóttir
Jórunn Magnússdóttir
Magnús Magnússon — **Metta Promjiem**
Hrafnhildur Magnúsdóttir — **Guðmundur Hárlaugsson**
Guðmunda Magnúsdóttir — **Ólafur Bragason**
Jóhanna Magnúsdóttir — **Steingrímur Benediktsson**
Friðrik Gíslason — **Guðríður Svavarsdóttir**
Ásgeir Gíslason — **Júlía P. Amporn**
Sigrún Gísladóttir — **Hörður Rögnvaldsson**
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Valdimarsson,
fyrrverandi skipstjóri, útgerðarmaður og veitingamaður frá Ólafsvík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans 12. desember. Útförin fer fram í Vídalínskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Guðrún Sigurðardóttir
Una Jóna Sigurðardóttir — **Níels Kirschberg**
Guðlaugur Kr. Sigurðsson — **Anna María Jónsdóttir**
Kristín Guðbjörg Sigurðardóttir — **Bjarni Arnarson**
Valdimar G. Sigurðsson — **Rannveig H. Kristinsdóttir**
Níels Pétur Sigurðsson — **Hrefna Kristmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, bróðir, mágur og frændi,

Jón Kr. Gíslason
Hvannavöllum 6, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsinu á Akureyri hinn 12. desember sl. Útförin verður gerð frá Akureyrarkirkju, fimmtudaginn 20. desember kl. 13.30.

Jónína Helgadóttir
Jóhannes Gíslason — **Ásgerður Lilja Hólm**
og systkinabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Lárus Gunnólfsson
skipstjóri, Tröllateigi 20, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu laugardaginn 8. desember. Lárus verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 15.00.

Guðríður Bjarnadóttir
Gunnólfur Lárusson — **Unnur Lilja Elíasdóttir**
Örnólfur Lárusson — **Linda S. Aðalbjörnsdóttir**
Bjarnólfur Lárusson — **Þóra Björg Clausen**
afabörn og langafabarn.

UPPELDI Í TUTTUGU ÁR Stefanía telur mikilvægt að tímarit á borð við Uppeldi séu til fyrir foreldra sem eru að fást við uppeldi barna sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

STEFANÍA GYÐA JÓNSDÓTTIR RITSTJÓRI: UPPELDI TUTTUGU ÁRA

Tímarit fyrir venjulegt fólk

Á því herrans ári 2007 sem nú er að líða var tuttugasti árgangur tímaritsins Uppeldi gefinn út. „Í ár hafa öll blöðin verið gefin út undir merkjum tuttugu ára afmælisútgáfu og gáfum við út tvö stór afmælisrit. Annað tölublaðið í vor var gefið út frítt og líka fimmta tölublaðið sem var að detta úr prentun,“ segir Stefanía Gyða Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Uppeldis.

„Þessum afmælisritum hefur verið dreift mjög víða og eru þau í veglegri kantinum,“ útskýrir Stefanía en hún og eiginmaður hennar, Benjamín Árnason, eiga tímaritið og reka. „Við höfum nú rekið tímaritið í nokkur ár en erum ekki upphafsmenn þess. Hörður Svavarsson og Kristín Elva Guðnadóttir blaðamaður byrjuðu með tímaritið en það hafði eitthvað skipt um hendur þegar við tókum við því,“ segir Stefanía og bætir við að tækifærið til að eignast tímaritið hafi eiginlega komið upp í hendurnar á þeim. „Okkur finnst þetta áhugavert og svona tímarit þurfa að vera til. Við höfum haft það að leiðarljósi að skrifa um uppeldi fyrir venjulegt fólk og þá á ég við að við stílum inn á venjulega pabba og mömmur úti í bæ sem eru að bisa við þessa venjulegu hluti með koppinn og bleyjurnar, eyrnabólguna og allt þetta. Við höfum samt gætt þess að hafa fagfólk með í för og eru fagaðilar bæði í ritnefnd og sem ráðgjafar en við pössum samt að hafa þetta á mannamáli.“

GAMLI OG NÝI TÍMINN Nýjasta tölublað Uppeldis við hlið tveggja eldri útgáfa.

Í Uppeldi skrifa bæði lærðir og leikir um uppeldismál, hegðun og þroska barna. Stefanía leggur ríka áherslu á að efnið sé vandað og auðskiljanlegt og höfði til foreldra og annarra sem hafa áhuga á uppeldi. Hægt er að senda fyrirspurnir og þær eru þá lagðar fyrir viðeigandi sérfræðinga og svör gefin í tímaritinu. „Við erum með mjög tryggan áskrifendahóp og margir búnir að vera í fjölda ára. Í tilefni afmælisins bjóðum við upp á áskriftartilboð sem skoða má nánar á heimasíðu okkar, uppeldi.is. Í boði er áskrift að sex blöðum fyrir einungis 4.842 krónur í heilt ár. Einnig má velja sér sex eldri blöð í áskriftargjöf þannig að þetta eru í raun tólf blöð,“ útskýrir Stefanía og bendir á að tilboð sem þetta geti verið tilvalin jólagjöf. „Það er ekki óalgengt að afar og ömmur gefi foreldrum áskrift að tímaritinu. Þetta er tímarit um venjuleg mál fyrir venjulegt fólk. Við erum ekki að rembast við að vera allt of fræðileg þó að tímaritið sé vissulega faglega unnið,“ segir Stefanía og hvetur sem flesta til að kynna sér tímaritið. **hrefna@frettabladid.is**

70 ára afmæli

Sigvaldi Arason,
verktaki og fyrrverand framkvæmdastjóri Borgarverks hf. í Borgarnesi er 70 ára í dag. Sigvaldi tekur á móti gestum á Hótel Borgarnesi föstudaginn 28. desember frá kl. 20.00.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

EFTIRMINNILEG JÓL

6 MILLJÓN PUNKTAR

Panasonic

Panasonic DMCLS60
Stafræn MYNDAVÉL með 6,0 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LUMIX DC Vario linsU, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 5.8 - 17.4mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 2.0" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort.

TILBOÐ 14.990
FULLT VERÐ kr. 16.990

7.1 MILLJÓN PUNKTAR

OLYMPUS

Olympus FE270SIL
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 4 myndstærðum, 15 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB 2.0 og 6.9MB innra minni. Tekur xD kort. 122g.

VERÐ 15.990
FRÁBÆRT VERÐ

8 MILLJÓN PUNKTAR

OLYMPUS

Olympus FE280SIL
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 manual stillingum, hreyfimyndatöku, 3 myndstærðum, 20 Scene Modes, Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofa USB 2.0 og 40MB innra minni. Tekur xD kort. 108g.

VERÐ 19.990
FRÁBÆRT VERÐ

7.2 MILLJÓN PUNKTAR

CASIO YouTube CAPTURE MODE

Casio EXZ77
MYNDAVÉL með 7.2 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, 11.4MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort og rafhlöðu sem dugar 190 skot. Fæst rauð eða silfurlituð.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

10.1 MILLJÓN PUNKTAR

CASIO YouTube CAPTURE MODE

Casio EXZ1080
MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta upplausn, EXILIM Engine 2.0, BESTSHOT, Face Detection function, Anti-Shake DSP, 2.6" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 7.39 - 23.7mm linsu, You Tube Capture Mode, hreyfimyndatöku, Innovative H.264 Movies, 15MB innra minni, rauf fyrir SD/SDHC kort og rafhlöðu sem dugar 370 skot.

TILBOÐ 26.990
FULLT VERÐ kr. 32.990

3 LITIR – BLÁ, SVÖRT OG SILFUR

8 MILLJÓN PUNKTAR

OLYMPUS

Olympus MJU820
Digital MYNDAVÉL með 8 milljóna punkta upplausn, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 7.4 - 22.2mm linsu, 2,7" LCD skjá, Dual Image Stabilization hristivörn, hreyfimyndatöku, 8 myndstærðum, 20 Scene Modes, tímarofa, USB og 28,4MB innra minni ofl. Tekur xD kort.

VERÐ 24.990
FRÁBÆRT VERÐ

HÖGGHELD

HRISTIVÖRN VATNSVÖRN

5 litir

7.1 MILLJÓN PUNKTAR

OLYMPUS

Olympus MJU790SW
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, vatnsheld að 3m dýpi, höggheld úr 1.5m hæð, 3x Optical og 5x Digital Zoom, 6.7 - 20.1mm linsa, 2,5" LCD skjár, frábær við öll birtuskilyrði, hreyfimyndataka með hljóði, USB og 14.7MB innra minni ofl. Tekur xD kort.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ

7.1 MILLJÓN PUNKTAR

OLYMPUS

OLYMPUS SP550UZ
Digital MYNDAVÉL með 7.1 milljónir punkta upplausn, 18x Optical Zoom og 5.6x Digital Zoom, 4,7 - 84,2mm linsu, 2,5" LCD skjá, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure og 3 Manual stillingum, hreyfimyndatöku með hljóði, 9 myndstærðum, 23 Scene Modes, tímarofi, 20MB innbyggðu minni og USB tenginu við tölvu. Tekur xD kort.

TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ kr. 48.990

Panasonic

EISA AWARD Best Product 2007-2008 EUROPEAN COMPACT CAMERA PANASONIC DMC-TZ3

7.2 MILLJÓN PUNKTAR

Panasonic DMCTZ3
Stafræn MYNDAVÉL með 7,2 milljón punkta upplausn, Venus Engine II, LEICA DC Vario linsu, 10x Optical og 4x Digital Zoom, 4.6 - 46mm linsu með MEGA OIS hristivörn, 3" LCD skjá, hreyfimyndatöku og rauf fyrir SD/SDHC kort. 27MB innra minni.

VERÐ 44.990
FRÁBÆRT VERÐ

EISA AWARD Best Product

10 MILLJÓN PUNKTA

Olympus E510KIT
Digital SLR MYNDAVÉL með 10 milljón punkta upplausn, hristivörn, Live View, Supersonic Wave Filter sem eyðir ryki, 14 - 42mm (35mm samb.: 28 - 84mm) linsa fylgir, 2,5" LCD skjár, Autofocus og Auto White Balance, Auto Exposure ofl, tímarofa, USB 2.0. NTekur CompactFlash og xD kort. Skipta má um Digital linsur.

VERÐ 79.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

JVC GRD740
Digital DV TÖKUVÉL með 2,7" LCD skjá með 1/6 CCD upptökuflögu með 800.000 dílum, 520 lína upplausn, 800x Digital Zoom, 34x Optical Zoom, DV útgangi, Snapshot möguleika og Digital ColorNightScope (myndar í myrkri).

TILBOÐ 24.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL

2,7"

JVC 30GB

GZMG130
Digital Media TÖKUVÉL með 30GB hörðum diski (allt að 37.5 tíma upptaka) og kyrrmyndavél, 1/6" upptökuflögu með 800.000 dílum, 2,7" LCD skjá, 34x Optical Zoom og 800x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku, USB 2.0 og titringsdeyfi. Tekur SD/SDHC kort kort.

TILBOÐ 49.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL

JVC 20GB

JVC GZMG47
Digital Media TÖKUVÉL með 20GB hörðum diski (allt að 25 tíma upptaka) og kyrrmyndavél, 1/5" upptökuflögu með 1.33 MegaPixel upplausn, 2,7" LCD skjá, F1.2 linsu, tekur Secure Digital kort, 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0.
Tekur SecureDigital kort. **Everio Share Station fylgir!**

TILBOÐ 54.990
FULLT VERÐ kr. 74.990

INNBYGGÐ KYRRMYNDAVÉL

3CCD

JVC 60GB

JVC GZHD3
HD Digital Media TÖKUVÉL með 60GB hörðum diski og 3 myndflögum, Konica Minolta HD linsu, HD upptöku (1440x1080i), 2,8" LCD breiðskjá, 10x Optical og 200x Digital Zoom, kyrrmyndavél, hljóðnematengi, titringsdeyfi, USB 2.0, HDMI, FireWire, Component, SVHS og Composite útgangi. Tekur SD/SDHC kort.

TILBOÐ 119.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

Panasonic

3CCD FULL HD 1080p

Panasonic HDCSD5
HÁSKERPU TÖKUVÉL með Full HD upplausn (1920 x 1080), 3CCD 1/6" upptökuflögum með 560.000 punkta upplausn hver, Leica Dicomar Linsu, Viera Link, 10x Optical og 700x Digital Zoom, Color Night view, Advanced O.I.S titringsdeyfi, 2.7" LCD breiðskjá, Dolby Digital hljóðupptöku og USB 2.0.Tekur á SD/SDHC kort.

EISA AWARD Best Product 2007-2008 MEMORY CAMCORDER Panasonic HDC-SD1

SanDisk 8GB

SanDisk 8GB SD kort fylgir frítt!

TILBOÐ 99.990
FULLT VERÐ kr. 109.990

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

GÆÐA STÆÐUR

JVC

DIVX VIDEO

DVD VIDEO

JVC UXS11
10w RMS Míkrósamstæða með MP3 geislaspilara, Bass Boost, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Auto Reverse segulbandi, Aux inngangi að framan, kukku, heyrnartólstengi og fjarstýringu. Spilar CD-R/RW.

VERÐ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ

SPILAR MP3 DISKA

JVC UXS20
Míkrósamstæða með MP3 geislaspilara, 50w RMS magnara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Aux Inn að framan, heyrnartólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

SPILAR MP3 DISKA

JVC UXG70
MÍKRÓSAMSTÆÐA með 5 diska DVD spilara, 160w magnara, Progressive Scan, Dolby Digital og DTS, RDS útvarpi með stöðvaminnum, Sound Turbo II með kvikmynda- eða tónlistastillingu, Aux inn.að framan, USB, Scart og Component tengi, Digital Optical og Subwoofer út., heyrnartólstengi ofl.

VERÐ 44.990
FRÁBÆRT VERÐ

GRUNDIG

Grundig CDS7000DEC
90w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, RDS útvarpi með 40 stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, Digital Sound Control, USB, Aux inn, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

SPILAR MP3 DISKA

Dantax

Dantax PRO2040
2x100w ÚTVARPSMAGNARI með RDS útvarpi með stöðvaminnum, 4 x Audio inn, 4 x Video inn og góðum geislaspilara.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

ÞRÁÐLAUSIR HÁGÆÐA JBL HÁTALARAR

JBL

JBL CONTROL24BG
Þráðlausir BAK/HILLU HÁTALARAR með 2.4GHz þráðlausum sendi sem dregur 21m, 1,2sm tweeter, 10sm miðju/bassa, 50Hz - 20KHz tíðni, 100v - 240v og 50/60Hz.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

DVD VIDEO DIVX VIDEO

Philips HTS3154
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) Digital magnari, 5 litlum hátölurum og bassaboxi, spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra, CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 stöðvaminnum, SCART (með RGB), USB tengi ofl.

TILBOÐ 17.990
FULLT VERÐ kr. 24.990

PHILIPS

DVD VIDEO DIVX VIDEO

Philips HTS3357
HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD SPILARA, 600w (4x75w og 2x150w RMS) Digital magnari, Video Upscaling, 2 framhátölurum, miðju, 2 bakh. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með 40 stöðvam., USB og Line-In að framan, SCART (með RGB) og HDMI tengi ogfl.

TILBOÐ 34.990
FULLT VERÐ kr. 39.990

Panasonic

Panasonic SCPT450
Öflugt HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DVD spilara, 1000w (4x125w og 2x250w RMS) Digital magnara, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, 5 hátölurum og Bassaboxi, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarp með stöðvaminni, tónjafnara, hljóðinngangi (RCA), Scart, HDMI, Component tengi ofl.

VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

Panasonic SCPT850
HEIMABÍÓKERFI með 1000w (4x125w og 2x250w RMS Digital magnara, fjölkerfa DVD SPILARA, Video Upscaling í 720p/1080i/1080p, 12bit/108MHz Video DAC, Progressive scan, Auto Speaker setup, 4 gólfh., miðjuh. og bassabox, Viera Link, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með stöðvam., RCA inng., Digital Optical inng., USB tengi, Scart, HDMI og Component tengi ofl.

VERÐ 69.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC DVD VIDEO DIVX VIDEO

JVC THD5
HEIMABÍÓKERFI með DivX DVD spilara og 810w (5x140) Dolby Digital/DTS magnara, 5 umhverfishát. og bassaboxi, Video uppskölun í 720p/1080i með HDMI, Progressive Scan, iPod vöggu, USB 2.0, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC á PAL sjónv., FM útvarp með stöðvaminnum, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Optical og Aux inn. ofl.

VERÐ 59.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC DVD VIDEO DIVX VIDEO

JVC THD7
HEIMABÍÓKERFI með DivX DVD spilara og 810w (5x140) Dolby Digital/DTS magnara, 2 gólfhát., miðju, 2 bakhát. og bassaboxi Video uppskölun í 720p/1080i með HDMI, Progressive Scan, iPod vöggu, USB 2.0, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, NTSC á PAL sjónv., FM útvarp með stöðvaminnum, Scart, HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi, Digital Optical og Aux inn. ofl.

VERÐ 99.990
FRÁBÆRT VERÐ

harman/kardon

JBL

HarmanKardon HK3380 2x80w RMS ÚTVARPSMAGNARI með RDS útvarpi með stöðvaminnum, 7 x Audio Input, 4 x Video Input og Subwoofer output. **HarmanKardon HD950** GEISLASPILARI með 24 bita 176kHz Multi Bit Sigma-Delta DAC, Digital Coaxal og Optical inn- og útg., gulltengi ofl. **JBL L830 - Studio L** 300w HILLU HÁTALARAR.

TILBOÐ 104.990
FULLT VERÐ kr. 119.990

harman/kardon

JBL

HarmanKardon AVR132 2x40w, 5x30w RMS HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro Logic II og RDS útvarpi með stöðvaminnum. **HarmanKardon DVD27** Fjölkerfa DivX DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS. **HarmanKardon HKTS11** Heimabíó HÁTALARASETT með fimm 120w hátölurum og bassa með 200w RMS magnara.

TILBOÐ 109.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

harman/kardon

JBL

HarmanKardon AVR132 2x40w, 5x30w RMS HEIMABÍÓMAGNARI með Dolby Digital og DTS, Dolby Pro Logic II og Digital delay og RDS útvarpi með stöðvaminnum. **HarmanKardon DVD27** Fjölkerfa DivX DVD SPILARI með Progressive Scan, Dolby Digital og DTS. **JBL BALBOA** 2x125w BAK/HILLU HÁTALARAR. 1x150w MIÐJUHÁT. 2x150w GÓLFHÁT. 8" BASSI með 100w RMS MAGNARA, 50-150Hz.

TILBOÐ 139.990
FULLT VERÐ kr. 174.990

Verð kr. 3.490,- m/vsk

Jólabók golfarans!

eftir Arnar Má Ólafsson og Úlfar Jónsson

Fæst í helstu bókabúðum og víðar!

heimur Borgartúni 23 · 105 Reykjavík · Sími: 512 7575 - www.heimur.is



Fjóla María æfði glímu og sund sem krakki. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Syndir á sunnudögum

Desember er sá mánuður þegar við förum mörg að slá slöku við í líkamsræktinni og borðum ívið meira en aðra mánuði ársins. Einhverjir láta þó ekki aðventuna slá sig út af laginu og halda áfram að hreyfa sig.

„Það sem heldur manni í formi er að hafa einhver markmið, vera búin að festa eitthvað og vinna að því, það er svo gaman að sigrast á einhverju," segir Fjóla María Ágústsdóttir, stjórnunarráðgjafi hjá Capacent, en hún er mikil keppnismanneskja í anda. „Ég er nú búin að yfirfæra keppnina á lífið og keppi bara við sjálfa mig en ég hef alltaf sett mér markmið og það keyrir mig áfram."

Fjóla er alin upp í Mývatnssveit og fór snemma að stunda íþróttir í sveitinni. „Ég hef nú prófað allar mögulegar íþróttir og var fljótlega skellt í glímubeltið í leikfimi og svo frjálsar íþróttir í sveitinni, þar var maður að spila fótbolta og æfa sund og svo prófaði ég klettaklifur og sig úti í Bretlandi og á Úlfljótsvatni á klifurvegg," segir Fjóla og bætir við að hún syndi ennþá á sunnudögum auk þess sem hún fer út að hlaupa þegar tækifæri gefst.

„Í vor var ég að æfa fyrir þrekmeistarann en svo tókum við ekki þátt vegna meiðsla í hópnum. Svo skokka ég alltaf svona inn á milli, það heldur manni við því að stundum er meira að gera í vinnunni og stundum minna og maður verður bara að sigla eftir því hvað er hart í vindi," útskýrir Fjóla en í vinnunni er hún mikið á fundum auk þess að kenna og hittir nýtt fólk á hverjum degi og segir ekki síður mikilvægt að halda sér í andlegu formi. „Þetta er allt tengt og það að halda sér í formi gefur heilbrigða sál í hraustum líkama en maður þarf líka að kunna að slaka á. Maður þarf að borða reglulega og reyna að borða mat sem er ekki mikið unninn, helst ekki eitthvað sem er búið að pakka inn í rasp og eitthvað samsulli og öll næringarefni farin úr," segir Fjóla sem er matvælafræðingur að mennt en bætir því við að maður verði líka að leyfa sér að njóta og borða eitthvað sem manni þykir gott.

Fjóla er mikill göngugarpur og hefur gengið á öll helstu fjöll í kringum Reykjavík og fyrir norðan auk þess sem hún spilar golf. „Ég lærði golf úti í í Skotlandi og spilaði grimmt í tvö, þrjú sumur og keppti á einhverjum mótum en það hefur eitthvað verið að dala. Svo hef ég einu sinni farið í píslargönguna í kringum Mývatn sem er 36 kílómetra ganga," bætir hún við.

Fjóla hefur verið upptekin fyrir jólin við að koma nýrri tölvutösku úr íslensku roði, sem hún sjálf hannar, á markaðinn undir merkinu Fjóla María Design en er þessa stundina að pakka niður í ferðatösku því hún ætlar ekki að eyða jólunum hér heima „Við erum á leiðinni í Dóminíska lýðveldið og ætlum að eyða jólunum þar og hvað verður í jólamatinn er alveg óráðið en við erum búin að velja veitingastað þar sem verður pantað um leið og við komum út," útskýrir Fjóla en hún festir sig ekki í hefðunum um jólin og hefur til dæmis matreitt kengúru í jólamatinn.

heida@frettabladid.is

allt

jólin koma

Konfekt er vinsælt á jólunum og gaman getur verið að búa það til sjálfur. Súkkulaði svíkur engan og er konfekt því ávallt fín gjöf.

Lítum eftir ljósum

ÞÓ LJÓSIN GLEÐJI OKKUR ÞÁ ER AÐGÁTAR ÞÖRF ÞEGAR LOGAR Á KERTUM OG SERÍUM. HÉR ERU VARNAÐARORÐ ÚR BÆKLINGI NEYTENDASTOFU.

1. Látum aldrei loga á ljósunum á jólatrénu yfir nótt eða þegar við erum að heiman.
2. Hendum gömlum jólaljósum sem eru úr sér gengin.
3. Notum ætíð ljósaperur af réttri gerð, stærð og styrkleika.
4. Gætum þess að brennanleg efni séu ekki nálægt jólaljósunum.
5. Inniljós má aldrei nota utandyra.
6. Látum logandi kerti aldrei standa ofan á raftæki.
7. Góður siður er að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir hver jól.

Anne Helen segir alls konar fólk heimsækja Litlu jólabúðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólabörn eru á öllum aldri

Við Laugaveg í Reykjavík er rekin jólabúð allan ársins hring. Eigandi verslunarinnar segir íslensk jólabörn á öllum aldri því alls konar fólk kemur í búðina.

„Ég hef alla tíð verið mikið jólabarn og það kemur því kannski ekki á óvart að ég hafi farið í að opna jólabúð," segir Anne Helen Lindsey sem á og rekur Litlu jólabúðina á Laugavegi.

„Ég var með heildsölu og seldi minjagripi fyrir ferðamenn til verslana og út frá því kviknaði sú hugmynd að setja á fót jólabúð.Ég byrjaði með hana á Grundarstíg, í bakgarðinum heima hjá mér. Þar var hún fyrstu fjögur árin en flutti svo á Laugaveg þar sem hún er nú."

Anne Helen segir marga sakna þess að koma á Grundastíginn. „Það var rosalega skemmtileg aðkoma að búðinni þar. Ég var til dæmis með eitt af trjánum í garðinum jólaskreytt allt árið. Viðskiptin hafa hins vegar aukist mikið síðan ég flutti mig á Laugaveginn. Nú er meira um að fólk villist hingað inn en áður fékk ég meira af fólki sem var sérstaklega komið til að skoða og kaupa jólavörur."

Anne Helen segir þá sem heimsækja búðina vera á öllum aldri. „Það er ekki einsleitur hópur sem hingað kemur, það er allt frá börnum upp í gamalt fólk. Ég fékk hér inn stráka fyrir skemmstu sem voru í frímínútum í skólanum og finnst stórmerkilegt að geta keypt jóladót allt árið um kring."

Anne Helen segir styttur af íslensku jólasveinunum vera vinsælustu vöruna hjá sér núna. Annars vegar eru það jólasveinar eftir Brian Pilkington og hins vegar jólasveinar sem eru gerðir fyrir Jólagarðinn á Akureyri.

Anne Helen segir að hún sé ein af þeim sem hefur alltaf verið jólabarn. Það liggur því beint við að spyrja hana hvernig hún haldi upp á jólin sjálf. „Jólin heima hjá mér eru ósköp hefðbundin. Ég skreyti mikið og við borðum jólamat. Það eina sem hefur breyst er að ég spila ekki lengur jólatónlist heima. Hún ómar hér allt árið og það er því ágætt að hafa smá kyrrð heima við."

hnefill@frettabladid.is



Jólapósturinn

ÞESSA DAGANA ER FÓLK SEM ÓÐAST AÐ KOMA JÓLAKORTUM OG PÖKKUM Í PÓST.

Nú sitja margir við að skrifa á jólakortin til vina og ættingja. Laufabrauðsfrímerkin sjálflímandi fara vel á jólapóstinum og það sparar mikinn tíma að kaupa þau fyrirfram í bókabúðum og víðar í stað þess að standa í biðröðum í pósthúsum.

En til að vera viss um að jólapakkar og jólakort innanlands skili sér fyrir jól er miðvikudagurinn 19. desember síðasti öruggi skiladagur fyrir jólapakkana og 20. fyrir jólakortin.

TNT sendingar til Evrópu hafa frest til 19. desember og TNT sendingar til landa utan Evrópu til 18. desember.

Þá er að huga að pósthúsunum og þeim tíma sem þau eru opin. Pósthúsin á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri eru opin lengur á daginn um þennan tíma en annan. Á virkum dögum í þessari viku eru þau opin frá 9 til 20, á laugardaginn frá 10 til 17, sunnudaginn frá 13 til 17 og á aðfangadag frá 9 til 12. Í öðrum kaupstöðum landsins eru pósthúsin opin til 18 í þessari viku, milli 10 og 14 um helgina og 9-12 á aðfangadag.

Þess má geta að Pósturinn er með opið jólapósthús í Kringlunni, Smáralind og á Glerártorgi á Akureyri.

-gun

Súkkulaðihúðaðir jólastubbar

UM JÓLIN ER UM AÐ GERA AÐ EIGA ALLS KONAR KÖKUR HANDA GESTUM OG GANGANDI SEM ERU MISHÁIR Í LOFTINU.

SÚKKULAÐISTUBBAR
175 g smjör
1 dl sykur
2 dl (u.þ.b. 125 g) hnetukjarnar, fínhakkaðir
3 dl hveiti
2 msk. mjólk eða rjómi

TIL SKREYTINGA
50 g súkkulaði

Smjörið og sykurinn er hrært saman. Fínsöxuðum hnetunum blandað í og síðan er hveitið og mjólkin sett út í hræruna til skiptis. Deigið er hnoðað létt og rúllað út í fingurþykkar lengjur sem eru látnar standa og kólna um stund. Skornar niður í 5 cm langa bita og kökurnar bakaðar í ofninum miðjum í u.þ.b. 10 mínútur á 175-200°C. Látnar kólna um stund.
Súkkulaðið er brætt í vatnsbaði og öðrum enda hverrar köku stungið í það.

Stagg Þjóðlagagítar
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, , eMedia tölvudiskur.

Kr. 13.900

Fáanlegir Litir:
Viðarlitaður,
Sunburst,
Svartur,
Blár.

Gítarinn
Stórhöfða 27 • S. 552 2125
www.gitarinn.is

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Ljómandi húð um jólin

Desember er dásamlega nautnafullur. Dýrindis sælkerafæða á hverju strái, en skyldi hún taka annan útlitslegan toll en stærri maga? Hvernig verður húðin eftir syndsamlegt óhóf konfekts, rjóma, feitra steika og dísætra líkjöra?

Eva Ásgeirsdóttir, snyrtifræðingur í Paradís, gefur viðskiptavini slakandi andlitsbað. Hún segir desember vera álagstíma fyrir hörund kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er einstaklingsbundið hversu vel útlitið þolir óhófið, en vissulega er jólamatur saltur og mikið unninn, sætur og feitur í eftirréttum og alltaf yfrið nóg að bíta og brenna, og þá gleymist oft að drekka vatn í leiðinni," segir Eva Ásgeirsdóttir, snyrtifræðingur á snyrti- og nuddstofunni Paradís, þegar hún er innt eftir því hvernig best sé að halda húðinni fagurri í munúðartíð desember.

„Númer eitt, tvö og þrjú er að hreinsa húðina vel, nota góðan andlitshreinsi og andlitsvatn, góð rakakrem, og kornakrem á hálfsmánaðar fresti til að hreinsa dauðar húðfrumur, því sandkristallar í kornakremum gefa húðinni sjáanlega aukinn ljóma og betra útlit," segir Eva, og bætir við að rakamaski geri einnig kraftaverk á þreyttri húð.

„Desember er mikill álagstími, allir á ferðinni, aukin mengun í andrúmsloftinu og streita allsráðandi. Nú er einnig sá árstími þegar lítillar dagsbirtu nýtur og kuldinn verður meiri, sem um leið þurrkar húðina og ýtir undir hrukkumyndun. Þessi samverkandi áhrif hafa slæm áhrif á hörund okkar og því mikilvægt að byggja upp húðina með góðri umhirðu," segir Eva, sem mælir með markvissri húðumhirðu fyrir konur frá tvítugu og upp úr.

„Eftir fertugt þurfa konur að huga að næturkremsnotkun, en yngri konur þola 24 stunda krem með minni virkni. Þá er mikilvægara að horfa í innihald krema í stað verðmiðans, því dýr krem eru ekki endilega betri kostur en þau ódýrari. Við konur erum jafn mismunandi og við erum margar og það sem hentar einni hentar annarri síður. Við þurfum því að finna eigin línu, en ég mæli með að konur skipti reglulega um krem þar sem húðin mettast með tímanum og kremið hættir að gera það sem það á að gera," segir Eva, sem mælir hiklaust með andlitsbaði í jólaamstrinu.

„Andlitsböð eru dásamlega slakandi, auka raka og ljóma húðarinnar með nuddi, gufu, kreistun, hreinsun og góðum maska. Heima má líka gera kraftaverk með kornakremi og maska, því þegar dauðar húðfrumur liggja ofan á þreyttri húð nær krem engri virkni, rétt eins og fætur losna ekki við sigg með kreminu einu saman. Því verður að fjarlægja dauðar húðfrumur til að ná heilbrigðu útliti, en dæmi um þörf á slíku er þegar konur glansa mikið undir farða vegna þess að húðfita kemst ekki í gegnum lag dauðra húðfruma."

thordis@frettabladid.is

Einfaldlega ódýrt

Brunndæla 400w
kr. 4.495 stgr.

Hjólsög 1400w í tösku, 2 blöð fylgja
kr. 6.210 stgr.

SDS Höggborvél 1500w
kr. 10.995 stgr.

Kúttari 1800w með framdragi, + borðstandur, + laser,
kr. 16.450 stgr.

Tífsög 850w
kr. 7.750 stgr.

Bútsög 2000w
kr. 14.100 stgr.

Hleðsluskrúfjárn 4,8 V
kr. 1.795 stgr.

Rafmagnstalía 400 / 800kg
kr. 17.860 stgr.

Súluborvél 350w 1,5 - 13mm
kr. 7.880 stgr.

Slípirokkur 500w 115mm
kr. 1.695 stgr.

Rafmagnshefill 600w
kr. 2.795 stgr.

Fræsari 1200w fræsitannasett fylgir
kr. 6.375 stgr.

Stingsög 600w
kr. 3.495 stgr.

Fjölslípari 130w aukahlutir og standur fylgja
kr. 2,395 stgr.

Loftpressa 1500w 24 lítra 8 bar 206 L/mín
kr. 11.960 stgr.

Snúruborvél 500w
kr. 1.645 stgr.

Snúruborvél 550w Sjálfherðandi patróna
kr. 1.960 stgr.

Hitabyssa 2000w
kr. 3.250 stgr.

Slípirokkur 2400w
kr. 12.995 stgr.

Bandslípivél 800w
kr. 3.995 stgr.

Jeppatjakkur 2.250kg sem lyftir 150 - 250mm
kr. 9.165 stgr.


Veltisög
kr. 49.000 stgr.

Bandsög 350w
kr. 11.925 stgr.

Smergel 120w
kr. 2.920 stgr.

Flísasagir 450w
kr. 6,995 stgr.

Réttingatjakkur 10 tonn
kr. 41.400 stgr.

Vinnustóll 38 - 51 cm
kr. 5.710 stgr.

Legubretti Pro-lift
kr. 4.855 stgr.

Bónvél 110w
kr. 2.585 stgr.

Borðsög 1600w
kr. 15.870 stgr.

Verkfæralagerinn
Skeifan 8 • 108 Reykjavík • Sími: 588-6090 • Fax: 588-5040 • vl@simnet.is

varo

lh hestar
ÍÞRÓTT ● MENNING ● LÍFSSTÍLL

Tamningamaður á Blönduósi
kaupir 45 hross í Eyjafirði
BLS. 4

ÞRIÐJUDAGUR 18. DESEMBER 2007

Frændur eru frændum bestir

Frændur okkar á Norðurlöndunum kaupa langflest af þeim hrossum sem seld eru héðan til útlanda, eða um tvo þriðju útflutningsins. Svíar kaupa flest hrossin. Nú í byrjun desember höfðu 1.423 hross verið flutt út en nokkrir tugir hrossa bíða útflutnings fyrir áramót. Gera má ráð fyrir að heildarútflutningur á árinu verði um fimmtán hundruð hross. Flest hross hafa verið flutt út til Svíþjóðar, 410 hross, og næst flest til Danmerkur, 384 hross. Í þriðja sæti er Þýskaland með 235 hross og í fjórða sæti Noregur með 111 hross. Sjötíu og fimm hross voru seld til Finnlands.

LH biður um rökstuðning

Íslandsmótið í hestaíþróttum hefur verið haldið í tvennu lagi undanfarin sex ár; hvort á sínum staðnum og með viku millibili eða meira. Eins og fram kemur í frétt hér á síðunni hefur Fákur í Reykjavík tekið að sér að halda bæði mótin á árinu 2008. Fyrirhugað er að halda mótin sömu helgi en á sitt hvorum vellinum á Fákssvæðinu. Fákur hélt Íslandsmót með því fyrirkomulagi 2001. Landssamband hestamannafélaga hefur sent Fáki bréf og beðið um rökstuðning fyrir þessari stefnubreytingu, en mjög vel hefur þótt takast til með það fyrirkomulag sem verið hefur.

Fjölnir Þorgeirsson efast ekki um að þátttaka í hestasýningum í útlöndum skili sér í betri markaðssetningu.

Mikilvægt í markaðssetningu

„Þátttaka í stórum hestasýningum í útlöndum er þýðingarmikill þáttur í markaðssetningu á íslenska hestinum," segir Fjölnir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri og annar eigandi vefmiðilsins Hestafrétta. „Ég er búinn að fara á fjórar stórar hestasýningar í útlöndum á þessu ári þar sem íslenskir hestar hafa tekið þátt. Það er engin spurning um það í mínum huga að það skilar sér,. Sýningin í Globen í Stokkhólmi var alveg mögnuð og henni var sjónvarpað beint um alla Svíþjóð. Það má einnig sjá myndbönd frá sýningunni á www.hestafréttir.is. Við klikkum ekkert á því," segir hinn eldspræki Fjölnir Þorgeirsson.

Knapar íslenska liðsins hertóku öll sætin í úrslitum í tölti. Jóhann Skúlason á Snarpi lengst til hægri. Mikill íburður var í verðlaunaafhendingum og var þjóðsöngur sigurlandsins jafnan leikinn. MYND/HESTAFRÉTTIR

Ísland þemaland í Globen

Ísland var þemaland Alþjóðlegu hestasýningarinnar í íþróttahöllinni Globen í Stokkhólmi, sem fór fram fyrstu daga desembermánaðar. Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, var heiðursgestur.

Tugir þúsunda gesta sækja sýninguna á hverju ári, en þar fer meðal annars fram lokakeppni í heimsmeistarakeppni í „dressur" og hindrunarstökki. Íslenskir hestar hafa tekið þátt í nokkur ár og eru jafnan eitt af aðalsýningaratriðunum. Margir knapanna eru Íslendingar búsettir ytra en einnig taka knapar annarra þjóða þátt í Íslandshesta-atriðunum. Sjónvarpað var beint frá sýningunni og ljóst að hún fær gífurlegt áhorf.

Eitt þátttökuland er „þemaland" á Globen-sýningunni hverju sinni og í þetta sinn var það Ísland og íslenski fáninn í öndvegi. Einar K. Guðfinnsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, setti sýninguna og var jafnframt heiðursgestur hennar.

Einar sagði í setningarræðu sinni að Íslendingar byggju á eyju, en hvað íslenska hestinn varðaði þá deildum við honum í alþjóðlegu samfélagi þar sem allir sem ynnu með hesta gætu lært mikið hver af öðrum.

Þakkir til Icelandair
Sýningaratriði íslensku hestanna voru annars vegar þjóðakeppni í tölti og skeiði og hins vegar hefðbundin skemmtiatriði sem meðal annars sýna taugastyrk hestsins, svo sem að ríða með logandi stjörnuljós hnýtt við fætur hestanna. Íslenska liðið var sterkast í gangtegundakeppninni og þekktar stjörnur í efstu sætum: Töltkeppnina vann Jóhann Skúlason á Snarpi frá Kjartansstöðum, en þeir urðu heimsmeistarar í tölti árið 2003.

Icelandair var aðalstyrktaraðili íslenska liðsins. Hafliði Halldórsson, liðsstjóri og prímus mótor íslensku sveitarinnar, segir að án þess framlags hefði þátttaka íslenska liðsins verið óhugsandi og vill hann koma á framfæri sérstöku þakklæti til Icelandair.

Sjá má fréttir og myndbönd frá Globen á www.hestafrettir.is.

Gæðingar á búðarrölti

Sumum gestum Smáralindar brá nokkuð í brún þegar þeir fundu megna hestalykt á göngu sinni um verslunarmiðstöðina á dögunum. Ekki urðu þeir minna hissa þegar þeir sáu ríðandi menn á hestum, svo að segja við afgreiðsluborðið á næsta pitsustað.

Hestar hafa tekið þátt í sýningum á ótrúlegustu stöðum í þéttbýli. Má þar nefna Tjörnina í Reykjavík á ís, Hagatorgið við Bændahöllina, Grasagarðinn í Laugardal og Skautahöllina í Reykjavík. Fáum hefði þó sennilega dottið í hug að þeir ættu eftir að sjá hesta, svo að segja við búðarborðið í stórmarkaði. En það gerðist nú í haust þegar tímaritið Eiðfaxi hélt eins konar kynningardag í Vetrargarðinum í Smáralind.

Dagskráin miðaði að því að kynna hina fjölbreyttu notkunarmöguleika íslenska hestsins, allt frá því að vera leikfélagi og fjölskylduvinur í þrautþjálfaðan keppnishest. Nokkrir þekktir knapar sýndu hægt tölt auk þess sem hesturinn var kynntur sem fjölskylduhestur og sem kjörinn félagi unglinga og ungmenna, og þá með forvarnargildi í huga.

Trausti Þór Guðmundsson, ritstjóri Eiðfaxa, segist mjög ánægður með hvernig til tókst. Nokkur hundruð manns hafi fylgst með sýningunni og megnið af því fólki hafi verið úr hópi almennings sem var

MYND/JENS EINARSSON

Íslenski hesturinn er ekki bara fyrir fullorðna, að minnsta kosti ekki ef pabbi er með. Rakel Dóra Sigurðardóttir, níu ára, sýndi listir sínar á gæðingnum Skugga-Baldri frá Litla-Dal.

í Smáralind í verslunarerindum, en það hafi einmitt verið tilgangurinn. „Umráðamenn Smáralindar voru einnig mjög ánægðir og buðu okkur velkoma að ári. Það segir kannski mest um það hvernig til tókst," segir Trausti Þór.

Sinni mótormeri reið

Mótormerar eru ekki ný fyrirbæri á vettvangi náttúrulegra reiðskjóta. Frægt var þegar Gunnar Bjarnason, hrossaræktarráðunautur, tók mótorhjól í þjónustu sína árið 1941 til að ferðast á milli sýningarstaða. Vakti sú mótormeri ekki síður mikil viðbrögð en þær sem nú hertaka reiðvegi víða um land. Olli þetta orðasukki og háði, eins og Gunnar orðar það í bók sinni Ættbók og sögu. En líka kátínu og kveikti í hagyrðingum. Stefán Vagnsson á Hjaltastöðum orti:

Talaði fátt um tölt og skeið
og tilþrif gæðinganna
Sinni mótormeri reið
milli sýninganna
Sjá frétt á bls. 2.

Samningur undirritaður: Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri Landsmóts, Regína Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri LH, og Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður Samskipa.

Samskip styrkja Landsmót

Samskip munu verða einn af styrktaraðilum Landsmóts 2008. Samningur milli þessara aðila, sem undirritaður var nýlega, felur meðal annars í sér að Samskip munu annast viðmikla flutninga fyrir Landsmót, bæði innanlands og milli landa.

„Það er okkur hjá Samskipum ánægja að geta hlaupið undir bagga með hestamönnum við að undirbúa slíkan stórviðburð sem landsmót er og tryggja að mótið á Hellu í sumar verði glæsilegt að venju," segir Anna Guðný Aradóttir, forstöðumaður Samskipa.

Jón Finnur í Fáki

Jón Finnur Hansson, fyrrverandi ritstjóri og blaðamaður á Eiðfaxa, hefur verið ráðinn rekstrarstjóri Fáks í Reykjavík, sem er stærsta hestamannafélag landsins. Jón Finnur er búfræðikandidat frá Hvanneyri og með kennaramenntun frá Háskóla Íslands. Hann starfaði áður við barnakennslu og ýmis störf tengd landbúnaði.

Jón Finnur segir mörg spennandi verkefni framundan. Mikil gróska sé í félaginu, ekki síst í mótshaldi. Opin gæðingakeppni Fáks og Reykjavíkurmót í hestaíþróttum séu ein stærstu mót ársins fyrir utan Landsmót. Næsta sumar muni Fákur svo halda Íslandsmót í hestaíþróttum, í flokki fullorðinna og í yngri flokkum.

lh hestar
ÍÞRÓTT . MENNING . LÍFSSTÍLL

Málgagn Landssambands hestamannafélaga

Útgefandi: Landssamband hestamannafélaga
Heimilisfang: Íþróttamiðstöðin, Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Netfang: lh@isisport.is **Sími:** 514-4030
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Jens Einarsson
Netfang: jenseinars@simnet.is **Sími:** 862-7898
Auglýsingar: Fréttablaðið/Bjarni Þór Sigurðsson
sími: 512-5435 gsm. 822-5062

HELSTU SAMSTARFSAÐILAR LH ERU:

MENNTUN ER MÁTTUR

Það er hverri íþróttagrein nauðsynlegt að reka öflugt mennta-, fræðslu- og kynningarstarf, enda gerir ÍSÍ þær kröfur til sinna sérsambanda að þau sinni þessum þætti af krafti. Það hefur verið markmið Landssambands hestamannafélaga, LH, að koma á heildstæðu námi, sem spannar æskulýðsstarf hestamannafélaganna og sjálfstætt starfandi reiðskóla, og síðan nám í grunn- og framhaldsskólum, þannig að hestamennska verði raunhæfur kostur sem valfag eða almennt nám. Fjörutíu og tveir einstaklingar stunda nú nám í hestamennsku á vegum Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Í framhaldi af góðri reynslu af hestabraut Fjölbrautaskóla Suðurlands skrifuðu formaður skólanefndar FSU, formaður LH og menntamálaráðherra undir viljayfirlýsingu um að þróa fjölþætt nám í hestaíþróttum sem taki tillit til hestaíþróttarinnar sem búgreinar, íþróttar, menningar og ferðaþjónustu um leið og það uppfyllir þær skyldur sem ÍSÍ leggur á LH sem sérsamband. Það hefur verið ánægjulegt fyrir okkur hestamenn að upplifa hversu góðan skilning Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur á þessu verkefni, sem vonandi leiðir til þess að staða hestaíþróttarinnar innan almenna skólakerfisins verði tryggð, en það er eitt af markmiðum stjórnar LH.

Til þess að ná betri árangri í menntamálum hefur LH gengist undir „matrixu“ FEIF en hún er alþjóðleg og gengur út á að flokka reiðkennara í aðildarlöndum FEIF, þá sem þess óska, eftir menntun þeirra inn í „matrixuna“. Einstaklingar, stofnanir og félög sem þurfa reiðkennara geta því valið sér kennara við hæfi á heimasíðu FEIF. Dýravernd, öryggismál og skipulagsmál hafa einnig verið í brennidepli. Hefur sú umræða sýnt fram á að mikið verk er óunnið. Reynslan hefur kennt okkur að menntun og fræðsla er beittasta vopnið til að ná framförum.

Það er okkur hestamönnum mikilvægt að taka allri umræðu sem að okkur snýr með opnum huga og beina henni í réttan farveg, þannig að hún leiði til góðs. Til þess að það geti orðið þurfum við hestamenn að standa vörð um sameiginlega hagsmuni okkar. Það gerum við best með því að taka virkan þátt í starfi hestamannafélaganna og fylkja okkur á bak við þeirra sameiginlega skjöld: Landssamband hestamannafélaga — LH.

Haraldur Þórarinsson, formaður LH.

Heiðraðir fyrir góð störf

Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Bjarnleifur Bjarnleifsson voru heiðraðir á Uppskeruhátíð hestamanna fyrir vel unnin og óeigingjörn störf í þágu hestamannahreyfingarinnar.

Sveinbjörn sem átti sæti í stjórn LH um árabil, var einn aðalhöfundur Landsmóts ehf. og stjórnarformaður þess fyrstu þrjú Landsmótin sem það stóð fyrir.

Bjarnleifur er formaður Gusts í Kópavogi og formaður landsliðsnefndar LH. Bjarnleifur er óþreytandi félagsmálamaður og hefur staðið í ströngu á umbrotatímum hjá Gusti.

Á myndinni eru þeir Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Bjarnleifur Bjarnleifsson ásamt konum sínum Rögnu Guðmundsdóttur og Lilju Gunnarsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/JENS EINARSSON

Leiðrétting

Í 3. tölublaði LH Hesta, á bls. 4 í dálkinum Hafrar&bygg, er birtur styttur texti um hrossakjötsát, sem lengi var forboðið á Íslandi. Textinn er af Vísindavef Háskóla Íslands, höfundur Hrafnkell Lárusson. Því miður misfórst að geta um tilurð textans og eru hlutaðeigendur beðnir afsökunar á því. Textann má finna óstyttan á vefslóðinni: www.visindavefur.hi.is/svar.php?id=5381

Jens Einarsson, ritstjóri LH Hesta

Víða er þröng á þingi. Reiðvegir eru oftast lagðir meðfram þjóðvegum og nú hafa mótormerar fært sig yfir á reiðvegina.

MYND/JENS EINARSSON

Mótormerar hertaka reiðvegi

Torfærumótorhjólum hefur fjölgað gífurlega hér á landi undanfarin ár. Þessi íþrótt á sér engan skipulegan vettvang og hafa ökumenn freistast til að nota reiðvegi hestamanna til ökuferða.

„Umferð mótorhjóla á reiðvegunum hér í kring eykst ár frá ári og keyrði um þverbak í sumar,“ segir Snæbjörn Sigurðsson í Efsta-Dal í Bláskógabyggð. „Ég horfði á unga hryssu fælast með knapa undan mótorhjóli á reiðveginum fyrir neðan Fellskot. Það var eingöngu heppni að ekki hlaust slys af. Ef vindur er á móti þá heyra hrossin ekkert fyrr en hjólin eru komin alveg aftur undir þau og þá geta þau fælst illa.“

Sigurður var í reiðveganefnd hestamannafélagsins Trausta um árabil og á sæti í sveitarstjórn Bláskógabyggðar. Hann segir að reiðvegir og reiðstígar í uppsveitum Árnessýslu nemi hundruðum kílómetra. Það hafi kostað mikla fjármuni að leggja þá og nú liggi þeir undir skemmdum vegna mótorhjólaumferðar.

„Ég hef ekkert á móti fólki sem vill vera á torfæruhjólum, það sport á rétt á sér eins og önnur áhugamál. En það þarf afmarkaða aðstöðu. Menn verða að virða rétt annarra.

Við getum rétt ímyndað okkur hver viðbrögðin yrðu ef þessir ökumenn færu inn á golfvelli eða fótboltavelli. Menn fara um allt á þessum hjólum, inn á Kjöl, um Lyngdalsheiði og Miðdalsfjall og fara svo eftir reiðvegunum frá Laugarvatni að Gullfossi og víðar.

Mörg þessara hjóla eru óskráð og þar með ótryggð. Maður sér líka ljót ummerki eftir hjólin utan vegarslóða. En aðalatriðið er að hestamenn eiga þessa reiðvegi og það er okkar krafa að sá eignarréttur sé virtur,“ segir Snæbjörn.

Landsmót er fjölskylduhátíð

Sá orðrómur er kreiki á meðal hestamanna að stefnubreyting hafi orðið á skemmtidagskrá Landsmóta og engir dansleikir verði á LM2008.

„Það verða dansleikir á Landsmótinu,“ segir Jóna Fanney Friðriksdóttir, framkvæmdastjóri LM08. „Við ætlum hins vegar ekki endilega að leggja höfuðáherslu á að trekkja inn á böllin með því að vera með frægustu og dýrustu hljómsveitir landsins. Það er hægt að skemmta sér á svo margan hátt.“

Jóna Fanney segir það skoðun mótsstjórnar að Landsmótin séu fyrst og fremst fjölskylduhátíð og þar eigi íslenski hesturinn að vera í fyrirrúmi. „Afþreyingardagskrá LM08 er ennþá í mótun og verður kynnt um leið og hún er tilbúin. Það verður enginn svikinn af henni,“ segir hún.

Landsmót er fjölskylduskemmtun þar sem íslenski hesturinn er í öndvegi. Á myndinni er Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir á hestinum Hyl frá Bringu.

LM 2010 á Vindheimamelum

Landsmót hestamanna 2010 verður á Vindheimamelum í Skagafirði ef samningar nást. Fjórar umsóknir bárust um að halda mótið frá umsjónarmönnum eftirfarandi svæða: Vindheimamelum í Skagafirði, Melgerðismelum í Eyjafirði, Gaddstaðaflötum við Hellu og Víðidal í Reykjavík.

Sú ákvörðun var tekin á stjórnarfundi LH að ganga til samninga við Skagfirðinga og skal þeim lokið eigi síðar en 1. júní 2008. Haraldur Þórarinsson, formaður LH, segir að áhersla verði lögð á að samningur liggi fyrir mun fyrr, eða í febrúar á næsta ári, svo hægt sé að hefja undirbúning strax.

Haraldur segir ennfremur að LH muni fara þess á leit að ríkissjóður styrki Landsmót hestamanna á sama hátt og Landsmót ungmennafélaganna, þannig að tryggt sé að hestamannafélögin á viðkomandi svæðum fari með hagnað út úr mótshaldinu, en tapi ekki eins og komið hefur fyrir.

„Ég vil þakka þeim aðilum sem sóttu um mótið. Ég vil einnig taka fram að það hefur ekki verið mörkuð sú stefna í stjórn LH að landsmótsstaðir skuli vera tveir, eins og heyrst hefur,“ segir Haraldur.

OPNUM Í DAG
TOP REITER
PHOTO LOIDL
OPIÐ FRÁ KL. 8 TIL 22 TIL JÓLA
TOP REITER ÖGURHVARFI 2 KÓPAVOGI WWW.TOPREITER.IS SÍMI 5655151 TOPREITER@TOPREITER.IS

Hafrar & bygg

Félag tamningamanna, FT, var stofnað á Hótel Loftleiðum í Reykjavík 10. apríl 1970. Stofnfélagar voru tólf. Fyrstu stjórn skipuðu: Sigurjón Gestsson formaður, Þorvaldur Ágústsson ritari, Pétur Behrens gjaldkeri og Reynir Aðalsteinsson og Halldór Jónsson meðstjórnendur.

Hugmyndin kviknaði í litlu herbergi norður á Ströndum, hjá hinum þýska Pétri Behrens og Jóni Þórðarsyni úr Sandgerði, en þeir voru þá við tamningar í Húnavatnssýslum á sjöunda áratugnum. Skömmu síðar hittu þeir tvo aðra unga tamningamenn, Reyni Aðalsteinsson og Sigurjón Gestsson. Allir voru sammála um að nauðsynlegt væri að stofna félag um sameiginlega hagsmuni tamningamanna, sem þá voru eins konar farandverkamenn sem flökkuðu um landið.

Pétur Behrens sendi fjölritað blað til allra tamningamanna sem þeim félögum kom í hug. Fá svör bárust við bréfinu og þeir sem ekki fengu bréf móðguðust og litlu munaði að stofnað yrði annað félag. Af því varð þó ekki. Það var vor í lofti, framundan var Landsmót hestamanna á Skógarhólum og fyrsta Evrópumót eigenda íslenskra hesta í Þýskalandi. Félag hafði verið stofnað.

Í fyrstu drögum að lögum segir: „Stefna félagsins er að stuðla að réttri og góðri tamningu hesta. Þessu markmiði hyggst félagið ná með því að: a) Sérþjálfa tamningamenn. b) Leiðbeina ungum hestamönnum. c) Láta tamningamenn sanna hæfni sína með sérstöku prófi. d) Að hafa náið samband við hestamannafélögin og gera við þau samninga um kaup og vinnuaðstöðu félagsmanna."

Á þeim tæpu fjórum áratugum sem liðnir eru frá stofnun FT hefur félagið velt þungu hlassi. Gífurlegar framfarir hafa orðið í reiðmennsku og meðhöndlun hrossa. Snarpir vindar hafa blásið en meginmarkmiðin hafa ekki glatast. Nú lítur hins vegar út fyrir að félagið sé á tímamótum. Á aðalfundi FT nú í desember var tekin sú ákvörðun að stjórn félagsins skyldi ganga til viðræðna við Félag hrossabænda um hugsanlega sameiningu félaganna.

Stórtækur hestakaupmaður

Tryggvi Björnsson tamningamaður á Blönduósi gerðist nýverið stórtækur þegar hann keypti öll hrossin á bænum Kommu í Eyjafirði.

Tryggvi á stóðhestinum Sigri frá Húsavík á Fjórðungsmóti Austurlands í sumar.

MYND/JENS EINARSSON

42" Full HD 1080p LCD Pixel Plus 2 HD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 7.500:1 skerpu, Active Control, DVB-T móttakara, Ambilight 2 bakljósi, 40w Nicam Stereó með BBE bassa, 2 Scart, 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartt., textavarpi ofl.

TILBOÐ 269.990
FULLT VERÐ kr. 299.990

Panasonic

Panasonic TH42PV70F
42" Plasma BREIÐTJALD MEÐ 1024x768 punkta upplausn, V-Real 2 Engine tækni (frábær myndgæði), Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, Sub-Pixel Control, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive 10.000:1 skerpu, VIERA Link, 20w Nicam Stereó með V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart (með RGB), 2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC og heyrnatólstengi textavarpi ofl.

EISA AWARD Best Product 2007-2008
HD-READY PLASMA-TV
Panasonic TH-42PV/PX70

TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 219.990

Panasonic TH50PV7F
50" V-Real 2 PLASMA BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., V-Real Engine,Advanced 3D Colour management, Motion Pattern Noise Reduction, HD Optimiser, HD Ready, Progressive Scan, Real Black Drive, 8.000:1 skerpa, VIERA Link, 20w Nicam Stereó, V-Audio Surround, 2 x Scart (með RGB), 1 HDMI, Component, SVHS, CVBS, PC, heyrnatólstengi, textavarpi ofl.

VERÐ 279.990
FRÁBÆRT VERÐ

Fyrirlestur um þögla þolendur á opnu húsi UNIFEM

UNIFEM á Íslandi fagnar 18 ára afmæli sínu í dag en það var stofnað þann 18. desember 1989. Af því tilefni verður opið hús hjá félaginu milli klukkan 17.00 og 19.00. UNIFEM er til húsa í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugavegi 42.

Hreiðar Eiríksson, sem starfað hefur með Friðargæslu Íslands í Bosníu, flytur fyrirlesturinn „Þöglir þolendur – Reynsla af viðtölum við fórnarlömb mansals“ í afmælishófinu.

Hreiðar starfaði sem friðargæsluliði á vegum ríkislögreglustjóra í Bosníu árið 2002. Þar starfaði hann í níu mánuði, frá febrúar fram í desember og var hluti af hópi manna sem hafði það verkefni að frelsa stúlkur úr kynlífsánauð. Einnig reyndi hópurinn að hvetja staðaryfirvöld til að rannsaka slík mál. Í fyrirlestri sínum mun Hreiðar segja frá þessari reynslu sinni og því sem kom fram í viðtölum við stúlkunar.

Hreiðar segir að sögur kvennanna hafi að mörgu leyti verið áþekkar en vandasamt hafi verið að fá þær til að segja frá raunverulegri stöðu sinni. Að sumu leyti út af skömm en líkleg einnig af vantrausti þeirra gagnvart þeim sem vildu aðstoða þær.

Hreiðar segir reynsluna í Bosníu hafa breytt sér mikið. Hann fékk í kjölfarið mikinn áhuga á mannréttindamálum og skellti sér þess vegna í nám í lögfræði við Háskólann á Akureyri.

HREIÐAR EIRÍKSSON Heldur fyrirlesturinn Þöglir þolendur á opnu húsi UNIFEM í dag klukkan 17.00.

Boðið verður upp á jólaglögg og piparkökur í afmælisboðinu og því um að gera að taka sér frí í tvo tíma frá amstri dagsins, slaka á og fræðast í senn.

Markmið UNIFEM á Íslandi er að vekja athygli á stöðu kvenna í þróunarlöndunum og á stríðshrjáðum svæðum og er sérstök áhersla lögð á baráttuna gegn ofbeldi gegn konum.

solveig@frettabladid.is

AFMÆLISBÖRN

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, er 55 ára.

Björg Eva Erlendsdóttir fréttamaður er 47 ára.

Brad Pitt, bandarískur kvikmyndaleikari, er 44 ára.

Katie Holmes, bandarísk kvikmyndaleikkona, er 29 ára.

Minningarorð á netinu

Vefurinn andlat.is var opnaður formlega síðastliðinn sunnudag. Vefurinn er alhliða vefur og vettvangur sem hugsaður er til þess að aðstoða fólk þegar andlát ber að höndum. Á andlat.is eru leiðbeiningar um hvað gera þarf og einnig verður þar hægt að koma á framfæri dánarfregnum, jarðarfarartilkynningum, minningargreinum, minningarorðum og kveðjum.

Kveðjur, æviágrip, minningargreinar og minningarorð má skrá á vefinn þó áratugir séu liðnir síðan viðkomandi féll frá. Þá má á vefnum minnast fæðingardaga, dánardaga eða annarra viðburða í lífi horfinna ástvina.

ANDLAT.IS Á nýrri vefsíðu er boðið upp á nýstárlega þjónustu.

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma

Margrét Jóhannsdóttir

Þangbakka 10, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ að morgni 14. desember.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 20. desember kl. 13.00

Sigurður J. Sigurðsson
Sigurður Sigurðsson — **Lilja Sörladóttir**
Þórdís Sigurðardóttir — **Gunnar Pétursson**
Ólafur J. Sigurðsson — **Ólöf Ragnarsdóttir**
Þuríður R. Sigurðardóttir — **Kristján A. Ólason**
Margrét Sigurðardóttir — **Guðmundur Arason**
Hrafnhildur Sigurðardóttir — **Barcley T. Anderson**
Berglind Sigurðardóttir — **Ólafur Sigurðsson**
og ömmubörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Stefán Jóhann Jónatansson

Bifreiðasmíðameistari, Vallargerði 40,

varð bráðkvaddur að heimili sínu að kvöldi föstudagsins 14. desember. Útförin fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 27. desember kl. 13.00.

Ása Benediktsdóttir
Sigrún Stefánsdóttir — **Steinar Þór Kristinsson**
Sigurður B. Stefánsson — **Anna Rósa Böðvarsdóttir**
Svanhvít Stefánsdóttir — **Jón Þórðarson**
og barnabörnin Stefán Kristinn, Guðrún Katrín og Hlynur Kári.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, fósturfaðir, afi og langafi,

Einar Jón Hallur Kristinsson

Suðurhólum 14,

lést mánudaginn 10. desember á líknardeild Landakotsspítala. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 20. desember kl. 15.00.

Guðmunda Jónsdóttir
Kristinn J. Einarsson — **Aðalbjörg Sigurjónsdóttir**
Jón Einarsson — **Sirivan Mekavipat**
Feldís H. Einarsdóttir — **Gunnar Hilmarsson**
Álfheiður M. R. Einarsdóttir — **Björn Björnsson**
Málfríður Kristinsdóttir
Andri Már Einarsson
barnabörn og langafabörn.

---

†

Ásrún Benediktsdóttir,

frá Vöglum Eyjafjarðarsveit,
til heimilis að Hlaðhömrum, Mosfellsbæ,

andaðist að morgni 15. desember á Landspítala, Fossvogi.

Fyrir hönd aðstandenda,

Auður Benediktsdóttir
Helga Tryggvadóttir

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Símon Waagfjörð

frá Garðhúsum í Vestmannaeyjum,
til heimilis að Boðahlein 8 í Garðabæ,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 13. desember. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13.00.

Elín Jóhannsdóttir
Símon Þór Waagfjörð — **Kolbrún Hjörleifsdóttir**
Kristín Sigríður Vogfjörð
Jóhanna Waagfjörð
Jónína Waagfjörð — **Gunnar S. Sigurðsson**
og afabörn.



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Jónínu Valdísar Eiríksdóttur,

Írabakka 26, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala, Fossvogi, fyrir hlýhug og góða umönnun.

Marel Einarsson
Stefanía Einarsdóttir — **Stefán Árnason**
Margrét Einarsdóttir — **Ásmundur Bjarnason**
Hafdís McDowell — **Martin McDowell**
Einar Valur Einarsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Þórarinn Bergsson,

járnsmíðameistari, Melaheiði 21,
Kópavogi,

lést laugardaginn 8. desember á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 19. desember kl. 13.00.

Sigrún Auður Sigurðardóttir
Sigurður Rúnar Jónsson — **Sigurbjörg Ingvarsdóttir**
Bergur Mekkinó Jónsson — **Birna Kristín Baldursdóttir**
Oddný Mekkin Jónsdóttir — **Guðmundur Skúlason**
Þórarinn Helgi Jónsson — **Harpa Pétursdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

Guðrún Elsa Erlendsdóttir,

Vesturgötu 102, Akranesi,

andaðist laugardaginn 15. desember.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 20. desember **kl. 13.00.**

Þorvarður Ellert Erlendsson — **Áslaug Valdimarsdóttir**
Hafsteinn Erlendsson
Birgir Þór Erlendsson
og aðrir aðstandendur.

---

†

Móðir, mín, amma og langamma,

Elisabeth Vilhjálmsson

andaðist 11. desember á Landspítalanum í Fossvogi. Jarðarför verður auglýst síðar.

Guðrún Petersen og aðrir aðstandendur.

Flott retró útvarpstæki
Tækið er í svartlamíneruðum kassa.
Málin eru 22x12x12 sm. Hljóðið er rúnnað eins og hátalarinn og stöðvavalshnappurinn. Þú stingur tækinu í samband og þá geturðu hlustað á fréttir, tónlist og spjall.
2000 krónur.

Nærmur lampi
Þú getur næstum því stýrt honum með hugarorku – nei, ekki alveg, en ein snerting dugir til að þú sjáir ljósið. Lampaljósið sko. 800 krónur.

Fjarstýrt tryllitæki
Hver segir að fjarstýrðu bílarnir þurfi endilega að vera einhverjir kappakstursbílar? Þessi Mini Cooper kemst jafnhratt og Formúlubílar – eða næstum því.
1600 krónur.

Fjarstýrður fákur
Sportbíll í stærðarhlutföllunum 1:20. Fæst í mismunandi litum svo að þú ættir að geta fundið eitthvað sem þér líkar. Billinn er 24 cm langur og kostar 800 krónur.

TIGER
Villidýr á verði
Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri
Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is

STUÐ MILLI STRÍÐA: Sagan af rjúpuhefðinni

FREYR GÍGJA GUNNARSSON FÉKK ANDA LIÐINNA JÓLA Í HEIMSÓKN

„Ofninn er ekki nógu stór," sagði móðirin og greip um höfuð sér. Inni í stofunni sátu synirnir tveir, prúðbúnir að hætti hússins og reyndu að fela taugaveiklunina og eftirvæntinguna með því að glápa á endurtekið barnaefni, spila Olsen eða glugga í eina Sval og Val-bókina.

Úti fyrir var byrjað að snjóa og í útvarpinu mátti heyra Hvít jól sungið upp á ensku með Bing Crosby. Allt var eins og það átti að vera, nema hvað að ofninn var ekki nógu stór.

Gæsin, sem lá á fatinu, glæsilegri en nokkru sinni, reyndist eldhústækinu ofviða. Þrátt fyrir að hafa verið baðaður í olíu og kryddaður samkvæmt kúnstarinnar reglum var fuglinn einfaldlega of mikill að vexti til að komast inn í hlýjuna. „Við troðum henni bara inn," sagði faðirinn, af sinni alkunnu ró. „Þetta hlýtur bara að hafast þannig," bætti hann við. Og þótt móðirin hefði einhverja óljósa hugmynd um að það hlyti að vera til önnur leið þá samþykkti hún um þessa aðferðafræði. Klukkan nálgaðist enda sex á alveg ískyggilegum hraða.

Og við svo búið var síðan hamast við að ýta og þrýsta blessaða fuglinum inn. Og það hafðist. Með herkjum þó. Svo var beðið. Jörðin var orðin al-hvít og útvarpsþulurinn lét alla vita að nú styttist í klukknahljóminn. Hann ætlaði að draga sig í hlé um stundarsakir og leyfa þjóðinni að koma sér fyrir áður en jólin yrðu hringd inn. Þögnin varð allsráðandi en var síðan rofin nokkrum sekúndum síðar með æstri hringingu frá tímaverðinum. Fuglakjötið ætti að vera tilbúið.

Gæsin kom út eftir klukkustundarlanga dvöl í einangrunarklefanum og hafði vissulega breytt um lit. En í staðinn fyrir þennan gulleita blæ sem sýndur var í danskri matreiðslubók blasti nú við svört gæs. „Við hefðum kannski getað skorið hana í tvennt," sagði faðirinn og mamman kinkaði kolli. „Við höfum bara rjúpur þegar við flytjum heim."

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

PRESSA - Mögnuð íslensk spennuþáttaröð
Hefst sunnudaginn 30. desember

THE DA VINCI CODE
Jóladagur

JÓLASVEPPI
Gerir biðina bærilegri - Aðfangadagur

HARRY POTTER AND THE GOBLET OF FIRE
Annar í jólum

THE HOLIDAY
Annar í jólum

SHREK THE HALLS
Glæný jólamynd með Shrek og félögum - Annar í jólum

THE CHRONICLES OF NARNIA
Nýársdagur

LOGI Í BEINNI
Sérstakur jólaþáttur - 21. desember

CHARLIE AND THE CHOCOLATE FACTORY
Jóladagur

NANNY McPHEE
29. desember

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR GARÐARS THORS CORTES
Jóladagur

ANNA OG SKAPSVEIFLURNAR
Frá framleiðendum Litlu lirfunnar ljótu - Jóladagur

Til þín
Frá Stöð 2

FRÁBÆR JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2

FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
Sýn Sýn2 Fjölvarp
MasterCard

skemmtilegri

GLÆSILEGAR GJAFAÖSKJUR
FÁST Í VERSLUNUM VODAFONE, SÍMANS OG 10-11

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

Pioneer

NÝTT HEIMABÍÓKERFI>TILBOÐ!

JAMO HÁTALARAR OG BASSABOX
Jamo A402 hátalarasett

· 5 hátalarar og bassabox
· 2-Way lokaðir
· 60W long-term / 90W short-term
Bassabox (A4SUB): Innbyggður magnari
· Lokaður · 200W rated

PIONEER DVD SPILARI
Pioneer DV300

· Fáanlegur svartur eða silfraður
· Fjölkerfa DVD spilari með DivX
· Progressive scan - flöktfrí mynd
· Spilar DVD, VCD, SVCD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska
· Spilar MP3 og WMA tónlist
· Sýnir JPEG myndir, MPEG

PIONEER MAGNARI
Pioneer VSX-417

· Fáanlegur svartur eða silfraður
· 5 x 110 RMS @ 8 ohm
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
· Einföld uppsetning með Quick Set-Up
· FM/AM útvarp með RDS

TILBOÐSVERÐ – Samtals kr. 88.900,-

SAMSUNG

MERGJUÐ HLJÓMGÆÐI
Tónlistarbankinn þinn

Leggðu inn að vild og njóttu ávaxtanna!

· 3 litir og 3 stærðir
· Tónlistarspilari með útvarpi.
· Rafhlaðan endist í 25 klst.

Samsung *YPK3F*
Verð :
1 GB: 11.900,-
2 GB: 14.900,-
4 GB: 17.900,-

FRÁBÆR, NETT OG VÖNDUÐ MYNDAVÉL

OLYMPUS

OLYMPUS FE-280
· 8 milljón pixlar
· 3 x aðráttarlinsa (38-190mm)
· 15 handhægar tökustillingar
Verð kr. 19.900,-

OLYMPUS

„Já - Algjör drauma myndavél!“

OLYMPUS MJU 820
· 8 milljón pixlar
· 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· Veðurvarin
· 20 handhægar tökustillingar
· Videoupptaka með hljóði
· Tekur xD minniskort
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
· Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir
· Fæst í fjórum mismunandi litum
Verð kr. 25.900,-

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

Nýjasta snilldin frá Pioneer!

FRÁBÆRT 5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI að hætti Pioneer

NÝ SENDING!!

Pioneer DCS-363
· 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
· 360W magnari (6 x 60W RMS)
· HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
· Spilar alla DVD og CD diska, Mp3, WMA, JPeg og DivX.
· USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir
· Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
· Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
· FM útvarp með RDS
· Tengi: HDMI út, USB inn, Euro-SCART út, Composite út, RCA hljóð inn
Verð: 49.900 kr.

JÓLAGJÖFIN Í ÁR!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
Mest selda leikjatölva veraldar

Nintendo

VERÐTRYGGING!!
Wii verður alltaf ódýrust í ORMSSON

ORMSSON LÁGMÚLA 8 SÍMI 530 2800
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

HÁTÍÐ ER Í BAE

TEFAL

Frábær töfrasproti frá TEFAL. Getur allt!
Verð kr. 2.990,-

TEFAL

Dásamlegar, nýbakaðar vöfflur – með hjálp TEFAL.
Verð kr. 4.490,-

KYNNIÐ YKKUR ÚRVALIÐ!

AEG

Expresso kaffivél sem bjargar deginum! Frábær vél – enda frá AEG.
Verð kr. 89.900,-

AEG

Sterkur blandari. Ómissandi í matargerðina.
Verð kr. 6.900,-

Solis OF SWITZERLAND

Vinsæl og glæsileg kaffivél frá SOLIS.
Verð kr. 69.900,-

TEFAL

Traust mínútugrill frá TEFAL.
Verð frá kr. 8.990,-

TEFAL

Djúpsteikingarpottur vandaður og traustur.
Verð kr. 8.990,-

ZWILLING

ZWILLING
Barnahnífapör

TEFAL

privilege
POTTAR OG PÖNNUR
Í MIKLU ÚRVALI

AEG

Ryksugur af bestu gerð!
Verð frá kr. 10.900,-

LANGVARANDI ÁNÆGJA

AEG UPPÞVOTTAVÉLAR
JÓLAVERÐ:
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít

Solis OF SWITZERLAND

SAFAPRESSAN VINSÆLA
Kr. 15.900,-
Ertu að hugleiða hollari lifnaðarhætti?

TEFAL

TEFAL STRAUJÁRN
Verð frá kr. 4.790,-

brabantia solid company

BRABANTIA STRAUBORÐ

ORMSSON

ALLTAF GLÆSILEG OG HAGNÝT GJAFAVARA

Sýning
Eva G. Sigurðardóttir myndlistarmaður sýnir nú verk sín í Artóteki Borgarbókasafns Reykjavíkur í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15. Á sýningunni eru níu málverk unnin í akrýl og með blandaðri tækni á striga, teikningar og innsetningar.

menning
menning@frettabladid.is

Rowling lætur gott af sér leiða

Vinsældum Harry Potter virðast engin takmörk sett. Þetta sannaðist enn og aftur í London í síðustu viku þegar ein af sjö handgerðum bókum sem höfundurinn J.K. Rowling útbjó í kjölfar endaloka bókaflokksins um galdrastrákinn seldist á rúmar 250 milljónir króna á uppboði hjá uppboðshúsinu Sotheby´s í London í síðustu viku. Verðið var fertugföld sú upphæð sem bókin var metin á. Kaupandinn var ónefndur safnari, en leiða má líkur að því að hann sé ákafur aðdáandi bókaflokksins vinsæla.

Rowling handskrifaði og myndskreytti sjálf sjö eintök af bókinni sem um ræðir, en hún kallast á íslensku Ævintýri Skálda-Sveins. Sex af bókunum voru gjafir til þeirra sem hafa unnið nánast með Rowling að útgáfu Harry Potter bókanna í gegn um árin. Þetta sjöunda eintak var frá upphafi ætlað til sölu á uppboði þar sem ágóðinn rennur óskiptur til góðgerðasamtaka sem Rowling stofnaði fyrir nokkrum árum. Samtökin miða að því að hjálpa bágstöddum börnum í Evrópu, en fátækt barna er furðu algeng í þessari vellauðugu heimsálfu.

Rowling sagðist vera himinlifandi eftir uppboðið. „Þetta er sannarlega ótrúlegt og svo mikið betri útkoma en ég átti von á. Þetta er besta jólagjöfin sem ég hefði getað fengið í ár. Það er nefnilega hneykslanlegt hversu mörg börn í Evrópu búa við skelfileg kjör og hversu lítið er gert til þess að hjálpa þeim. Ágóðinn af sölunni getur bætt líf margra barna."

Bókin Ævintýri Skálda-Sveins leikur lykilhlutverk í síðustu bókinni um Harry Potter sem kom út fyrr á árinu. Ævintýri Skálda-Sveins komast í eigu Hermione Granger, vinkonu Harrys, og veita þeim vinunum mikilvægar upplýsingar sem hjálpa þeim í baráttunni við hinn skelfilega Voldemort. - vþ

Úr fylgsnum Hugleiks

Tvær bækur úr penna Hugleiks Dagssonar litu dagsins ljós á þessu hausti: Eineygði kötturinn kisi og leyndarmálið, og Kaupið okkur. Þær eru hvor með sínu sniði: Í bókinni Kaupið okkur eru hinar kunnu smámyndir Hugleiks sem dregnar eru einfeldningslega upp og geyma staka hugsun, en kattarsagan fjörleg myndasaga af frekari ævintýrum eineygða Kisa, Kötu kanínu og Stebba skjaldböku.

HUGLEIKUR DAGSSON

Virðist höfundurinn ætla að halda áfram frásögnum af þessum saklausa ketti sem má þola hinar verstu misþyrmingar í draumalandi sem rambar milli hins kunnuglega heims og þess sem lýtur alfarið ímyndunaraflinu.

Teiknistíll hans er ólíkur í þessum tveimur bókum. Kaupið okkur minnir í stíl á breska teiknarann David Shrigley sem hefur þó mun viðara áhugasvið, en Kisinn er miklu flóknari í myndbyggingu og efni: þar ægir öllu saman, útúrsnúningum, tilvísunum í menn og málefni, sjónvarpsþætti, stjórnmálamenn og aðrar myndasögur. Þar nýtur hann sín best í frjálsu flugi, eða nær væri að segja frjálsu falli. Margt er þar meistaralega leyst en heldur sundurlaust.

Hugleikur er söðalegur höfundur, gamansemi hans er ekki grá, hún er kolsvört. Hann hefur yndi af mannaskít, misþyrmingum, kynferðislegu ofbeldi, sjúklegu ástandi sem hann stillir inn í hversdagslegustu athafnir. Þetta er sjúkur húmor og verður dáldið yfirþyrmandi ef lesið er í rykk. Hann er libertínskur í afstöðu og afstaða höfundarins, sem gleraugnagáms og gruflara með sakleysislegt yfirbragð, sem segir: svona er heimurinn ljótur, er ekki sannfærandi.

Þeir sem segja Hugleik snilling, og þeir þekkjast, sitja á bylgju sem færir þá í kaf á endanum, Hinn öfugsnúni heimur karnivalsins og vessanna var stök uppreisnartilraun í leyfðum ramma. Þar sem hún fer úr böndunum verður hún réttlætt hugarástand sem í sínum myndum er viðbjóðslegt. Því mun Hugleikur ekki finna fyrir fyrr en menn taka kátlega gamansemi hans um mannaskít alvarlega og smyrja hjá honum útidyrnar með saur. Og það er brot gegn réttrúnaði hins algjöra frelsins að hafa eitthvað á móti sikk húmor Hugleiks. Vei þeim sem það reynir.

Bækur sem þessar koma út með sakleysislegu yfirbragði. Þær ætti útgefandinn að merkja sem verk síður ætluð börnum því ekki sest hann við rúmstokk barnabarnanna og les úr þessu upphátt með skýringum. Páll Baldvin Baldvinsson

BÓKMENNTIR

Eineygði kötturinn kisi og leyndarmálið
Hugleikur Dagsson
★★★

Kaupið okkur
Hugleikur Dagsson
★

Smellinn en oft þreytandi söðahúmor með sikk teikningum.

ÆVINTÝRATRÖLL Myndskreyting eftir Brian Pilkington.

Sýningum lýkur í Hafnarborg

Tvær áhugaverðar myndlistarsýningar sem nú standa yfir í menningar- og listamiðstöðinni Hafnarborg eru við það að renna sitt skeið á enda og því góð ástæða til að hvetja sem flesta til þess að berja þær augum áður en það er um seinan.

Um er að ræða annars vegar sýningu á myndskreytingum Brians Pilkington við sögu Steinars Berg, Tryggðatröll, en sagan kom út á bók ný fyrir stuttu. Tilvalið er að koma með börn og skoða þessa skemmtilegu og fallegu sýningu. Brian Pilkington hefur vakið mikla athygli fyrir bækur sínar um íslenska þjóðtrú og vættir. Hann er einn af okkar ástsælustu myndshöfundum og hlaut árið 2003 Dimmalimm, íslensku myndskreytiverðlaunin, fyrir bók sína Mánasteinar í vasa.

Hin sýningin sem nú stendur yfir í Hafnarborg kallast Portrett nú! Þar er á ferð sýning á norrænum portrettverkum sem eru afrakstur samkeppni sem haldin var fyrr á árinu. Á sýningunni má sjá verk eftir íslensku listamennina Doddu Maggý Kristjánsdóttur, Magdalenu Margréti Kjartansdóttur, Sesselju Tómasdóttur og Sigrúnu Eldjárn, ásamt fjölda verka eftir listamenn frá hinum Norðurlöndunum.

Safnið er opið alla daga nema þriðjudaga frá kl.11 til kl. 17 og á fimmtudögum er opið til kl. 21. Síðasti sýningardagur beggja sýninganna er laugardagurinn 22. desember. Aðgangur að safninu er ókeypis. - vþ

Njúton lemur á dós

Tónlistarhópnum Njúton hefur verið boðið að koma fram á víðfrægum maraþontónleikum bandaríska tónlistarhópsins Bang on a Can í Yerba Buena Center for the Arts í San Francisco í febrúar næstkomandi. Hópurinn, sem verður við tækifærið skipaður Berglindi Maríu Tómasdóttur flautuleikara og Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara, mun flytja íslenska og bandaríska tónlist á tónleikunum.

Samstarf Njútons og Bang on a Can hófst í sumar þegar Evan Ziporyn, einn af liðsmönnum Bang on a Can, var sérlegur gestur Njúton, sem þá gekk undir nafninu Aton, á Alþjóðlegum Atondögum og tónlistarhátíðinni Við Djúpið.

Njúton stendur í ströngu þessa dagana þar sem að hópurinn sendi nýverið frá sér geisladisk, sem kallast Roto con moto, á vegum Smekkleysu. Á disknum má heyra hópinn flytja verk sem samin voru sérstaklega fyrir hann á árunum 1999-2006. Tónskáld sem eiga verk á disknum eru Hlynur Aðils Vilmarsson, Anna Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðmundur Steinn Gunnarsson, Ingi Garðar Erlendsson, Kolbeinn Einarsson, Steingrímur Rohloff og Hugi Guðmundsson. Upptökur fóru fram í Gróðurhúsinu undir stjórn Valgeirs Sigurðssonar fyrr á árinu.

BERGLIND MARÍA TÓMASDÓTTIR Kemur fram með Bang on a Can tónlistarhópnum í febrúar næstkomandi ásamt Tinnu Þorsteinsdóttur.

Berglind María hélt tónleika um síðastliðna helgi í Maybeck Studios í Berkeley í Kaliforníu. Tónleikarnir vour styrktir af Tónlistarsjóði og Loftbrú. Berglind lék þar verk fyrir flautu eftir Atla Heimi Sveinsson, Guðmund Stein Gunnarsson, Önnu Sigríði Þorvaldsdóttur, Þorstein Hauksson, Þorkel Sigurbjörnsson og Luciano Berio. - vþ



„Unaðsleg bók.“

Silja Aðalsteinsdóttir / tmm.is



2.
prentun væntanleg

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
2007

„... ein skemmtilegasta endurminningabók sem ég hef lesið um árabil.“
Þröstur Helgason / Lesbók Morgunblaðsins

„[Sigurður Pálsson] hefur einmitt náð rétta tóninum ...“
Gauti Kristmannsson / Víðsjá, RÚV

„Þetta er sælgæti ... maður smjattar á hverri setningu ... afskaplega hrífandi stemning ... yndisleg bók.“
Sigmundur Ernir Rúnarsson / Mannamál, Stöð 2

„Sögurnar í bókinni eru allt frá því að vera sprenghlægilegar yfir í að vera næstum hrollvekjandi.“
Jón Yngvi Jóhannesson / Ísland í dag, Stöð 2

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Stökkpallur í spennu

BÓKMENNTIR

Draugaslóð

Kristín Helga Gunnarsdóttir

★★★★★

Draugaslóð er spennandi saga sem leiðir lesandann upp á hálendið og inn í ævintýrin sem þar búa.

Draugaslóð eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur er nokkurs konar fjársjóðskort. Hún leiðir lesandann styrkri hendi inn í fjársjóð íslenskra þjóðsagna og dularfullra krafta sem landið og þjóðtrúin búa yfir.

Sagan segir frá Eyvindi Þórusyni, 13 ára dreng sem býr uppi við Elliðavatn. Hún gerist í nútímanum, þegar fólk sem býr í notalegum gömlum sumarhúsum við vatnið þarf að hugsa sinn gang, því steypt stórhýsi rísa allt í kring og skurðgröfukjaftarnir eru skammt undan. Fjölskylda Eyvindar er langt frá því að vera vísitölufjölskylda, hann býr með ömmu sinni og framliðnum afa í bústaðnum við Elliðavatn. Hlutverk afans er skemmtilega skrifað, afslappað og í anda íslenskrar þjóðtrúar, þar sem það þykir ekki nema eðlilegt að framliðnir geri aðeins vart við sig eða vitji fólks í draumi. Eyvindur á móður sem hefur lítið komið við sögu í lífi hans hingað til. Hans aðaluppalandi er amman, sem getur bjargað hverju sem er. Til Hildu smur geta þeir sótt sem ekki rata beinu brautina í lífinu, hún skilur allt og getur leyst vandamál unglinga með því einu að hlusta og leyfa þeim að halda á tusku um stund. Þessi manngerð leynist í mörgum skandinavískum barnabókum og er kannski aldrei ofnotuð. Lífsreynda manneskjan sem ekki bindur bagga sína sömu hnútum og aðrir en getur vegna fjölbreyttrar lífsreynslu leyst hvaða vanda sem er með einföldum hætti.

Sagan er þroskasaga, söguhetjurnar þurfa að takast á við breytingar, sem verða bæði vegna óumflýjanlegra breytinga í landi kaupstaðarins og vegna breytinga innan fjölskyldunnar sjálfrar. Höfundur leikur sér skemmtilega með tímann, í dag búa menn við aðrar aðstæður en þeir gerðu á Íslandi fyrir tvö hundruð árum, en þó geta gamlar sögur endurtekið sig um leið og þróunin heldur áfram.

Í barna- og unglingabókum um þessar mundir úir og grúir af yfirnáttúrulegum fyrirbærum. Söguhetjur ferðast fram og aftur í tíma og rúmi. Það þarf enga tilbúna ævintýraveröld til þess að skapa yfirnáttúrulega stemningu. Ísland á þetta allt saman, með síbreytilegu veðurfari og landslagi sem jafnvel getur gleypt fólk. Kristínu Helgu er umhugað um þjóðtrúna og þjóðareinkenni Íslendinga. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún gerir íslenskar þjóðsögur að efni sínu og

KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR Rithöfundur fer á fjöll í nýrri sögu, Draugaslóð.

ánægjulegt að sjá hversu vel henni tekst til við að endurvekja þjóðsögur og minna lesandann á að þrátt fyrir að þjóðsögurnar séu alda gamlar, þá getur sagan alltaf endurtekið sig. Þjóðsögurnar eru sumar hverjar ekki annað en fréttir úr fortíðinni. Á hálendinu er allra veðra von, þar búa sögur og draugar, upplýsingar sem berast í draumi eru jafn mikilvægar og þær sem berast í vöku. Það er aðdáunarvert hvernig höfundur fléttar saman þjóðsögur og þjóðtrú við sína eigin sögu.

Draugaslóð er spennandi stökkpallur inn í lestur þjóðsagna. Bókinni fylgir heimildaskrá sem er mikilvæg. Ungir lesendur þekkja ekki allar þjóðsögur inn og út og hafa ekki forsendur til þess að meta hvaða bækur byggja á raunverulegum atburðum og hvaða bækur eru hreinn skáldskapur. Kort og heimildaskrá taka af allan vafa um réttmæti sögunnar.

Hildur Heimisdóttir



Jólasöngvar Dómkórsins

Eftir lokun verslana í miðbæ Reykjavíkur á fimmtudaginn gefst fólki sem er orðið lúið eftir jólagjafaleit tækifæri til að koma í Dómkirkjuna og hlýða á kyrrláta og ljúfa jólatónlist við kertaljós. Á efnisskrá eru mótettur eftir tónskáldin Praetorius, Eccard og Brahms og jólasálmar í fallegum útsetningum.

Tónleikarnir hefjast á slaginu kl. 22 og er aðgangur ókeypis. Þessir tónleikar eru því vel til þess fallnir að kveikja hinn sanna jólaanda í hverjum þeim sem þá sækir. Stjórnandi Dómkórsins er Marteinn H. Friðriksson. **- vþ**

DÓMKIRKJAN Í REYKJAVÍK Hér syngur Dómkórinn á fimmtudagskvöld.

Salurinn

LAUGARDAG 12. JANÚAR 2008 KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐASALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 – 16 FRAM AÐ JÓLUM

SMELLTU Á NÝJU HEIMASÍÐUNA WWW.SALURINN.IS OG SKOÐAÐU FALLEGU GJAFAKORTIN

FRÁBÆR JÓLAGJÖF!

GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR Á ÁRINU

BYR SPARISJÓÐUR

SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Óhöppum fjölgar

Efnt verður til aukasýninga nú á milli jóla og nýárs á leikritinu Óhapp! eftir Bjarna Jónsson sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu. Leikritið var fyrsta verkefni leikársins nú í haust og fékk afbragðs dóma og góðar viðtökur hjá áhorfendum. Verkið tekur á sjónvarps- og fjölskylduumhverfi nútímans á Íslandi. Verkinu hefur verið líkt við Stundarfrið Guðmundar Steinssonar sem þótti á sínum tíma ná á frumlegan hátt að miðla þáverandi ástandi íslensku þjóðarinnar.

Sýningarnar á milli jóla og nýárs verða þær allra síðustu sem efnt verður til og því rétt að hvetja allt leikhúsáhugafólk til þess að láta verkið ekki fram hjá sér fara. Nánari upplýsingar um dagsetningar sýninganna má nálgast hjá Þjóðleikhúsinu. - vþ

Arnaldur slær öll met!

„Unni mér hvorki svefns né matar frá því ég opnaði hana uns yfir lauk … **Meistaralega fléttuð**.“

Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is

„**Besta skáldsaga Arnaldar** frá því að *Grafarþögn* kom út.“

Hávar Sigurjónsson / Morgunblaðið

„Arnaldur er í toppformi í spennandi, læsilegri og **vel hugsaðri glæpasögu** sem er hans besta í nokkur ár.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Ísafold

„*Harðskafi* er bók sem ekki gleymist fljótt og **mun lifa lengi** í minningu lesanda.“

Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

„**Flott innra samhengi**.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2

„ **Um sterk tök Arnalds á forminu þarf ekki að fjölyrða**. Hann kann að fanga áhugann og neyða okkur til að halda áfram að lesa …“

Ármann Jakobsson / dv.is

„**Erlendur verður sífellt hjartfólgnari** sögupersóna … veldur engum vonbrigðum í þessari nýjustu og **dúndurgóðu bók**.“

Vikan



„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda.“
The Times

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

TEMPUR®

Gravity Zero: Stillanleg heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Frá kr. 365.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. frá kr. 31.559

* Tilboð innifelur stillanlegt rúm og heilsudýnur.

Jólagjöfin þín

Tempur heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: Frá kr. 7.990,-

TEMPUR®

Tempur heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-

TEMPUR®

AUKAKRÓNUR Samstarfsaðili

www.betrabak.is

Vaxtalaus jólatilboð

Við í Betra Bak
trúum því að rúm
sé ekki bara staður
til að sofa á,
heldur eitthvað
miklu miklu meira.

Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 139.900,-
Vaxtalaust 12 mán*. kr. 12.218

* Tilboð innifelur rúmbotn, lappir og heilsudýnu.

Jólagjafirnar fást hjá okkur

TempraKon hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 24.900,-

TempraKON®

Yes sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: Kr. 8.900,-



yes!

* Mánaðargreiðsla miðað við tilboðsverð á vaxtalausum raðgreiðslum í 12 mánuði með 3,5% lántökukostnaði.

Betra BAK

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

Akureyri
Tryggvabraut 24
Sími 462 1410

www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-19 • Laugardag frá kl. 10-22
Þorláksmessu frá kl. 10-23 • Aðfangadag frá kl. 10-12

> ÆSTUR AÐDÁANDI

Aðdáendur leggja ýmislegt á sig til að komast átrúnaðargoði sínu nær. Einn æstasti aðdáandi Paulu Abdul vann á stofu kvensjúkdómalæknis hennar, og gerðist í eitt skipti svo kræfur að stela þvagprufu sem söngkonan hafði skilað. Hann missti starfið í kjölfarið.

fólk

folk@frettabladid.is

Gerbreytt Lindsay á nýju ári

Lindsay Lohan gladdi einhvern vin sinn mikið á dögunum, þegar hún hringdi inn í útvarpsþátt fyrir hans hönd. Tveir útvarpsmenn í Las Vegas buðu hlustendum sínum tækifæri til að fá miða á tónleika táningsstjörnunnar Miley Cyrus í borginni. Mörgum hefur reynst erfitt að nálgast miða á tónleika stjörnunnar, en hún leikur unglingsstúlkuna Hannah Montana í þáttum sem njóta gríðarlegra vinsælda ytra um þessar mundir.

Miðarnir áttu að falla í hlut þess hlustanda sem fengi frægustu manneskjuna til að hringja inn í þáttinn. Rokkarinn Slash úr Guns'n'Roses hringdi inn í þáttinn, og sömuleiðis leikarinn Lee Miller, sem var afar vinsæll á áttunda áratugnum. Um leið og rödd Lindsay Lohan barst yfir símalínuna var keppninni hins vegar lokið. Hún sagði í spjalli við útvarpsmennina að sú Lindsay sem hæfi árið 2008 væri mjög ólík þeirri sem hóf árið 2007, enda hefur ýmislegt gengið á í lífi leikkonunnar á liðnu ári.

„Ég held að líf mitt sé öðruvísi núna. Það hefur breyst og ég er að fullorðnast, og það var kominn tími til að fullorðnast. Ég hef gengið í gegnum mikið og ég er bara önnur manneskja núna," sagði leikkonan. Hún kvaðst jafnvel vera hætt að skoða slúðurblöðin, sem fylgjast með hverri hreyfingu hennar. „Ég les þau ekki, af því að þá fær maður bara einhverjar grillur í höfuðið. Það gerir mig niðurdregna, svo ég tek ekki þátt í þessu," sagði Lohan.

ERFITT ÁR Lindsay sagði í spjalli við útvarpsmennina í Vegas að hún væri gjörbreytt manneskja eftir þetta erfiða ár í lífi sínu.

Frumsýnd í lok janúar

Tónleikamynd hljómsveitarinnar U2 sem var tekin upp í þrívídd verður frumsýnd víðs vegar um heiminn 25. janúar næstkomandi. Í myndinni er sýnt frá tónleikum sveitarinnar í Suður-Ameríku á meðan á tónleikaferð hennar, Vertigo, stóð. Myndin er sú fyrsta sem er alfarið tekin upp, klippt og gefin út í þrívídd.

Sjö hundruð klukkustundir af efni voru klipptar niður í 92 mínútur. Myndinni var leikstýrt af Catherine Owens.

Amy yfirheyrð í vikunni

Enn bætist í vandræði Amy Winehouse. Söngkonan verður yfirheyrð um mögulega aðild sína að máli eiginmannsins Blake Fielder-Civil, sem situr nú í fangelsi.

Fielder-Civil hefur setið í fangelsi síðan í byrjun síðasta mánaðar. Upphaflega átti að rétta í máli hans um miðjan nóvember, en hann er grunaður um árás á barþjóninn James King í júní árið 2006. Áður en af réttarhöldunum varð komu fram gögn sem bentu til þess að Fielder-Civil hefði reynt að hafa áhrif á málaferlin með því að bjóða King andvirði um 25 milljóna íslenskra króna, auk utanlandsferðar, fyrir að draga ásakanirnar til baka. Fimm menn til viðbótar hafa verið ákærðir fyrir tilraun til að hindra framgang réttvísinnar. Lögregla hefur nú fengið áhuga á mögulegri aðild Amy Winehouse að málinu. Lagt hefur verið hald á símagögn söngkonunnar, auk bankaupplýsinga og tölvugagna sem gætu sannað aðild Amy. Í síðustu viku heimsótti lögregla einnig bókhaldara söngkonunnar hjá fyrirtækinu Smallfield Cody. Winehouse hefur verið gert að mæta til yfirheyrslna í vikunni.

Heimildarmaður breska dagblaðsins News Of The World segir að rannsókn lögreglunnar hafi upphaflega snúist um Blake Fielder-Civil, vin hans að nafni Brown, og upphaflegt fórnarlamb árásarinnar. „Eftir að lögreglan hefur lagt hald á ýmis gögn lítur út fyrir að þar sé að finna sönnunargögn fyrir því að Amy tengist samsærinu sjálf. Þegar maður hugsar um það fór hún að verða grunsamleg um leið og talan 200 þúsund pund skaut upp kollinum. Hvernig ætti Blake, sem gerir voðalega lítið til að vinna fyrir sér, að geta boðið einhverjum slíka upphæð?" segir heimildarmaðurinn.

Í YFIRHEYRSLUR Ný gögn í máli Blakes Fielder-Civil þykja benda til þess að eiginkona hans hafi átt þátt í samsæri um að hindra framgang réttvísinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

Ó, Herra Jóli hvað geri ég nú?
Jólasveinninn er í vandræðum og þarf hjálp frá Herra Jóla
YNDISLEG BÓK HANDA LITLU KRÍLUNUM SEM BÍÐA EFTIR JÓLUNUM

ÞEGAR ÝTT ER Á TAKKANN SPILAR BÓKIN JÓLALAG
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Hrikalega flott bók.
Pétur eins og hann gerist bestur.
Þórbergur eins og hann gerðist verstur
... og manni getur ekki leiðst.“

Þröstur Helgason, ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„Pétri tekst með aðferð sinni að gera það sem ég tel að sé á fárra fræðimanna valdi: Að skrifa um Þórberg, félaga hans og kærustur á þann hátt að persónurnar birtast ljóslifandi fyrir augum lesandans.“

Soffía Auður Birgisdóttir / Morgunblaðið

Ferill Þórbergs Þórðarsonar
hófst seint; hann var orðinn 36 ára
þegar *Bréf til Láru* kom út og fimmtugur
þegar *Íslenskur aðall* leit dagsins ljós.
Hvað hafðist hann að fram að því?
Pétur leitar svara við þessum spurningum,
rekur glímu Þórbergs við fátækt og eymd
og segir frá litríkum og dramatískum
ástaræviníýrum, vonbrigðum og sorgum
en einnig björtum vonum og
háleitum hugsjónum.

„... kemur ýmislegt í ljós um einkalíf Þórbergs sem ekki var vitað áður ... við verðum til dæmis margs vísari um kvennamál hans og sumt kemur þar verulega á óvart.“

Jón Yngvi Jóhannsson / Ísland í dag, Stöð 2

Pétur Gunnarsson dregur upp mynd af Þórbergi sem á eftir að koma nýjum sem gömlum aðdáendum Þórbergs á óvart.

Gott partí

Rommtommtechno hefur að geyma tíu endurhljóðblandanir af lögum af latin-plötum Tómasar R. Einarssonar, Kúbanska, Havana og Rommtommtomm. Það var President Bongó úr Gus Gus sem fékk bæði innlenda og erlenda listamenn til að endurvinna lögin á plötunni.

Þeir sem eiga remix á Rommtommtechno eru þýska dúóið Moonbootica, Captain Thirdeye (Mark Brydon úr Moloko), Jack Schidt (DJ Margeir), Namito frá Berlín, DJ Thor (Þórhallur Skúlason), franski plötusnúðurinn Tom Pooks, Electric Screwdriver (Elliot Taub og Hólmar Filipsson), Gus Gus, Viddi úr Trabant og Matthías Hemstock.

Það er greinilegt að þessir aðilar hafa ekki átt í neinum erfiðleikum með að vinna með tónlist Tómasar R. Margar þessara endurgerða eru mjög flottar og þó að þær séu ekki allar jafn spennandi tónlistarlega þá rennur platan samt í gegn í góðum partífíling þar sem teknó og house blandast latin-tónlistinni.

Mín uppáhaldsmix á plötunni eru Moonbootica vs. Dirty Deal-mixið af Kúbanska, Captain Thirdeye-mixið af Jöfragleði, Namito-mixið af Spjallað við bændur og Gus Gus-mixið af Bassachachacha. Trabant og Matthías Hemstock eiga líka áhugaverð mix sem brjóta upp stemninguna.

Á heildina litið er þetta ágæt mixplata. Góð hugmynd og gott partí. Og ekki skemmir umslagið sem er sérstaklega flott.

Trausti Júlíusson

TÓNLIST

Rommtommtechno

Tómas R. Einarsson

★★★

Á Rommtommtechno blandast teknó og house latin-tónlist Tómasar R. Einarssonar í endurgerðum innlendra og erlendra tónlistarmanna. Góð hugmynd og fín partíplata.

Bylgjan borgar, ekki Rás 2

Bubbi Morthens er ósáttur við vinnubrögð á Ríkisútvarpinu. Hann segir það óhæft að listamenn þurfi að gefa vinnu sína fyrir kynningu á efni sínu á útvarpsstöðvum þess.

„Þetta er skandall og til vansa fyrir Ríkisútvarpið. Að listamenn, sem kannski hafa starfað lengi í bransanum, þurfi að mæta upp í útvarp og gefa vinnu sína í einhverri veikri von um kynningu," segir Bubbi Morthens – einhver skærasta rokkstjarna Íslands fyrr og síðar.

Stóra Klaufamálið er þúfan sem ætlar að velta þungu hlassi. Sent var út frá tónleikum köntrísveitarinnar Klaufa á Rás 2 en staðið hefur á borgun reikninga sem sveitin hefur lagt inn til Ríkisútvarpsins þrátt fyrir að samningar milli RÚV og FÍH kveði skýrt á þar um að sögn stjórnar FÍH, sem sent hefur útvarpsstjóra bréf vegna málsins. Jakob Frímann Magnússon, sem er formaður bæði Samtóns (rétthafar tónlistarinnar) og Félags tónskálda og textahöfunda, á bókaðan fund með Páli Magnússyni útvarpsstjóra þar sem leitað verður lausna á því sem tónlistarmenn almennt líta á sem algerlega óviðunandi ástand.

Árum saman hefur Bubbi haldið Þorláksmessutónleika og hefur verið sent út beint frá þeim tónleikum. Engin breyting verður þar á, Bubbi verður á Nasa og Bylgjan mun útvarpa tónleikunum. Áður sendi Rás 2 út frá þeim tónleikum en allt fór í hund og kött milli Bubba og Ríkisútvarpsins því hann þótti ekki gæta orða sinna nægilega í kynningum milli laga. Bubbi fékk aldrei krónu greidda fyrir þá tónleika né heldur þegar hann hefur komið fram á Rás 2 við önnur tækifæri.

„Nei, enda fór ég ekki fram á það. Ég hugsaði þetta sem jólagjöf mína til landsbyggðarinnar. Hins vegar hefur 365 alltaf borgað mér fyrir tónleikana, borgað vel, það get ég fullyrt, og hafa einkareknu miðlarnir þannig staðið sig miklu betur en Ríkisútvarpið."

BUBBI MORTHENS Segir það skandal að listamenn þurfi að gefa Rás 2 vinnu sína í staðinn fyrir kynningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bubbi segir að Ólafur Páll Gunnarsson eigi kannski ekki að svara fyrir þetta þótt hann sé tónlistarstjóri Rásar 2. Hann hafi vissulega gert íslenskri tónlist meira gagn en ógagn þó heimaríkur sé á rásinni. Það séu hins vegar útvarpsstjóri og menntamálaráðherra, þeir sem stjórna menningarmálum hér á landi, sem ættu að vakna til vitundar um hversu mikilvæg Rás 2 er.

„Þetta er ríkisútvarp. Þetta er ekki einkarekin stöð. Og fyrst Ríkisútvarpið, auk þess að fá drjúgan skerf af almannafé, er farið að fá peninga frá Björgólfi sem ætlar sér ítök á fjölmiðlamarkaði, þá er nú kannski í lagi að listamenn hætti að gefa vinnu sína fyrir einhverja kynningu eins og tíðkast hefur. Þetta er náttúrlega hneyksli hvernig staðið er að málum," segir Bubbi.

jakob@frettabladid.is

The Secret
LEYNDARMÁLIÐ

LOKSINS! LOKSINS!

THE SECRET KVIKMYNDIN Á ÍSLENSKU



Leyndarmálið breytir lífi þínu.

Það er ekkert leyndarmál að The Secret á íslensku er jólagjöfin í ár.

DVD VIDEO

Kvikmyndin sem fer eins og eldur í sinu um allan heim. Í fyrsta sinn fáanleg með íslensku tali og íslenskum texta á veglegum DVD diski.

græna ljósið

GRÆNA LJÓSIÐ OG SKÍFAN - GÓÐ SAMAN

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF FRÁBÆRUM JÓLAT

TILBOÐI TIL JÓLA

Packard Bell

MB87

134.900

4.235

MB65 FARTÖLVA

99.900

SB65

FARTÖLVA Á TILBOÐI

99.900

AFMÆLIS TILBOÐ

VIÐ ERUM EINS ÁRS • FJÖLDI TILBOÐA

10% AFSLÁTTUR

24DVD DISKAR

1GB MINNI

TEK

www.tolvutek.is

GIGABYTE

Uppfærsla

19.900

GeForce 8800GT

14.900

ACER

59.900

5ms

24" WideScreen

24.900

4GB CREATIVE ZEN

14.900

GIGABYTE

AFMÆLIS UPPFÆRSLA

36.900

500GB

21.900

500GB

12.900

GIGABYTE

TRITON 3 AFMÆLISTILBOÐ

129.900

LOGITECH EX-110 SETT

3.990

250 GB SKRIFARI

2.990

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

5.990

HEIKJA HEYRNARTÓL

6.990

7.990

2GB ZEN STONE+ MP3

8.990

CREATIVE LIVE CAM VISTA

1.690

MP220 FJÖLNOTATÆKI

9.990

1GB ZEN STONE MP3

4.990

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

TILJÓLA

ILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

Á TILBOÐI TIL JÓLA

TREND VÍRUSVÖRN

2.990

Trend Internet Security 2008

Á TILBOÐI TIL JÓLA

EINN SPINDILL Á MANN

25DVD DISKAR

990

Verbatim 16x DVD+R spindill

Á TILBOÐI TIL JÓLA

10% AFSLÁTTUR

TILBOÐ

10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STÝRIPINNUM

Á TILBOÐI TIL JÓLA

1GB MINNI

1.990

1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA 10-19

Á TILBOÐI TIL JÓLA

iP4500 PRENTARI

9.990

MEST SELDI PRENTARI Á ÍSLANDI

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Alla daga til Jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

>Þau bestu koma frá Brasilíu

Bestu leikmenn heimsins árið 2007 koma báðir frá Brasilíu. Kaka var kosinn bestur hjá körlunum og Marta hjá konunum í árlegri kosningu á vegum FIFA en landsliðsþjálfarar og landsliðsfyrirliðar allra aðildarlanda sambandsins kjósa. Kaka átti frábært með AC Milan sem vann Meistaradeildina. Marta átti gott ár með sænska liðinu Umea sem og brasilíska landsliðinu sem komst í úrslitaleik HM. Lionel Messi varð í öðru sæti hjá körlunum en hjá konum var Birgit Prinz önnur.

sport

sport@frettabladid.is

VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR: VAR BÚIN AÐ NEITA EN SNÉRIST HUGUR OG TÓK VIÐ BLIKUM

Það hefur alltaf kitlað að koma til baka

Vanda Sigurgeirsdóttir hefur ákveðið að snúa aftur í efstu deild kvenna og taka við liði Breiðabliks sem hún gerði að Íslandsmeisturum öll þrjú árin þegar hún þjálfaði þar síðast. Hún mun þó ekki flytja í bæinn fyrr en í sumar.

„Ég viðurkenni að það hefur alltaf kitlað mig að koma til baka. Ég á tvö börn og eiginmann hérna á Króknum. Ég þarf að fara frá þeim og ég sagði nei fyrst. Það var meðal annars út af þessum fjarvistum frá fjölskyldunni. Svo skipti ég um skoðun," segir Vanda.

„Þetta er ákveðin tilraun en 2003 þegar ég þjálfaði KR þá gerði ég þetta líka. Þá var ég reyndar að fara að flytja í bæinn um sumarið en yfir veturinn var ég með aðstoðarþjálfara í bænum. Ég er alltaf í bænum af og til og þess á milli er Jóhannes Karl aðstoðarþjálfari með liðið. Það vildi svo skemmtilega til að hann var aðstoðarþjálfarinn minn í KR 2003 þannig að við þekkjumst mjög vel," segir Vanda. „Ég er ekki búin að hitta stelpurnar og vil ekki setja markmið eða vera með yfirlýsingar áður en ég er búin að heyra hvað þær hafa að segja," segir Vanda. „Þessar stelpur eru alveg vanar því að vinna og þær hafa verið að vinna Íslandsmeistaratitla upp í gegnum yngri flokkana. Ég er mest ánægð með að heyra að þær séu viljugar, æfi vel og vilji læra. Ég er spenntust fyrir því," segir Vanda en Breiðablik hefur eignast 14 Íslandsmeistara í yngri flokkum síðustu átta ár, þar af vann Breiðablik 2. og 3. flokk síðasta sumar.

Vanda gerði frábæra hluti með Ásthildi Helgadóttur, Margréti Ólafsdóttir og Katrínu Jónsdóttur þegar þær voru að stíga sín fyrstu skref inn í meistaraflokkinn og náði með þeim frábærum árangri. „Ég er að vona að þetta sé það sama núna, að sé ég að taka við svona öðrum hópi í Breiðabliki sem getur orðið kjarninn að næsta meistaraliði hjá Breiðabliki. Hvort sem það verður í sumar eða einhvern tímann aðeins seinna ætla ég ekki að lofa. KR og Valur eru með rosaleg lið því ef maður lítur yfir leikmannahópana þá eru landsliðkonur í meira og minna öllum stöðum. Það er fínt því það er áskorun í því."

Alfreð framlengir við Gummersbach til 2010:

Of langt að semja til 2013

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari framlengdi samning sinn við þýska liðið Gummersbach í gær til ársins 2010 en hann var með samning til 2009.

„Þetta hentar vel þar sem sonur minn klárar nám á þessum tíma. Gummersbach vildi semja til 2013 en mér fannst það of langt," sagði Alfreð. Hann er þegar byrjaður að tryggja sér leikmenn en hann fær franskan landsliðsmann í vinstra hornið næsta sumar sem á að taka við af Guðjón Val Sigurðssyni. Alfreð segist síðan tilkynna um 2-3 aðra nýja leikmenn fljótlega. Rekstur Gummersbach er loksins kominn á rétt ról og það gerir félaginu auðveldara fyrir að fá leikmenn þar sem Alfreð er búinn að binda sig.

Guðjón Valur Sigurðsson er byrjaður að spila með liðinu á nýjan leik en tekur ekki mikinn þátt í varnarleiknum.

„Ég þori ekki annað en að hafa hann bara í horninu. Hann er samt að verða klár og það er mjög jákvætt," sagði Alfreð. - hbg

ALFREÐ GÍSLASON Verður áfram hjá Gummersbach og er búinn að finna arftaka Guðjóns Vals hjá félaginu. Sá er franskur.

Hermann og Margrét Lára

Leikmannaval KSÍ valdi Hermann Hreiðarsson og Margréti Láru Viðarsdóttur knattspyrnufólk ársins árið 2007. Eiður Smári Guðjohnsen og Hólmfríður Magnúsdóttir voru í öðru sæti en Eiður Smári flaug í hófið frá Barcelona.

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands útnefndi í gær Hermann Hreiðarsson og Margréti Láru Viðarsdóttur knattspyrnufólk ársins en þetta er í fjórða sinn sem svokallað Leikmannaval KSÍ velur knattspyrnufólk ársins.

Margrét Lára fékk þessi verðlaun annað árið í röð og í þriðja sinn á þessum fjórum árum en Hermann var aðeins annar maðurinn til þess að fá þau því Eiður Smári Guðjohnsen hafði verið valinn fyrstu þrjú árin. Hermann hafði verið valinn knattspyrnumaður ársins 1997 og 2000.

„Það er gaman að fá viðurkenningar því þá veit maður að maður er að gera eitthvað rétt. Það er búið að ganga á ýmsu í ár en ég man þetta skemmtilega og það stendur hæst að vera kominn í gott lið og þar hefur gengið vel. Við náðum líka góðum úrslitum á móti Spánverjum og Norður-Írum," sagði Hermann Hreiðarsson sem lék fimm landsleiki á árinu og var fyrirliði í fjórum þeirra.

Hermann gekk í maí til liðs við enska úrvalsdeildarfélagið Portsmouth frá Charlton og hefur leikið mikilvægt hlutverk í leik liðsins sem er í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

„Mér líður vel, skrokkurinn er í fínu standi, ég er í góðu formi og í góðu liði og það er ekki hægt að biðja um það mikið betra," segir Hermann. „Það eru spennandi leikir framundan hjá okkur. Við eigum Liverpool og Arsenal í næstu tveimur og það verður ágætis próf fyrir okkur," segir Hermann sem bindur vonir til ársins 2008.

GOTT ÁR Margrét Lára Viðarsdóttir og Hermann Hreiðarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það væri gaman ef að við gætum fylgt þessu eftir hjá Portsmouth og komist í Evrópukeppni á næsta ári. Ég vonast líka til að landsliðið geti byrjað undankeppnina vel," sagði Hermann.

Margrét Lára Viðarsdóttir var líka ánægð. „Þetta er búið að vera meiriháttar ár. Maður hélt að það væri ekki hægt að toppa árið í fyrra en það má segja að það hafi verið hægt. Þetta er það besta hingað til og sem betur fer er maður að bæta sig," sagði Margrét Lára Viðarsdóttir sem bætti tvö markamet á árinu.

Margrét bætti fyrst markamet A-landsliðskvenna þar sem hún hefur nú skorað 29 mörk í 35 leikjum og svo markametið í efstu deild kvenna þar sem hún skoraði 38 mörk í 16 leikjum í sumar.

„Íslandsmeistaratitillinn með Val og sigurinn á Frökkum á Laugardalsvellinum eru hápunktarnir á árinu. Maður fékk gæsahúð alveg upp í heila við að vinna Frakkana," segir Margrét Lára sem skoraði einmitt sigurmarkið í þeim leik og gerði alls átta mörk í níu landsleikjum ársins.

Það vakti mikla athygli að Eiður Smári Guðjohnsen flaug til Íslands til að vera viðstaddur athöfnina en framundan er stórleikur Barcelona og Real Madrid. Eiður Smári varð í öðru sæti í kjörinu eftir að hafa verið kosinn Knattspyrnumaður ársins fjögur ár í röð og fimm sinnum á síðustu sex árum.

ooj@frettabladid.is

KNATTSPYRNUMAÐUR ÁRSINS 2007

1. Hermann Hreiðarsson
2. Eiður Smári Guðjohnsen
3. Grétar Rafn Steinsson

KNATTSPYRNUKONA ÁRSINS 2007

1. Margrét Lára Viðarsdóttir
2. Hólmfríður Magnúsdóttir
3. Ásthildur Helgadóttir

Til sölu

Fallegt olíumálverk eftir Ásgrím Jónsson
70cm x 100cm Borgarfjörður

Einnig olíumynd eftir Karólínu Lárusdóttur
90cm x 100cm sjálfsmynd

upplýsingar í síma 6996000.

Áttu þú enskt lingapon námskeið!

Mig vantar enskt lingapon námskeið aðallega sjálfa textabókina, en í henni er íslensk skýring neðanmáls á sömu blaðsíðu og enski textinn kemur fram. Uppl. 865 7013

Áberandi glæsilegur!

7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi sem tekið er eftir...

- **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- **ESP -** Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- **DCS -** Eykur öryggi niður brekkur
- **Tölvustýrð spólvörn**
- **LRS -** Heldur hæð við hleðslu
- **ARP -** Veltivörn
- **TOD -** Sjálfvirk drifstýring
- **Bakkskynjari**
- **18" Álfelgur**
- **Aksturstölva**
- **Og margt fleira....**

Akureyri Bílasalan ÓS, Njarðarnesi 1, Sími 462 1430
Borgarnes Bílasala Vesturlands, Höfðaholti 4, Sími 437 2100
Egilsstaðir Bílasala Austurlands, Fagradalsbraut 21-23, Sími 471 3005
Reykjanesbær Bílahorni hjá Sissa, Brekkustíg 38, Sími 420 3300
Reykjavík Bílabúð Benna, Tangarhöfða 8-12, Sími 590 2000

Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.

Bílabúð Benna
CHEVROLET
CHEVROLET GÆÐI - FRÁBÆRT VERÐ

SNJÓSLEÐA JÓLAGJAFIR

HJÁ ARCTIC CAT FÓLKI ER ÞAÐ EINFALDLEGA Í BLÓÐINU!

Arctic Cat snjósleðahjálmar
frá kr. 19.000

Hjálmapokar

Arctic Cat öryggisbrynjur

Arctic Cat snjósleðagleraugu

Arctic Cat húfur frá kr. 1.200

Gott úrval af Arctic Cat fatnaði.
Arctic Cat Flex S System snjósleðaúlpur frá kr. 30.000

Arctic Cat Flex S System
snjósleðabuxur frá kr. 26.000

Arctic Cat snjósleða-
galli fyrir börn

Arctic Cat hágæða snjósleða skór í
miklu úrvali frá kr. 22.000

Margar útgáfur af hágæða
snjósleðahönskum frá kr. 2.900

ARCTIC CAT®
SHARE OUR PASSION.™

Gott úrval aukahluta á sleðann

Hlífar frá kr. 10.000

Handhlífar á stýri kr. 4.800

B&L VERSLUN OG VARAHLUTIR, UMBOÐSAÐILI ARCTIC CAT Á ÍSLANDI, GRJÓTHÁLSI 1
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 08:00 - 18:00 - SÍMI 575 1240

Verslun
Varahlutir
Grjóthálsi 1 · Sími: 575-1240 · www.bl.is

Nýr styrkleikalisti hjá FIFA:

Ísland í 90. sæti FIFA-listans og fellur um eitt sæti

FÓTBOLTI Íslenska karlalandsliðið fellur um eitt sæti á nýjum styrkleikalista FIFA sem gefinn var út í gær. Ísland er í 90. sæti eða þrem sætum ofar en það var fyrir nákvæmlega einu ári. Ísland lék einn landsleik í síðasta mánuði er liðið tapaði fyrir Dönum, 3-0, á Parken.

Það eru sem fyrr litlar breytingar á toppnum þar sem eru Argentína, Brasilía og Ítalía, Spánn og Þýskaland en Þjóðverjar hoppa upp um tvö sæti. Hinar þjóðirnar standa í stað.

Enska landsliðið er í 12. sæti listans líkt og í síðasta mánuði.

- hbg

ÓLAFUR JÓHANNESSON LANDSLIÐSÞJÁLFARI

JÓLAMYNDIN Í ÁR!
STÓRSKEMMTILEG GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.
SENDU SMS JA ACF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!
SMS LEIKUR
9 HVER VINNUR!
ALVIN OG ÍKORNARNIR
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
SMÁRABÍÓ BÍÓHÖLLIN ÁLFABAKKA SAMBÍÓIN HÁSKÓLABÍÓ

MÆTTUR Ítalski harðjaxlinn Fabio Capello mætti bresku pressunni í fyrsta skipti í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

Talar ensku eftir mánuð

Ítalinn Fabio Capello var formlega kynntur sem landsliðsþjálfari Englands í gær og talaði ítölsku á fundinum. Hann skrifaði undir fjögurra og hálfs árs samning. Capello segist ætla að fara á toppinn með enska landsliðið.

FÓTBOLTI Ítalinn Fabio Capello var kynntur sem landsliðsþjálfari Englands í gær. Hann skrifaði undir fjögurra og hálfs árs samning og hefur störf þann 7. janúar næstkomandi. Hann fær rúmar 800 milljónir króna í árslaun. Capello talaði ítölsku á fundinum en annað verður uppi á teningnum þegar hann tekur formlega við starfinu.

„Mér finnst mjög mikilvægt að geta tjáð mig beint við leikmenn og ég mun leggja mikið á mig til þess að ná góðum tökum á enskunni. Ég er sannfærður um að eftir mánuð þá mun ég tala ensku," sagði Capello á blaðamannafundi í gær fyrir framan her fjölmiðlamanna sem spurðu hann spjörunum úr.

„Ég hef lengi haft mikinn áhuga á þessu starfi og geri mér grein fyrir væntingunum sem fylgja starfinu. Fyrsta mál á dagskrá er að hitta leikmennina og stjóranna í úrvalsdeildinni. England á mjög gott lið sem getur farið alla leið á toppinn," sagði Capello en hans fyrsti leikur með liðið verður vináttulandsleikur gegn Sviss í febrúar.

Capello státar af stórkostlegum ferli sem þjálfari og hefur unnið allt sem hægt er að vinna í boltanum með AC Milan, Real Madrid og Roma.

Enn sem komið er hafa bara Ítalir verið ráðnir í þjálfarateymi Capellos en hann mun ráða Englending inn í teymið og það er að hans ósk en ekki enska knattspyrnusambandsins.

„Frá fyrsta degi hef ég beðið um að fá enskan þjálfara í lið með mér. Ég hef alltaf viljað hafa heimamann hjá mér. Það er mjög mikilvægt að hafa mann við hlið sér sem skilur enskan fótbolta og menninguna í kringum hann," sagði Capello sem var mikið spurður út í David Beckham en samstarf Capellos og Beckhams hjá Real Madrid var oft stormasamt og þá sérstaklega þegar Capello tók hann úr liðinu eftir að hann samdi við Galaxy og sagði að hann myndi aldrei spila aftur fyrir liðið.

Á endanum neyddist Capello til að endurskoða þá ákvörðun, Beckham svaraði fyrir sig með frábærri spilamennsku og Real Madrid varð spænskur meistari.

„Það voru átök í samskiptum okkar Beckhams en á endanum sýndi hann hversu frábær einstaklingur og leikmaður hann er. Beckham er þannig týpa að hann nær þeim markmiðum sem hann setur sér. Hegðun Beckhams kemur til með að skipta höfuðmáli. Það er enn langt í fyrsta leik og margar ákvarðanir sem á eftir að taka," sagði Capello um Beckham.

henry@frettabladid.is

POLAR®
LISTEN TO YOUR BODY
PÚLSMÆLAR
F11
Útilíf Smáralind, Kringlunni og Glæsibæ // Markið // Intersport // Hreysti
Afreksvörur // Fitness Sport // Hlaup.is // Halldór úrsmiður Glerártorgi
P. ÓLAFSSON ehf.
Trönuhrauni 6 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 565 1533 • Fax: 565 3258

EKKI Í BANN ÞRÁTT FYRIR RAUÐA SPJALDIÐ Kristinn Jakobsson segist hafa fengið góða dóma frá eftirlitsmanninum eftir leik Everton og Zenit. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Búið að dæma frammistöðu Kristins á Goodison:

Fékk fína dóma frá eftirlitsmanninum

FÓTBOLTI FIFA-dómarinn Kristinn Jakobsson er búinn að fá skýrslu eftirlitsdómara frá leik Everton og Zenit St. Petersburg sem fram fór á Goodison Park á dögunum.

Kristinn dæmdi þann leik og var ánægður með sitt verk þó svo að honum hafi orðið á mistök er hann rak leikmenn Rússanna af velli en á myndbandi sést vel að sá dómur var rangur og hefur Kristinn játað það síðar.

„Þetta var fínn dómur sem ég fékk. Mjög fín og jákvæð skýrsla rétt eins og ég átti von á," sagði Kristinn við Fréttablaðið í gær en hann býst fastlega við að fá áframhaldandi verkefni á nýja árinu. Hann segir að rauða spjaldið ranga hafi ekki skemmt fyrir sér í heildardómnum.

„Heildarniðurstaðan er mjög góð en það var samt rætt samstarf okkar Gunnars [Gylfasonar aðstoðardómara]. Gunnari fannst þetta vera víti og hendi og ég varð auðvitað að elta hann enda erum við í sama liði. Við stöndum og föllum með því," sagði Kristinn.

- hbg

FordEscape AWD

Ford

Nýtt tákn um gæði

FORD ESCAPE XLS AWD
Verð 3.270.000 kr.*
2,3i 153 hö 206 Nm
Sjálfskipting
CO2 losun 205 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 9,9 l/100 km

Jólatilboð Brimborgar

Ammríkskur jólasveinn kemur við í Brimborg

Sveinki lækkar gengi dollars svo um munar. Ford Escape lækkar um tugi þúsunda íslenskra jólakróna. Komdu núna í Brimborg. Þú færð að auki 90.000 króna jólapakka í formi gæða vetrardekkja frá Nokian. Og sumardekkin í skottið. Verðmæti dagsins eru 170.000 íslenskar jólakrónur. Komdu og heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg.

Tugir þúsunda íslenskra jólakróna í jólagjöf
Heilsaðu upp á jólasveinana í Brimborg

Jóladollarinn lækkar og lækkar:
- Tugir þúsunda í verðlækkun: 80.000 íslenskar jólakrónur
- Finnsk gæða vetrardekk frá Nokian: 80.000 íslenskar jólakrónur
- Undir bílinn: 10.000 íslenskar jólakrónur
- Sumardekkin í skottið: verðmæti alls, tugir þúsunda

Skoðaðu jólasveinatilboðið á Ford Escape XLS AWD: 2,3 lítra, 153 hestafla, sjálfskiptan jólapakka á aðeins **3.270.000** íslenskar jólakrónur. Plús vetrardekkin. Var áður 3.350.000 kr. Verðmæti vetrardekkja **90.000** íslenskar jólakrónur.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL



brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> **Robert Duvall**

Duvall þykir hafa nokkuð sterkar pólitískar skoðanir og fer sjaldnast leynt með þær. Þannig gagnrýndi Duvall sjálfan Steven Spielberg opinberlega árið 2002 fyrir að hafa farið til Kúbu. Sagðist Duvall þá aldrei ætla að leika í mynd hjá Dreamworks-kvikmyndarisanum sem er í eigu Spielbergs. Duvall leikur í vestaranum Open Range sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR KYNNTIST HUGLEIÐSLU Í SJÓNVARPI

Hafsjór hreinnar meðvitundar

Ellefti tíminn er sjónvarpsþáttur sem sendur er út á dönsku sjónvarpsstöðinni DR2. Þátturinn er reyndar í jólafrí sem stendur og útsendingar hans hefjast ekki að nýju fyrr en í febrúar, en það kemur ekki að sök þar sem nálgast má eldri þætti á vefsíðu DR.

Sumir sjónvarpsþættir eru þannig að það væri argasta tímasóun að horfa á þá oftar en einu sinni. Ellefti tíminn er ekki einn af þeim. Þessi dagfarsprúði viðtalsþáttur fer oftast fram í látlausum sjónvarpssal þar sem lýsingin er dauf og tónlistin er engin. Sjónvarpsmennirnir og viðmælendur þeirra spjalla í mestu rólegheitum um heima og geima og tekst á hálfum tíma að miðla einhvers konar visku til áhorfenda. Af þessari lýsingu að dæma mætti ályktа að samasemmerki væri á milli ellefta tímans og íslenska gullaldar-sjónvarpsþáttarins Maður er nefndur, en sá þáttur lá margoft undir ásökunum um að vera útvarpsþáttur í sjónvarpsgæru. Þessa ásökun er ekki hægt að bera á ellefta tímann þar sem viðmælendur eru oftast sérvaldir með sjónvarpsmiðilinn í huga. Nægir að nefna viðtalið við bandarísku klámstjörnuna með risabrjóstin og viðtölin við gæludýrin sem dýramiðill hafði milligöngu um.

Óhætt er að mæla með að áhugasamir um einkennilegt sjónvarpsefni bregði sér á vef DR, www.dr.dk, og skoði þar fimmtánda þáttinn í röðinni. Þá mætti kvikmyndaleikstjórinn góðkunni David Lynch í viðtal, en talaði lítið sem ekkert um kvikmyndir heldur einbeitti sér frekar að því að útlista andlegt ástand sitt.

David Lynch hefur nefnilega stundað hugleiðslu í rúm 33 ár. Tvisvar á dag alla daga. Í viðtalinu lýsti hann með miklum tilþrifum því hvernig hugleiðsluástandið setur okkur í samband við hafsjó hreinnar meðvitundar sem býr innra með hverjum manni. Þennan hafsjó mætti með réttu kalla sameiginlega sviðið þar sem frumvitund alls mannkyns býr. Ekki síður mun vera frábært að nota þennan hafsjó sem uppsprettu ákaflegra kvikmyndahugmynda. Það er sannarlega gott að vita.

EKKI MISSA AF

▶ **19.35 Blackburn-Arsenal** SÝN

▶ **20.10 Gilmore Girls** SJÓNVARPIÐ

▶ **20.20 Amazing Race** STÖÐ 2

▶ **21.00 Innlit/útlit - Lokaþáttur** SKJÁREINN

▶ **21.15 Ren & Stimpy** SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.05 Sportið
16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin
17.50 Geirharður bojng bojng
18.15 Nigella og jólamaturinn
18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins - Jól á leið til jarðar Brúðumyndaflokkur með englunum Pú og Pa eftir Sigurð Örn Brynjólfsson.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Mæðgurnar** (21:22) (Gilmore Girls VI) Bandarísk þáttaröð um konu sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar á unglingsaldri. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.
21.00 Úr dagbók slökkviliðsins Mynd í léttum dúr um brunavarnir heimilanna.
21.15 Danska keisaraynjan Dönsk heimildarmynd um Dagmar Danaprinsessu, dóttur Kristjáns IX og Lovísu drottningar.
22.00 Tíufréttir
22.25 Lögmál Murphys (2:6) (Murphy's Law IV) Breskur spennumyndaflokkur um rannsóknarlögreglumanninn Tommy Murphy og glímu hans við glæpamenn.
23.20 Glæpurinn (10:20) (Forbrydelsen: Historien om et mord) (e.)
00.20 Kastljós
01.10 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Open Range
08.15 Monsieur N
10.20 Hildegarde
12.00 The Perez Family
14.00 Monsieur N
16.05 Hildegarde
18.00 The Perez Family
20.00 Open Range Dramatískur vestri. Aðalhlutverk. Robert Duvall, Kevin Costner og Annette Benning. Leikstjóri. Kevin Costner. 2003.
22.15 Spin
00.00 Children of the Corn 6
02.00 From Dusk Till Dawn 2. Texas
04.00 Spin

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Jesús og Jósefína
07.45 Kalli kanína og félagar
07.55 Kalli kanína og félagar
08.05 Kalli kanína og félagar
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 The Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love
10.15 Commander In Chief (14:18)
11.15 Veggfóður (15.20)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Stella Street (Glansgatan)
14.30 Nábúar - Æður og maður
15.20 Sjáðu
15.55 Shin Chan
16.15 Ginger segir frá
16.38 Skjaldbökurnar
17.03 Jesús og Jósefína
17.28 The Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar (Neighbours)
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.50 Ísland í dag
19.25 Simpsons (13:21)
19.50 Næturvaktin (6:13)
▶**20.20 Amazing Race** (5:13) Kapphlaukið mikla er hafið í tíunda skiptið. Sem fyrr taka 12 lið þátt í kapphlaupinu, sem liggur um heiminn þveran og endilangan. Að þessu sinni eiga Íslendingar smáhlut í einum keppandanum. Nánar tiltekið gervifót hans, sem smíðaður var af stoðtækjagerð Össurar.
21.10 NCIS (16:24) Fjórða þáttaröð eins vinsælasta spennuþáttar í Bandaríkjunum. Þar segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum. 2006.
21.55 Kompás
22.35 60 mínútur
23.20 Prison Break (6:22)
00.05 The Closer (3:15)
00.50 Medium (14:22)
01.35 Intimate Strangers
03.20 Stella Street
04.45 NCIS (16:24)
05.30 Fréttir og Ísland í dag
06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SÝN besta sætið

17.35 Race of Champions 2007 Alþjóðlegt mót í mótorsporti sem fer fram árlega en í þetta skiptið fer mótið fram á Wembley leikvanginum í London.
▶**19.35 Blackburn - Arsenal** Bein útsending frá leik Blackburn og Arsenal í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins.
21.40 Man. City - Tottenham Útsending frá leik Man. City og Tottenham í 8-liða úrslitum enska deildarbikarsins.
23.20 Inside Sport Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
23.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
00.15 Blackburn - Arsenal Útsending frá leik Blackburn og Arsenal í 8-liða úrslitum enska deildabikarsins.

SÝN 2

16.20 Reading - Wigan Útsending frá leik Reading og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
18.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
18.30 Coca Cola mörkin
19.00 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.
20.40 Arsenal - Chelsea Útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.
22.20 Ensku mörkin 2007/2008 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum.
23.15 West Ham - Everton Útsending frá leik West Ham og Everton í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.30 Dýravinir (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
15.55 Vörutorg
16.55 How to Look Good Naked (e)
17.45 Dr. Phil
18.30 The Drew Carey Show (e)
19.00 Ertu skarpari en skólakrakki? (e)
20.00 According to Jim (13:18) Jim fær að skyggnast inn í framtíðina og sjá hvernig léleg ráðgjöf hans kemur til með að breyta Kyle í algjöran aumingja.
20.30 Allt í drasli (12:13) Hreinlætisdívurnar Margrét Sigfúsdóttir og Eva Ásrún Albertsdóttir heimsækja subbuleg heimili og taka til hendinni. Hreinlætisdívurnar eru ennþá í sveitinni, enda fást þær við stærsta verkefni sitt til þessa. Íbúarnir á bænum eru að drukkna í drasli og nú skal þeim bjargað áður en það verður um seinan.
▶**21.00 Innlit / útlit - Lokaþáttur** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.
22.00 State of Mind (7:8) Bandarísk þáttaröð um sálfræðing sem á sjálfur í miklum sálarflækjum. Ann leitar til síns fyrrverandi eftir að systir hennar kemur óvænt í heimsókn. Taj samþykkir að fara í fjölskylduráðgjöf með dóttur sína og James er að vinna með strák sem er hættur að tala.
22.50 The Drew Carey Show
23.15 C.S.I. New York (e)
00.15 Charmed (e)
01.10 NÁTTHRAFNAR
01.11 C.S.I. Miami
02.00 Ripley's Believe it or not!
02.45 Trailer Park Boys
03.10 Vörutorg
04.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.55
Kompás - Er hinn heilagi gral á Íslandi?

Ítalinn Giancarlo Gianazza hefur legið yfir leyndardómum miðaldamálaranna Botticellis og Leonardos da Vinci í tíu ár. Þar fann hann leyndar vísbendingar sem bentu til Íslands og einnar helstu perlu bókmenntanna, Hins guðdómlega gleðileiks eftir Dante. Þrotlaust starf fullvissaði hann um að í þessum verkum fælust skilaboð um að leyndardómum, ef til vill frá frumkristni, hefði verið komið fyrir á Íslandi á tólftu öld. Allar vísbendingar fræðimannanna benda á einn stað við ána Jökulfall á Kili. Fjöldi leiðangra á staðinn með jarðfræðingum og fornleifafræðingum sem hafa mælt staðinn leiða í ljós að undir yfirborði kunni að vera hvelfing. Kompás rekur sig í gegnum ævintýralegar tilgátur og kenningar sem helst má líkja við da Vinci lykil Dans Brown.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Danska keisaraynjan
Sjónvarpið kl. 21.15

Dönsk heimildarmynd um Dagmar Danaprinsessu, dóttur Kristjáns IX og Lovísu drottningar, sem fæddist árið 1847 og dó 1928. Dagmar giftist stórfurstanum Alexander, varð keisaraynja í Rússlandi, tók sér nafnið Maria Fjodorovna og varð virt og vel liðin stórfurstafrú og síðar keisaraynja. Eftir fráfall keisarans lét hún lítið fyrir sér fara og bjó í Anitsjkoff-höll í Pétursborg þangað til byltingin braust út 1917 og lenti hún í ýmsum hremmingum í kjölfar hennar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.45 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Heima er best
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stef
15.03 Útvarpssagan: Færeyingar
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Hundur í útvarpssal
21.00 Í heyranda hljóði
22.10 Veðurfregnir
22.15 Fimm fjórðu
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

15.25 Þristurinn
16.00 Hollyoaks (81:260)
16.30 Hollyoaks (82:260)
17.00 The George Lopez Show (21:22)
17.30 Johnny Zero (7:13)
18.15 Ren & Stimpy
18.35 Ren & Stimpy
19.00 Hollyoaks (81:260)
19.30 Hollyoaks (82:260)
20.00 The George Lopez Show (21:22)
20.30 Johnny Zero (7:13)
▶ **21.15 Ren & Stimpy** Ren er taugatrekktur smáhundur (chiuahua) og Stimpy er feitlaginn og vitgrannur köttur. Saman lenda félagarnir í hinum ótrúlegustu ævintýrum sem eru ekki fyrir viðkvæma.
21.35 Ren & Stimpy
22.00 Side Order of Life (10:13)
22.45 Crossing Jordan (6:17)
23.30 Þristurinn
00.05 Janice Dickinson Modelling Agency
00.50 E-Ring (20.:22)
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn Jónsson er sestur í gestgjafastólinn í myndveri ÍNN. Hann tekur á málefnum líðandi stundar af alkunnri röggsemi.
20.30 Kötturinn í sekknum Lilja Þórisdóttir hefur sett neytendamálin á oddinn. Gestir Lilju eru þær Kristín Einarsdóttir frá Neytendasamtökunum og Sigrún Helgadóttir frá Landvernd.
21.00 Íslensku vigtarráðgjafarnir Þú ert það sem þú borðar. Íslensku vigtarráðgjafarnir leiða okkur í allan sannleika um það.
21.30 Til heimabrúks Þórhildur Þorleifsdóttir spjallar við gesti sína um menningarpólitísk málefni og veltir upp ýmsum afar áleitnum spurningum

DR 1

11.35 Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens Detektiver **12.50** Ildsjæle - Den legende skole **13.20** DR Explorer **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Robotboy **15.45** Julie **16.15** Den lille Julemand **16.30** Jul i Svinget **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Søren Ryge - 1000 engle og nisser **19.00** Hammerslag på Frederiksberg **19.30** Filmtricks - hundrede år med Nordisk Film **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Northanger Abbedi **22.30** Forræderi og sammensværgelser **0.10** OBS

NRK 1

11.00 NRK nyheter **11.10** Mission integration **11.40** Grosvold **12.20** Faktor: Terje Hauge ... blåser på toppene **12.50** Billedbrev fra Europa: Granada **13.00** Skjergardsdokteren **14.00** Supermusikk **14.30** Ghost Trackers **15.00** Absalons hemmelighet **15.30** Duck Dodgers **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Veterinær på safari **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barnas superjul **17.30** KatjaKaj og BenteBent **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** En naturlig helaften **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extratrekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Heroes **23.00** Shattered Glass **0.30** Kulturnytt **0.40** Autofil jukeboks **2.00** Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

11.00 Rapport **11.05** Argument **13.05** Festivitetssalongen **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.30** Annes trädgård **17.00** BoliBompa **17.10** Småkryp **17.20** Krig och kakor **17.30** Julkalendern: En riktig jul **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Toppform **21.00** Snillen spekulerar **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** 28 Dagar **0.00** Grotesco

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Vindaloo á Austurlandahraðlestinni klikkar ekki. Nautakjötssalatið á Krua Thai er líka mjög öflugt, eins og karríkjúklingurinn á Maður lifandi. Annars er það sviðakjammi úr Melabúðinni, hann er bestur þar.“

Einar Valur Scheving tónlistarmaður.

Erró hrærður og gefur aftur 50 listaverk

Listamaðurinn Erró hyggst endurtaka leikinn frá því fyrir nokkru og gefa þeim fimmtíu fyrstu sem kaupa bókina Erró í tímaröð: Líf hans og listir eftir Daniellu Kvaran, handþrykkt grafíkverk, tölusett og áritað af honum sjálfum. „Þetta verður á miðvikudaginn í verslun Máls og menningar á Laugaveginum og hefst bara um leið og verslunin opnar,“ segir Ingþór Ásgeirsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs hjá Pennanum.

Eins og Fréttablaðið greindi frá myndaðist síðast sjötíu manna röð og fengu færri verk en vildu. Að sögn Ingþórs var listamaðurinn djúpt snortinn yfir þessum viðtökum og vildi ólmur senda fleiri eintök til að gefa. „Þetta er sama verk og var síðast. Það voru prentuð tvö hundruð og átti að nota þau næstu árin en nú eru fimmtíu verk farin og fimmtíu verk væntanleg,“ útskýrir Ingþór og segir að það sé varla amalegt að fá verk eftir Erró upp á vegg hjá sér fyrir lítinn pening.

Erró greindi nýverið frá því í sunnudagsblaði Morgunblaðsins að hann hefði selt verk hjá Sotheby's fyrir áttatíu milljónir íslenskra króna en bók Daniellu um listamanninn var nýlega tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðibóka.

- fgg

DJÚPT SNORTINN Listamaðurinn vildi endilega fá að gefa fleiri verk eftir að biðröð myndaðist síðast og færri fengu en vildu.



LÁRÉTT
2. ventill **6.** íþróttafélag **8.** saur **9.** gubb **11.** guð **12.** dans **14.** marðardýr **16.** bókstafur **17.** fiskur **18.** tímabils **20.** bor **21.** hvæs.

LÓÐRÉTT
1. ómögulegur **3.** pot **4.** borðflaska **5.** svelgur **7.** hreykijárn **10.** angra **13.** augnhár **15.** slæma **16.** þukl **19.** sjó.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lokí, **6.** fh, **8.** tað, **9.** æla, **11.** ra, **12.** rúmba, **14.** jarfi, **16.** ká, **17.** áll, **18.** árs, **20.** al, **21.** fnæs.

LÓÐRÉTT: 1. órær, **3.** ot, **4.** karafla, **5.** iða, **7.** hlújárn, **10.** ama, **13.** brá, **15.** illa, **16.** káf, **19.** sæ.

JÚLÍUS ÞÓR JÚLÍUSSON: RÍKIÐ VERÐUR AÐ SKERAST Í PÓKERLEIKINN

Stóraukinn áhugi á póker í kjölfar aðgerða lögreglu

Áhugi á póker og eftirspurn eftir pókermótum hefur aukist eftir að lögreglan lokaði á Gismo-pókermótið fyrr á þessu ári. Heilmikill iðnaður er rekinn í kringum þessa tegund spila hér á landi og geta áhugasamir og forvitnir nálgast pókerpeninga og -spil auk fræðsluefnis í formi bóka og mynddiska hjá spilaverslunum. Skelfilegt ástand sem á bara eftir að versna segir framkvæmdastjóri SÁS, samtaka áhugafólks um spilafíkn.

Verslunareigendur reikna með aukinni sölu á pókertengdum varningi um jólin og telja mikið æði vera í gangi. „Salan á pókerpeningum jókst mikið í sumar og hefur síðan þá haldist nokkuð stöðug,“ segir Þórarinn St. Halldórsson hjá spilaverslun Magna. Hann sagði fullvíst að hún ætti eftir að aukast þegar nær drægi jólum og taldi sig merkja að menn keyptu dýrari sett í harða pakkann, en slíkar græjur kosta ekki undir tuttugu þúsund krónum. Undir þetta tók Jón Gunnlaugur Viggósson hjá verslun.is sem einnig selur pókervörur af öllum stærðum og gerðum. Hann hugðist fara að flytja inn þar til gerð pókerborð eftir áramót og taldi vera góðan markað fyrir slíku. Sindri Lúðvíksson hjá versluninni gismo.is sem hélt pókermótið í sumar sagði að eftir alla umræðuna um póker á Íslandi hefði áhuginn stóraukist. „Þetta er bara sama bylgja og er í gangi á hinum Norðurlöndunum,“ segir Sindri. Hann bendir einnig á útsendingar frá stórmótum á sjónvarpsstöðinni Sýn sem njóti mikilla vinsælda auk kennslu í þessum fræðum á sjónvarpsstöðinni CNBC en hún er í boði hjá bæði áskrifendum að breiðbandi Símans og Digital Ísland.

Júlíus Þór Júlíusson, framkvæmdastjóri SÁS, sagði þetta vera skelfilega þróun og að stjórnvöld væru værukær í kringum þennan vanda sem enn ætti þó eftir að koma upp á yfirborðið af fullum krafti. „Við höfum fengið mikið af óskum eftir hjálp á undanförnum vikum og finnum fyrir töluverðri aukningu,“ segir Júlíus sem hryllir við þeirri tilhugsun að menn fá tæki og tól til pókers í jólagjöf. Júlíus er sannfærður um að spilafíkn af hvaða tagi sem er eigi eftir að verða eitt stærsta félagslega vandamálið innan örfárra ára. „Ballið er bara rétt að byrja og ríkið verður að fara að skerast í leikinn,“ segir Júlíus.

freyrgigja@frettabladid.is

GLÆSILEG SETT TIL SÖLU Hægt er að kaupa pókersett frá þrjú þúsund krónum og upp í þrjátíu þúsund. Þórarinn St. Halldórsson hjá spilaverslun Magna segist hafa fundið fyrir auknum áhuga á pókervarningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓKST Í KJÖLFAR GISMO-MÓTSINS Sindri Lúðvíksson segir að áhugi á póker hafi aukist eftir að lögreglan lokaði Gismo-mótinu fyrr í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALVARLEGT ÁSTAND Júlíus Þór Júlíusson hryllir við að menn gefi tæki og tól til fjárhættuspila í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsparið **Helgi Seljan** úr Kastljósinu og **Katrín Rut Bessadóttir** úr Íslandi í dag eignaðist fyrsta barn sitt um helgina. Þau eignuðust litla stúlku sem var 53 sentimetrar og annaðhvort 15 eða 16 merkur, eftir því hvort þeirra segir frá. Helgi sagði í samtali við Fréttablaðið að öllum í fjölskyldunni heilsaðist vel, en þónokkurrar þreytu gætti þó því næstum þrír sólarhringar liðu frá því að Katrín fór upp á fæðingardeild þar til stúlkan kom í heiminn.

Forsjálir eru þegar farnir að huga að áramótagleðinni og eru þeir partíboltar hjá pose.is, sem löngum voru kenndir við Fazmó, þar engin undantekning. **Hallgrímur Andri Ingvarsson** og **Ingvar Þór Gylfason** héldu áramótagleði fyrir ári og seldu grimmt inn á Pravda dýrum dómum og fylltu kofann og vel það. Nú hafa þeir tryggt sér Apótekið til hinna miklu gleðiláta sem í vændum eru. Þótt húsnæðið sé að þeirra mati betra en var fyrir ári verða aðeins útvaldir á staðnum því einungis verða boðsmiðar í gangi. Því má búast við að þeir piltar verði vinsælli en nokkru sinni það sem eftir er árs.

Aðdáendur útvarpsmannanna **Andra Freys Viðarssonar** strigakjafts og **Búa Bendtsen** í Capone á Reykjavík FM urðu felmtri slegnir þegar þeim mætti ekkert annað en þögnin í gærmorgun þegar kveikt var á viðtækjunum. Skerandi þögn, dauði í loftinu, mun Andri Freyr hafa sagt en í ljósi sögunnar, útvarpsreksturs á brauðfótum, bjuggust ýmsir við því versta: að búið væri að kippa stöðinni úr loftinu endanlega. En við nánari eftirgrennslan kom á daginn að sendir hafði fokið í rokinu og lá niðri.

- hdm/jbg

RÚV fær sínar þrjár milljónir

„Tilboðið kom nokkrum dögum eftir að formlegri leit var lokið. Það er innan allra þeirra marka sem við settum okkur í upphafi,“ segir Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV ohf., en sextíu sekúndna auglýsingahléið sem verður í miðju Áramótaskaupinu hefur verið selt hæstbjóðanda. Þorsteinn vildi ekki gefa upp hver kaupandinn var né hversu mikið hann greiddi en samkvæmt fyrri yfirlýsingum úr Efstaleitinu var auglýsingatíminn ekki falur fyrir minna en þrjár milljónir. Þorsteinn segir að þeir hafi fengið það sem þeir vildu en meira vildi hann ekki tjá sig um málið.

Hann staðfesti þó að auglýsingin væri íslensk og að hún yrði frumsýning. „Við gerðum miklar kröfur um gæði og að hún yrði bæði innlend og að um frumsýningu væri að ræða,“ segir Þorsteinn sem útilokar ekki að sami háttur verði hafður á að ári. „Ef vel tekst til,“ bætir Þorsteinn við.

- fgg

FENGUM ÞAÐ SEM VIÐ VILDUM Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV, segir að sextíu sekúndna auglýsingahlé í Áramótaskaupinu sé selt. Uppsett verð var ekki undir þremur milljónum króna.

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

Jóladressið hefur aldrei kostað jafn lítið

Jakkaföt
- 8 mismunandi litir
- stærðir 42 til 64

Líka í Reykja-nesbæ

Skyrta
Bindi
Belti
Skór
3 pör af sokkum

14.990,-

Nýjar vörur komnar í hús

Smart að spara – Outlet 10

Faxafeni 10

Opið alla daga til jóla frá 11 til 22

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Jólagíraffinn er ekki til

Ég hef ánægju af því að ráða ráðum mínum við jólasveinana og sjá til þess að sandalinn sem sonur minn hefur sett upp í glugga innihaldi gjafir á hverjum morgni fram að jólum. Í minni barnæsku var ég svo heppin að eftir að jólasveinarnir voru allir komnir til byggða fóru áramótapúkarnir að streyma að með sekki fulla af skemmtilegum gjöfum; sá síðasti sem kom var brennupúkinn sem laumaði hurðasprengjum í skóinn á þrettándanum. Við frændsystkinin hljótum öll að hafa verið með afbrigðum stillt því ég veit ekki um önnur börn en okkur sem púkarnir hafa talið nauðsynlegt að gleðja eftir að sjálf jólahátíðin var gengin í garð.

ÞÓ að ég hafi svolítið gaman af ofgnótt og gjöfum í tilefni jólanna er ég samt pínu sár yfir því að ein af nýju erlendu leikfangabúðunum á landinu hafi náð að planta þeirri hugmynd í son minn að til sé jólagíraffi að nafni Geoffrey. Barnið spurði mig fyrir skömmu hvenær von væri á jólagíraffanum til byggða en ég ákvað að fara að dæmi séra Flóka Kristinssonar og svaraði kuldalega: „Jólagíraffinn er ekki til. Hann er bara notaður til þess að fá börn til að sníkja gjafir af foreldrum sínum.“

JÓLASVEINARNIR sem heimsækja son minn eru mun gjafmildari en þeir voru í bernsku minni. Þeir hafa til dæmis aldrei gefið mandarínu þegar ísskápurinn er fullur af slíkum ávexti. Þetta finnst mér samt í lagi, velmegunin hefur aukist frá því á níunda áratugnum og eðlilegt að jólasveinar taki tillit til þess. Það angrar mig samt svolítið að heyra af því að nokkrir sveinar hafi tekið upp á þeim óskunda að gefa börnum tölvuleiki í skóinn. Sérstaklega þar sem varla virðist koma til greina að bjóða upp á annað en fólskulega skot- eða bílaleiki sem virðast aðallega ganga út á að myrða löggur og vændiskonur með köldu blóði.

ÉG trúi því ekki að jólasveinarnir sé alltaf meðvitaðir um hvað þeir eru að gefa börnunum. Sé þá fyrir mér græskulausa að ræða við bólugrafna starfsmenn í tölvuleikjadeildum verslana í leit að vinsælustu leikjunum. Í sakleysi sínu koma þeir svo út með háþróaða morðherma. Í hugskotsjónum sé ég börn nútímans rifja upp þær tilfinningar sem kveiktu hjá þeim sanna jólatilfinningu ásamt eldra fólki. Afinn mun minnast ilms af eplum en afkvæmið fyrsta löggumorðsins í leikjatölvunni. Mér finnst lykt af eplum betri.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 18. desember, 352. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.19	13.24	15.29
Akureyri	11.35	13.09	14.43

Heimild: Almanak Háskólans

HARÐIR PAKKAR FRÁ NÝHERJA

Canon EOS 400D
18-55mm linsa - 1GB minniskort - taska

Myndavélin sem hefur slegið í gegn hjá áhugasömum ljósmyndurum. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felast í skörpum og hreinum myndum.

Verð: **84.900 kr.**

Canon Pixma MP970

MP970 er toppurinn í fjölnota prenturum og er hannaður fyrir áhuga- og atvinnuljósmyndara. Prentar, einnig á CD/DVD diska, ljósritar og skannar. Náðu hámarks gæðum með sjö blekhylkjum eða einfaldlega settu 35mm filmuna á stafrænt form.

Verð: **32.900 kr.**

Canon DC220

DC220 breiðtjaldsupptökuvélin tekur beint á DVD disk sem þú getur horft á í DVD spilaranum eða í tölvunni andartökum síðar. Tekur auk þess kyrrmyndir. 35x optical zoom linsa, framsýnir eiginleikar til að stjórna vélinni og þá er hægt að geyma allt að 108 mínútur af efni á einum Dual Layer disk.

Verð: **49.900 kr.**

My Book 500 GB flakkari

Stílhreinn flakkari með 500GB hljóðlátum hörðum disk. Ekkert vesen, setur hann í samband og byrjar strax að setja kvikmyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar inn á hann. Hugbúnaður frá Google fylgir.

Verð: **18.900 kr.**

Canon Ixus 70

Hönnun Ixus 70 er stórglæsileg. 7.1 megapixla myndflaga og ein vinsælasta myndavélin á markaðinum í dag. Búin leiðandi tækni frá Canon sem skilar afköstum er jafnast á við ómótstæðilegt útlit.

Verð: **29.900 kr.**

Bose SoundDock Portable

SoundDock Portable ferðahljómtækið býr yfir öllum kostum SoundDock. Að auki færðu endingargóða lithium hleðslurafhlöðu sem gerir þér kleift að taka tækið með hvert sem er. Á SoundDock Portable er tengi þar sem hægt er að tengja annan búnað, s.s. tölvur og geislaspilara.Vögguna fyrir iPodinn er hægt að fella inn í tækið. Hægt að fá sérhannaða tösku til að auðvelda flutning.

Verð: **49.900 kr.**

Lenovo ThinkPad R61

Traustar, krafmiklar og góðar fartölvur sem endast og endast.

Verð: **159.900 kr.**

NÝHERJI

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | www.nyherji.is